

Kyrrð við Vífilstaðavatn Litir haustsins spegluðu sig í Vífilstaðavatni í gær. Samkvæmt Veðurstofunni skiptast á skin og skúrir á höfuðborgarsvæðinu næstu daga. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Tollgæsla á Seyðisfirði. MYND/STÖÐ 2

Segist saklaus af fíkniefnasmygli

LÖGREGLUMÁL „Skjólstaðingur minn lýsir yfir sakleysi sínu. Hann hefur aldrei komist í kast við lögin og veit ekkert hverjir hinir einstaklingarnir eru,“ segir Hólmgeir Elías Flosason, verjandi eins þeirra sem grunaðir eru um að vera viðriðnir innflutning á tugum kílóa sterkra fíkniefna.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefði lagt hald á efnin síðastliðinn mánudag, en þau fundust í bíl sem kom til landsins með Norrænu 22. september síðastliðinn.

Tollverðir á Seyðisfirði leituðu í bílnum eftir að fíkniefnahundur tollgæslunnar sýndi honum athygli. Engin efni fundust þó í bílnum við leitina. Lögreglan lagði hald á efnin viku síðar eftir að hafa fylgst með bílnum.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru efnin sem um ræðir kókaín og amfetamín.

Tveir Íslendingar og tveir Hollendingar á þritugs- og fertugsaldri sitja í gæsluvarðhaldi vegna málsins. — **ngy/ sjá síðu 6**

Beingreiðslur til bænda án eftirlits um fjölda áa

Sauðfjårbændur þurfa aðeins að halda sjötíu prósent þeirra kinda sem ríkið borgar þeim fyrir til að fá fulla greiðslu. Skortir ekki kjöt, útskýrir landbúnaðarráðherra. Ekkert eftirlit er með búfjárskýrslum bænda til Matvælastofnunar.

LANDBÚNAÐUR Sauðfjårbændur þurfa einungis að hafa 70 prósent sauðfjå á vetrarfóðrum til að fá allar beingreiðslur fyrir þau ærgildi sem þeir eiga. Ekkert eftirlit er með því hvort bændur gefi upp rétta tölu sauðfjå hjå sér.

Sauðfjårræktandi með 500 ærgildi þarf því aðeins að hafa 350 kindur á vetrarfóðrum til að fá að fullu greitt fyrir þau ærgildi sem hann á. Ríkið greiðir sauðfjårbændum um 2,5 milljarða árlega fyrir að halda sauðfé.

Sigurður Ingi Jóhannsson landbúnaðarráðherra undirritaði reglugerð þess efnis í vikunni. Hann segir hlutfallið hafa haldist óbreytt milli ára.

„Ástæða þess að engin breyting er núna á ásetningarhlutfallinu er að það er ekki skortur á kjöti. Við hækka-

2,5 milljarðar

króna renna árlega úr ríkissjóði til að greiða bændum fyrir að halda sauðfé.

Við höfum ekki farið í ferðir til

þeirra sem eru búnir að skila inn búfjárskýrslu til að sannreyna upplýsingar þeirra.

Sverrir Sverrisson, sérfræðingur hjå Matvælastofnun



uðum hlutfallið fyrir nokkrum árum þegar leit út fyrir skort á lambakjöti. Hins vegar er það ekki raunin í ár og því ákváðum við að halda þessu óbreyttu,“ segir Sigurður Ingi.

Samkvæmt lögum um búfjårhald eiga allir sauðfjårbændur að vera búnir að senda skýrslu um fjölda sauðfjå á fæti hjå sér fyrir 20. nóvember. Matvælastofnun er skylt að fara í eftirlitsferðir til þeirra sem ekki

skila inn skýrslu til að telja sauðfé á kostnað bænda.

Matvælastofnun er jafnframt heimilt að fara í skoðun til sauðfjårbænda til að sannreyna upplýsingagjöf þeirra. Matvælastofnun hefur aldrei frá því ný lög um búfjårhald tóku gildi árið 2013 farið í þessar eftirlitsferðir og treyst bændum fyrir þessu.

Milljarðar króna renna til sauðfjårbænda árlega í formi beingreiðslna án þess að eftirlit sé með því hvort bændur gefi upp rétta tölu sauðfjå hjå sér.

Sverrir Þ. Sverrisson, sérfræðingur hjå Matvælastofnun, segir stofnunina fara í fjölda eftirlitsferða á hverju ári.

„Hins vegar höfum við ekki farið í ferðir til þeirra sem eru búnir að skila inn búfjárskýrslu til að sannreyna upplýsingar þeirra. Við höfum meira verið í því að elta við bændur sem ekki skila inn búfjárskýrslum,“ segir Sverrir. „Ef grunur leikur á að menn séu ekki að fara rétt með í búfjárskýrslum þá skoðum við vissulega slík mál.“ **sveinn@frettabladid.is**

Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Tryggvi Gíslason skrifar um kynferði dómara. **12-13**

SPORT Yfir 100 erlend mörk. **14**

MENNING Leikverkið Lokaæfing fær tvær stjörnur. **21**

LÍFIÐ Hljómsveitin Simply Red heldur tónleika í Laugardalshöll. **24-26**

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK • BÍLAR

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

365.is
Sími 1817

365

FÁRÁNLEGA FLOTTUR PAKKI


Með því að greiða 1.990 kr. aukalega færðu **endalaust tal og 1 GB í GSM.**

FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT á 365.is

SKEMMTIPAKKINN

9.290 kr.
Aðeins 310 kr. á dag

Veður



Suðaustan 5-10 m/s og lítills háttar rigning eða skúrir víðast hvar, en rofar til á norðanverðu landinu síðdegis. Hiti 4 til 12 stig, hlýjast norðaustanlands. **SJÁ SÍÐU 18**



Fokker-vélar ódýrar en á leið úr landi

FERÐAÞJÓNUSTA Flugfélag Íslands er ekki byrjað að selja Fokker-flugvélar sínar fimm en stefnt er að því að skipta þeim út fyrir Bombardier Q400 vélar innan tíðar.

„Þær eru enn í notkun hjá okkur og verða þar til hinar vélar komu. Þannig að þær verða hjá okkur að minnsta kosti fram á vor,“ segir Árni Gunnarsson, framkvæmdastjóri Flugfélags Íslands.

Framleiðandi Fokker-véla varð gjaldþrota árið 1996. Flugvéluum, sem eru 25 ára, hefur þó verið sinnt með varahluti og viðhald. „Það var kominn tími á það að skipta um týpu og þá ákváðum við að fara í Bombardier. Við höfum undanfarið tíu ár verið með minni útgáfu af þeirri vél og höfðum haft góða reynslu af þeim. Það lá því beint við að taka stærri útgáfa sem er rúmlega sjötíu sæta vél,“ segir Árni.

Markaðsverðið fyrir Fokker er ekki hátt en Árni segir FÍ geta losað sig við þær þegar þar að komi. Félagið seldi eina Fokker-vél á síðasta ári en Árni vill ekki gefa upp hvað fékkst fyrir hana. „Markaðsverð á svona vélum er kannski í kringum eina til tvær milljónir dollara. Ef við orðum það þannig.“

Í fréttatilkynningu frá flugfélaginu í júlí sagði: „Heildarfjárfestingin mun hækka heildareignir Icelandair Group samstæðunnar um 25 milljónir dollara, að teknu tilliti til söluverðs allra fimm Fokker 50 flugvéla Flugfélags Íslands.“ – snæ

Skál á spítalanum



Mjólkursamsalan stefnir að því að safna 15 milljónum króna til tækjakaupa fyrir Landspítalann með sérstöku átaki þar sem 30 krónur af hverjum seldum lítra af D-vítamínþættri mjólk renna til málefnsins. Ætlunin er að bæta tækjabúnað og starfsaðstöðu á bæklunarskurðeild Landspítalans. Fulltrúar MS og Landspítalans skáluðu í mjólk við upphaf söfnunarinnar í gær. **FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK**

Framlag ekki jafngilt skatti

EFNAHAGSMÁL InDefence-hópurinn vill að sýnt verði fram á að greiðsla 334 milljarða stöðugleikaframlags sem slitastjórnir föllnu bankanna hafa lagt til sé jafn hagstætt fyrir íslenskt þjóðarþú og greiðsla stöðugleikaskatts sem skila átti 690 til 850 milljörðum króna samkvæmt kynningu stjórnvalda síðasta sumar.

Í bréfi sem InDefence hefur sent efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis er bent á að samkvæmt stöðugleikaskilyrðum fái kröfuhafar að taka a.m.k. 500 milljarða króna úr landi á næstu árum en ekki sé kveðið á um slíkt samhliða greiðslu stöðugleikaskatts.

„Það er því rangt að fullyrða að stöðugleikaskatturinn og stöðugleikaframlagið séu jafngildar leiðir út frá hagsmunum heimila,“ segir í bréfinu. – ih

Ekki framseld þótt hún yrði sakfelld í Debrecen

Íslenskur læknir, grunaður um morðtilraun í Ungverjalandi, segir að um sviðsettan glæp sé að ræða. Konan starfar hér á landi. Verjandi segir rannsókninni vera ábótavant. Íslenskir ríkisborgarar eru ekki framseldir til annarra landa.

DÓMSMÁL Íslensk kona sem er ákærð fyrir morðtilraun í Ungverjalandi segir að málið hafi haft áhrif á hana á allan mögulegan hátt. Hún eigi erfitt með vinnu og að sinna fjölskyldu sinni.

Konan er á fertugsaldri og er starfandi læknir hér á landi. Hún var í læknisnámi í Debrecen, næststærstu borg Ungverjalands, árið 2012 þegar atvikið átti sér stað sem síðar leiddi til ákæru á hendur henni. Samkvæmt ungverskum fjölmiðlum er henni gefið að sök að hafa byrjað nigerískri vinkonu sinni svefnlyf og barið hana í höfuðið með hamri. Konan vísar þessu alfarið á bug.

„Hún í rauninni telur að þarna hafi verið sviðsettur glæpur. Það er ekki um að ræða höfuðkúpubrot í þessu máli. Þarna er um að ræða, að mér skilst, nokkur spor í höfuðið og það eru áverkar sem umbjóðandi minn telur að fórnarlambið svokallaða hafi valdið sér sjálf,“ segir Ingibjörg Ólöf Vilhjámsdóttir, verjandi konunnar.

„Þetta er hið hræðilegasta mál í raun og veru. Hún er ásökuð um mjög alvarlegan glæp sem hún segir sjálf að hún hafi ekki framið. Þannig að eðlilega er hún í miklu uppnámi, þetta er mjög alvarlegt mál.“

Ingibjörg segir að rannsókn málsins ytra sé ábótavant. Konunni hafi hingað til gengið illa að koma sinni hlið málsins á framfæri við stjórnvöld. Þá hafi sönnunargögnum sem hún hafi reynt að koma á framfæri ekki verið gefinn gaumur og sýni, sem hefðu verið tekin í sambærilegu máli hér á landi, ekki verið tekin.

„Það átti að dæma í málinu í síðasta mánuði en eftir að ungversk yfirvöld komust á snodir um það að íslensk yfir-



Háskólinn í Debrecen þar sem íslenskur læknir stundaði nám. **NORDICPHOTOS/GETTY**

●● **Þarna er um að ræða, að mér skilst, nokkur spor í höfuðið og það eru áverkar sem umbjóðandi minn telur að fórnarlambið svokallaða hafi valdið sér sjálf.**

Ingibjörg Ólöf Vilhjámsdóttir, lögmaður



völd vissu af málinu þá var því frestað,“ segir Ingibjörg. Aðspurð hvers vegna hún telji að svo sé segir hún: „Það er góð spurning. Ég held að það sé svona spurning um að leggja saman einhverjar tölur þarna. Það styður það sem hún segir að þarna er einhver undarleg málsmeðferð í gangi.“

Konan er starfsmaður Heilbrigðisstofnunar Suðurlands (HSU). Henni hefur nú verið veitt leyfi frá störfum. Samkvæmt 2. gr laga um framsal sakamanna má ekki undir neinum kringumstæðum framselja íslenska ríkisborgara. Fari svo að konan verði dæmd í Ungverjalandi á hún því ekki á hættu að vera send þangað til að afplána dóminn. Vafi ríkir um hvort hún myndi yfirhöfuð afplána neinn dóm.

Fyrirtaka í málinu fer fram í nóvember á undirdómstigi sem svipar til hér- aðsdóms hér á landi.

snæros@frettabladid.is



NÁM Í TÖLVUVIÐGERÐUM

Næstu námskeið byrja 12. og 13. október

- Þetta vinsæla námskeið er fyrir þá sem vilja starfa við tölvuviðgerðir, uppfærslur og endurbætur.
- Námskeiðið er verklegur undirbúningur fyrir A+ gráðurnar frá CompTIA.
- Frábært skref inn í tækniheiminn.

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN
HLÍÐASMÁRA 9 : KÓPAVOGI : SÍMI 544 4500 : NTV.IS

ntv

Audi
Vorsprung durch Technik



Nýr Audi Q7



Sterkur, tímalaus og einstakur

Nýr og tilkomumikill Audi Q7 er einstakur hvað varðar aksturseginnleika og upplýsingakerfi ásamt því að vera í fremstu röð þegar kemur að aðstoðarkerfum fyrir ökumann. Hann leggur meðal annars í stæði, bakkar með kerru og keyrir sjálfur í umferðaröngþveiti. Nýr Audi Q7 er búinn fullkomnu quattro® fjórhjóladrifi. Hann er sterkur og stæðilegur lúxusjeppi en 325 kílóum léttari og 26% eyðslugrenni en áður.



Ólíkt fyrri árum fór Háslón ekki á yfirfall í sumar. MYND/LANDSVIRKJUN

Hætta við skömmun

ORKUMÁL Landsvirkjun hyggst draga til baka boðaðar takmarkanir á afhendingu rafmagns til viðskiptavina í ljósi bættrar miðlunarstöðu eftir mikið innrennsli í lón í september.

Staða í miðlunum fyrirtækisins í lok ágúst var slæm, sérstaklega í Háslóni. Þá tilkynnti Landsvirkjun viðskiptavinum með mánaðar fyrirvara að líklega þyrfti að nýta ákvæði í samningum og draga úr raforkuframboði í vetur.

Heildarmiðlunarforði Landsvirkjunar stendur nú í rúmum 93 prósentum. Lón á Þjórsársvæði standa nú í 91 prósent. Fylling Blöndulóns er 75 prósent. Fylling Háslóns er 95 prósent. – shá

Tólf ekki enn komin í skóla

MANNRETTINDI Útlendingastofnun óskaði ekki eftir þjónustu frá Hafnarfirði vegna hælisleitenda í nýrri móttökustöð í Bæjarhrauni þar til 1. október.

Enn biða tólf börn sem hafa stöðu hælisleitenda eftir skólavist í Hafnarfirði. Fimm börn hófu skólagöngu í Reykjavík eftir að Útlendingastofnun sá að sér og sótti um vist fyrir börnin. Stofnunin hafði látið hjá líða að sækja um skólavist fyrir börnin þrátt fyrir ítrekaðar áminningar frá lögfræðingi Rauða krossins og Umboðsmanni barna.

Haraldur L. Haraldsson, bæjarstjóri í Hafnarfirði, segir að Útlendingastofnun og Hafnarfjarðarbær hafi ekki samning um þjónustu en stefnt sé að því að börnin geti hafð skólagöngu innan fárra daga.

„Útlendingastofnun kemur ekki beinlínis að skólagöngu barnanna, túlkamál og annar stuðningur kemur því í hlut skólanna sjálfra. Stofnunin mun aftur á móti vinna með skólunum í að koma þessum atríðum í réttan farveg auk þess að standa straum af mestum eða öllum kostnaði við skólagöngu barnanna,“ segir Skúli Á. Sigurðsson, verkefnastjóri hælissviðs hjá Útlendingastofnun. – kbj



Baráttufundur SFR, SLFÍ og LL um bætt kjör var í Háskólabíói um miðjan september. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Fundur í dag hjá ríki og BSRB

Draga kann til tíðinda í deilu þriggja stærstu félaga BSRB við ríkið á fundi í dag. Undirritun fyrirbyggjandi samnings við SGS og Flóann var frestað. Nái BSRB-félögin ekki samningi hefst verkföll í næstu viku.

KJARAMÁL Undirritun kjarasamninga Starfsgreinasambandsins (SGS) og Flóabandalagsins við ríkið sem fara átti fram í gær var frestað þangað til á morgun að beiðni ríkisins. Heimildir blaðsins herma að frestinun eigi rót sína í þeirri vinnu sem á sér stað á vettvangi svonefnds SALEK-hóps þar sem unnið er að því að ná „heilðstæðri niðurstöðu“ þar sem undir séu allir samningar ríkisins við stéttarfélag.

A meðan samningur SGS og Flóans hefur legið fyrir í rúma viku, er kjaradeila þriggja stærstu félaga BSRB strand og búið að boða verkföll sem að óbreyttu hefst í lok næstu viku. Fundur hefur hins vegar verið boðaður hjá BSRB félögunum þremur, SFR – stéttarfélagi í almannþjónustu, Sjúkrliðafélagi Íslands (SLFÍ) og LL (Landssambandi lögreglu-manna), með samninganefnd ríkisins hjá ríkissáttasemjara klukkan tvö í dag. Þegar samninganefndirnar funduðu síðast fyrir viku var staða deilunnar óbreytt og bar enn mikið í milli.

SALEK-hópurinn (Samstarfsnefnd um launaupplýsingar og efnahagsforsendur kjarasamninga) fundaði á föstudag, auk þess sem heimildir blaðsins herma að fundað hafi verið um helgina og í gær. Í hópnum eiga sæti ríkissáttasemjari og fulltrúar samtaka á vinnumarkaði, bæði atvinnurekenda og verkalyðshreyfinga.

Meðal þess sem rætt hefur verið á þessum vettvangi, þar sem að frumkvæði ríkissáttasemjara hefur síðustu vikur verið leitað leiða til að innleiða hér nýtt fyrirkomulag kjaraviðræðna að norrænni fyrirmynd, er hvort samræming lífeyrisréttinda milli opinbera og almennavinnnumarkaðarins geti verið hluti af „mjúkri lendingu“ yfirstandandi samningalotu.

Árni Stefán Jónsson, formaður SFR, segir vonir standa til þess að á fundinum í dag leggi ríkið eitthvað meira til málanna en verið hafi á síðustu fundum, sér í lagi í ljósi þess að fyrir liggja samningur ríkisins við Flóann og SGS. Til þess að ná samningum



Árni Stefán Jónsson, formaður SFR, vonast eftir útpili frá ríkinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

við SFR, SLFÍ og LL þurfi hins vegar að ræða við félögin. Að ná niðurstöðu sem einnig feli í sér samræmingu lífeyrisréttinda sé bæði stórt og flókið

viðfangsefni. „Það er mjög erfitt að klára þetta ein, tveir og þrír. En það er ennþá verið að ræða þetta,“ segir hann. olkr@frettabladid.is

Umboðsmaður gagnrýnir Seðlabanka

STJÓRNSÝSLA Umboðsmaður Alþingis telur þörf á að Seðlabankinn, fjármálaráðherra og Alþingi taki afstöðu til þess hvort gera eigi breytingar á fyrirkomulagi athugana og rannsókna vegna ætlaðra brota gegn gildandi reglum um gjaldreyrismál. Þetta kemur fram í bréfi sem umboðsmaður sendi Bjarna Benediktssyni fjármálaráðherra, Má Guðmundssyni seðlabankastjóra og Þórunni Guðmundsdóttur, formanni bankaráðs. Gjaldreyrseftirlit Seðlabankans hefur eftirlit með því hvort reglum sé fylgt.

„Ég hef þá fyrst og fremst í huga að tekin sé afstaða til þess hvort það fyrirkomulag að fela Seðlabankanum að fara með þessi verkefni samhliða almennri stjórnslu við framkvæmd gjaldreyrishaftanna í þeim mæli sem raunin er í dag fullnægi nægjanlega þeim kröfum sem talið er rétt að viðhafa í skipulagi stjórnslu á aðgreiningu verkefna sem meðal annars tekur mið af því að tryggja að fyrir hendi sé nægjan-

leg þekking, reynsla og þjálfun í úrlausn viðkomandi verkefna. Slíkt aðgreiningu verkefna er líka ætlað að treysta grundvöll málefnalegs stjórnslu,“ segir Tryggvi Gunnarsson, umboðsmaður Alþingis, í bréfinu.

Nýlega var greint frá því að sérstakur saksóknari hefði fellt niður rannsókn á meintu gjaldreyrisbrota máli Seðlabanka Íslands eftir þriggja ára málsmeðferð. Átaldi Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri Samherja, seðlabankastjóra fyrir meðferðina á því máli. Umboðsmaður Alþingis segir að Seðlabankinn þurfi að huga betur að því við undirbúning og ákvarðanatöku um athuganir og rannsóknir, og hugsanlega kærur til að lögreglu, að sá lagagrundvöllur sem slíkar ákvarðanatökur byggja á séu fullnægjandi. Eins og sjá megi af tilurð og breytingum á lagaákvæðum og reglum um gjaldreyrismál er ljóst að Seðlabanki Íslands hefur haft verulega aðkomu að undirbúningi þeirra. – jhh

Ég hef þá fyrst og fremst í huga að tekin sé afstaða til þess hvort það fyrirkomulag að fela Seðlabankanum að fara með þessi verkefni samhliða almennri stjórnslu við framkvæmd gjaldreyrishaftanna í þeim mæli sem raunin er í dag fullnægi nægjanlega þeim kröfum sem talið er rétt að viðhafa í skipulagi stjórnslu á aðgreiningu verkefna.



Tryggvi Gunnarsson, umboðsmaður Alþingis

Frá kr. **134.900** m/morgunmat

Róm

15. október í 4 nætur

Netverð á mann á Marcella Royal m.v. 2 í herbergi.

Skógarhlíð 18 • Sími 595 1000
www.heimsferdir.is

Heimsferðir

Við stöndum vörð um öflug fyrirtæki



Cintamani

Eina tryggingin gegn íslensku veðri er hlýr fatnaður sem kallar á vandaða hönnun og blómlega verslun með útivistarfatnað.



Heimilistæki

Höfuðstöðvar í borginni og sex verslanir víða um land standa tryggan vörð um að íslensk heimili séu vel tækjum búin.



Melabúðin

Ást og umhyggja er það sem þarf til að hverfisverslunin lifi og standi áfram vörð um fjölbreytni mannlífs, vöruframboð og gæði.



Nova

Stærsti skemmtistaður í heimi sendir jákvæða strauma um land allt með því að tryggja þjóðinni hagkvæmari fjarskipti.



Hér er góður staður fyrir þitt fyrirtæki



Ormsson

Krafan um tæknilegt forskot hefur í meira en 90 ár tryggt landsmönnum aðgang að fyrsta flokks gæðavöru og þjónustu.



Rúmfatalagerinn

Til að tryggja lægra verð fyrir heimili landsins þarf góðan lager, stórt vöruhús og rúmgóðar verslanir, bæði norðan heiða og sunnan.



Tékkland

Lyftur, gryfjur og skoðunarbrautir á fjórum starfsstöðvum tryggja að öryggi ökutækja standist skoðun á vegum landsins.



Tölvulistinn

Meira en 50 starfsmenn um allt land standa vörð um heimspekt vörumerki á hagstæðu verði fyrir fólk og fyrirtæki.

Traustsins verðir

Vörður nýtur trausts hjá öflugum íslenskum fyrirtækjum. Áhersla okkar á einföld og þægileg viðskipti er nokkuð sem fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum kunna að meta.

Hafðu samband og fáðu tilboð í tryggingar þíns fyrirtækis.





Tveir Hollendingar komu með bifreiðina hingað til lands með Norrænu þann 22. september síðastliðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fylgst var með hollenska bílnum í nokkra daga

LÖGREGLUMÁL Fólksbíll sem lögreglan lagði hald á síðastliðinn mánudag vegna gruns um að fíkniefni væru í honum var vaktadur af fíkniefnalögreglunni í nokkra daga þar sem hann stóð óhreyfður á bílplani.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefði lagt hald á tugi kílóa af sterkum fíkniefnum sem fundust í bílnum. Fjórir einstaklingar sitja nú í gæsluvarðhaldi vegna málsins. Tveir þeirra eru Íslendingar og tveir Hollendingar. Þeir eru á þrítugs- og fertugsaldri.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru efnin sem um ræðir kókaín og amfetamín og hleypur götuverð efnanna á hundruðum milljóna.

Tveir Hollendingar komu með bifreiðina hingað til lands með Norrænu þann 22. september síðastliðinn.

Tollverðir á Seyðisfirði leituðu í bifreiðinni eftir að fíkniefnahundur tollgæslunnar sýndi bílnum athygli. Engin efni fundust þó í bílnum við leitina og hélt fólkið sína leið.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins gerði tollgæslan lögreglu þó viðvart um að grunur léki á að fíkniefni væru í bifreiðinni. Í kjölfarið vaktadði lögregla bílinn.

Hollendingarnir yfirgáfu bílinn í nokkra daga og stóð hann óhreyfður á bílplani.

Einstaklingarnir fjórir voru

handteknir eftir að Hollendingarnir fóru af stað á bílnum og hittu annan móttakanda efnanna.

Við leit lögreglu í bílnum fundust fíkniefnin. Það má því gefa sér að efnin hafi verið vel falin þar sem efnin fundust ekki við fyrstu leit.

Lögreglan vill ekki veita upplýsingar um málið að svo stöddu vegna rannsóknarhagsmuna. Aldis Hilmarsdóttir, aðstoðaryfirlögregluþjónn á höfuðborgarsvæðinu, sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að um væri að ræða mjög stórt mál á íslenskan mælikvarða.

Þetta er þriðja stóra fíkniefnamálið sem komið hefur upp á Íslandi á stuttum tíma. Tollverðir á Seyðisfirði fundu 80 kílógrömm af MDMA í húsbíl sem kom einnig með Norrænu til Seyðisfjarðar í byrjun september síðastliðins. Hollenskt par situr nú í gæsluvarðhaldi vegna málsins. Bæði málin eru með stærstu fíkniefnamálum sem komið hafa upp hér á landi.

Þá voru hollenskar mæðgur stöðvaðar með tæplega tuttugu kíló af fíkniefnum í Leifsstöð um páskana.

„Skjólstæðingur minn lýsir yfir sakleysi sínu. Hann hefur aldrei komist í kast við lög og veit ekkert hverjir hinir einstaklingarnir eru,“ segir Hólmgeir Elías Flosason, verjandi eins þeirra grunuðu sem ekki var á staðnum við mótöku efnanna.

nadine@frettabladid.is

Bíða í röð eftir gististað í Berlín



Bíða skráningar Hundruð flóttamanna bíða skráningar fyrir utan skrifstofu útlendingamála í Berlín í gær. Yfirvöld í Þýskalandi reikna með að allt að ein og hálf milljón flóttamanna komi til landsins á þessu ári.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Stjórnvöld verða að grípa til aðgerða strax

Samtökunum Þroskahjálp koma niðurstöður rannsókna um verulega skert sjálfræði fólks með þroskahömlun ekkert á óvart. Stjórnvöld verði að grípa til nauðsynlegra aðgerða með lögum og reglum, fjárveitingum og skilvirku eftirliti.

FÉLAGSMÁL „Forræðishyggja og skert sjálfræði er því miður daglegur veruleiki hjá allt of mörgum einstaklingum með þroskahömlun og við höfum barist fyrir því um árabil að við því verði brugðist með víðeigandi hætti og mögulegum úrræðum,“ segir Bryndís Snæbjörnsdóttir, formaður Landssamtakanna Þroskahjálpar, spurð um nýja rannsókn sem sýnir hversu mjög sjálfræði fólks með þroskahömlun er skert og Fréttablaðið sagði frá á föstudag.

Rannsóknin sýnir svart á hvítu að skerðing sjálfræðis nær til allra daglegra athafna, fjármála, búsetu og persónulegra sambanda við aðra.

Bryndís bendir á baráttumál Þroskahjálpar sem er að húsnaði og þjónusta verði aðskilin og að fólk hafi val um með hverjum það býr, en sé ekki skikkað til að búa í þar til gerðu húsnaði „með fólki sem það kærir sig jafnvel alls ekki um að búa með“.

Í desember 2010 var samþykkt á Alþingi reglugerð 1054/2010 um þjónustu við fatlað fólk á heimili. Samkvæmt reglugerðinni á fólk að hafa val um hvar það býr og með hverjum.

„En því miður eru allt of mörg dæmi um að svo sé alls ekki. Okkur finnst því mjög brýnt að skoðað verði hver er framfylgd þessarar mikilvægu reglugerðar og að ríki og sveitarfélög tryggi að fatlað fólk njóti í raun þeirra lagalegu réttinda sem þar er mælt

Leiðarstefið í samningnum er réttur fatlaðs fólks til að lifa sjálfstæðu lífi og fá að taka ákvarðanir um eigið líf. Við eigum enn mjög langt í land með að uppfylla þessi ákvæði.



Bryndís Snæbjörnsdóttir, formaður Þroskahjálpar

fyrir um,“ segir Bryndís og bætir við að í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks sé jafnframt kveðið á um þennan rétt á mjög afgerandi hátt.

„Leiðarstefið í samningnum er réttur fatlaðs fólks til að lifa sjálfstæðu lífi og fá að taka ákvarðanir um eigið líf. Við eigum enn mjög langt í land með að uppfylla þessi ákvæði. Það er alveg ljóst að það þarf að eiga sér stað hugarfarsbreyting í samfélaginu til að þessi markmið samningsins verði uppfyllt,“ segir Bryndís.

„Ráðamenn þjóðarinnar þurfa að viðurkenna þennan rétt og jafnhliða því að tryggja nægilegt fjármagn til þjónustu við fatlað fólk. Fyrir verður

Höfum ekki fullgilt samninginn

- Ísland undirritaði samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (CRPD) 30. mars 2007. Markmið samningsins er að efla, verja og tryggja full og jöfn mannréttindi og grundvallarfrelsi fyrir allt fatlað fólk til jafns við aðra.
- Af þeim 155 aðilum sem undirrituðu samninginn hafa 132 aðilar fullgilt hann. Í þeim hópi eru Danmörk, Svíþjóð og Noregur ásamt flestum öðrum Evrópuþjóðum.
- Alþingi samþykkti hinn 11. júní 2012 framkvæmdaáætlun um málefni fatlaðs fólks. Á grundvelli hennar hefur innanríkisráðuneytið leitt vinnu samstarfsnefndar ráðuneyta við að undirbúa fullgildinguna samningsins.

ekki hægt að uppfylla þessi sjálfsgöðu mannréttindi. Fyrir er alls ekki hægt að líta svo á að manngildi fólks með þroskahömlun njóti viðurkenningar og virðingar í samfélaginu. Þetta þurfa stjórnvöld að horfast í augu við og grípa til nauðsynlegra aðgerða með lögum og reglum, fjárveitingum, stjórnsýsluframkvæmd og skilvirku eftirliti með framkvæmdinni.“
svavar@frettabladid.is

Göngugreining

Vandamál sem göngugreining Flexor getur hjálpað til við að leysa eru til dæmis:

- þreytuverkir og þirringur í fótum
- verkir í hnjám
- sársauki eða eymsli í hælum (hælsþori, „plantar fasciitis“ o.fl.)
- beinhimnubólga
- óþægindi eða verkir í baki og/eða mjöðmum
- verkir í tábergi og/eða iljum
- hásinavandamál
- óþægindi í öklum
- þreytu- og álagsverkir hjá börnum og unglingum

Pantaðu tíma í síma 517 3900

FLEXOR
NÆSTA SKREF

Orkhúsinu / Suðurlandsbraut 34 / 517 3900



BÍLL ÁRSINS 2016 Á ÍSLANDI NÝR VOLVO XC90

Komdu í Brimborg og
reynsluaktu bíl ársins 2016

NÝR VOLVO XC90
VERÐ FRÁ 10.590.000 KR.

MADE BY SWEDEN
VOLVO.IS



Nýr Volvo XC90 markar nýtt upphaf. Ný tækni, ný öryggiskerfi og nýtt útlit. Ný kynslóð Drive-E vélanna gerir þér kleift að njóta spennandi aksturs en með miklu minni eldsneytisnotkun og koltvísyringslosun. Eldsneytisnotkun nýju D5 dísilvélarinnar í blönduðum akstri er 5,8 l/100 km og CO₂ losun er 152 g/km. XC90 er fyrsti billinn sem er byggður með nýrri SPA undirvagns-tækni Volvo. Ytra útlit XC90 er mikilfenglegt og gefur tóninn fyrir komandi kynslóðir Volvo bíla. Aldrei fyrr hefur Volvo hannað innanrymi með jafn miklum lúxus. XC90 er 7 manna og veghæð bílsins er 23,7 cm undir lægsta punkt. XC90 er búinn fullkomnasta öryggis-staðalbúnaðinum á markaðnum. Þar á meðal eru tvær nýjungar sem aldrei hafa verið í boði áður: Annars vegar vörn við útafakstur og hins vegar sjálfvirk bremsa ef beygt er í veg fyrir ökutæki úr gagnstæðri átt. Þessar tækninýjungar sem Volvo heimsfrumsýnir nú, gera Volvo XC90 að einum öruggasta bíl heims og færir fyrirtækið jafnframt skrefi nær markmiði sínu um að frá árinu 2020 muni enginn slasast alvarlega eða láta lífið í nýjum Volvo. Komdu og kynntu þér nýjan Volvo XC90.

GOTT ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA

Skoðaðu úrvalið á
bilaland.is

**ALLT AÐ 90%
FJÁRMÖGNUN**



TÖKUM NOTAÐAN
UPPI NOTAÐAN!
GERÐU FRÁBÆR KAUP!

SUBARU XV
Nýskr. 06.14, ekinn 34 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
Rnr. 283057.

**Glæsilegur bíll
3.990 þús.**



RENAULT CLIO EXPRESSION
Nýskr. 03.15, ekinn 33 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 2.890 þús.
Rnr. 283062.



NISSAN QASHQAI SE
Nýskr. 02.14, ekinn 32 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 4.690 þús.
Rnr. 283056.



HYUNDAI i30 CLASSIC
Nýskr. 05.14, ekinn 35 þús. km.
bensín, beinskiptur.
VERÐ kr. 2.590 þús.
Rnr. 283055.



HYUNDAI i10
Nýskr. 05.12, ekinn 63 þús. km.
bensín, beinskiptur.
VERÐ kr. 1.290 þús.
Rnr. 283059.



HYUNDAI i10 COMFORT
Nýskr. 05.14, ekinn 69 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 1.850 þús.
Rnr. 143020.



TOYOTA AURIS TERRA
Nýskr. 06.14, ekinn 31 þús. km.
dísil, beinskiptur.
VERÐ kr. 2.990 þús.
Rnr. 103123.

bilaland

Kletthálsi 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is



www.facebook.com/bilaland.is



Fatlaðir bíða eftir þjónustu vegna þess að fjárveitingar duga ekki í málaflokkinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Fimm hundruð bíða

Í Reykjavík bíða nærri fimm hundruð fatlaðir eftir stuðningsþjónustu. Af þeim eru þrjátíu og sex prósent metin í mikilli eða mjög mikilli þörf fyrir þjónustu.

MANNRETTINDI Stærstur hluti biðlista eftir þjónustu til fatlaðra er tilkominn vegna skorts á fjármagni. Ekki er hægt að ráða inn starfsmenn til að sinna þjónustunni. Nærri því fimm hundruð fatlaðir einstaklingar eru í bið eftir stuðningsþjónustu í Reykjavík.

Fatlaðir sem eru í mikilli eða mjög mikilli þörf fyrir stuðningsþjónustu eru 36% þeirra sem eru í bið.

Stefán Eiríksson, sviðsstjóri velferðarsviðs, segir þörf á að auka fjármuni í stuðningsþjónustu til að hægt sé að koma til móts við fatlaða sem þurfa á þjónustunni að halda.

Það er reynt að vega og meta í hverju tilviki hvort um sé að ræða lífsnauðsynlega eða mjög mikilvæga þjónustu.

Stefán Eiríksson, sviðsstjóri velferðarsviðs

„Þessi staða í stuðningsþjónustunni hefur verið ljós allt þetta ár, við höfum farið yfir stöðuna í velferðarráði og í borgarráði til að allir séu upplýstir um hana. Þessi þjónusta sem er veitt er af margvíslegum toga, það er reynt að vega og meta í

hverju tilviki hvort um sé að ræða lífsnauðsynlega eða mjög mikilvæga þjónustu.“

Hann segir vandann viðvarandi. Það reynist erfitt að fá starfsfólk til starfa. „Við erum í halla á þessum lið á fyrri hluta árs, það er það sem við okkur blasir. Við höfum ekki annan kost en að forgangsráða og setja fólk í bið.“

Stuðningsþjónusta fatlaðra hefur margs konar markmið, m.a. að koma í veg fyrir félagslega einangrun, bæta samskiptafærni, styðja einstaklinga til sjálfstæðis á heimili og í daglegu lífi. – kbg

ÚTSALA
15-50%
afsláttur af
umgjörðum

FRANZ TIVVA - SA

MJÓDDIN
Sími 587 2123

FJÖRÐUR
Sími 555 4789

SELFOSS
Sími 482 3949

augastaður
Gleraugnaverðunin þín

VEGBÚAR



SÖGURNAR
SEM EKKI
MÁTTI SYNGJA

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

TILBOÐ TIL BYKO KLÚBBSINS

BYKO er einn af máttarstólpum Borgarleikhússins og því býðst vildarklúbbsmeðlimum BYKO 20% afsláttur á allar sýningar í október og nóvember!

FORSALAN ER HAFIN!

EINSTÖK KVÖLDSTUND MEÐ KK

FRUMSÝNING
15. OKTÓBER



ÁSKRIFTARKORT

Fjórar sýningar
að eigin vali á
besta verðinu!

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

MÍÐASALA - 568 8000 - BORGARLEIKHUS.IS



Borgarleikhúsið

Bandaríkjaher biðst afsökunar í Afganistan

Læknar án landamæra segja bandaríska herinn viðurkenna alvarlegan stríðsglæp í samstarfi við afganska herinn. Loftárás á spítala í Kunduz kostaði 23 lífið.

AFGANISTAN Bandaríski herinn segir afganska hermenn hafi óskað loftárásar á sjúkrahúsið í Kunduz um helgina. Áður var fullyrt að bandarískir hermenn hefðu óskað eftir árásinni.

Loftárásin kostaði 23 manns lífið. Tíu þeirra voru sjúklingar á sjúkrahúsinu, sem rekið er af alþjóðlegu lækna-samtökunum Læknar án landamæra, en 13 hinna látnu voru starfsmenn á sjúkrahúsinu. Tugir manna særðust og stór hluti sjúkrahússins er gjörónýtur.

Læknasamtökin segja afgönsk og bandarísk yfirvöld í reynd hafa viðurkennt ábyrgð á stríðsglæp. Þau yfirgáfu Kunduz eftir árásina.

„Læknum án landamæra býður við nýlegum yfirlýsingum frá sumum afgönskum embættismönnum þar sem þeir réttlæta árásina á sjúkrahúsamtakanna í Kunduz,“ segir í yfirlýsingu frá samtökunum. „Þetta jafnast á við viðurkenningu á stríðsglæp.“

Samtökin segja ekkert geta réttlætt árásina og itreka kröfur sínar um alþjóðlega rannsókn á henni.

„Við höfum nú komist að því að þann 3. október hafi afganskir hermenn látið vita af því að skotið væri á þá frá óvinastöðum og óskað eftir aðstoð frá bandarískum herþotum,“ sagði John Campbell, yfirmaður bandaríska herliðsins í Afganistan. „Þá var efnt til loftárásar



Afganskir hermenn drógu á sunnudaginn afganska fánann að húni á ný í borginni Kunduz, tæpri viku eftir að talibanar náðu borginni á sitt vald. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

10 sjúklingar og 13 heilbrigðisstarfsmenn létust í loftárás á sjúkrahús Lækna án landamæra í Kunduz á laugardag.

til að útrýma hættunni, sem stafaði af talibönnum, og nokkrir saklausir almennir borgarar urðu fyrir henni af slysi.“

Harðir bardagar hafa geislað í Kunduz undanfarna daga. Talibanar náðu borginni í síðustu viku en

afganski stjórnarherinn hefur reynt að ná henni aftur, með aðstoð frá Bandaríkjaher.

Stjórnarherinn sagðist hafa náð borginni eftir nokkurra daga bardaga, en átökin héldu samt áfram og engan veginn ljóst hvort þeim er lokið.

Kunduz er höfuðborg samnefnds héraðs í norðvesturhluta landsins. Íbúar eru flestir Pastúnar, sem búa þó einkum í suðvesturhluta landsins. Talibanar eiga mest itök meðal Pastúna og var Kunduz höfuðvígi þeirra í norðvesturhluta landsins er þeir voru við völd. gudsteinn@frettabladid.is



Hans Forssberg, frá sænsku Nóbelsnefndinni, kynnir verðlaunahafa ársins í læknisfræði á blaðamannafundi í Stokkhólmi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Lyf sem gagnast milljónum

SVÍÞJÓÐ Þrír vísindamenn deila með sér Nóbelsverðlauninum í læknisfræði í ár. Verðlaunin verða afhent í Svíþjóð í desember.

Japanski vísindamaðurinn Tu Youyou fær verðlaunin fyrir að uppgötva lyf sem nefnist artemisinin og er notað við malaríu. Lyfið bjargar milljónum árlega.

Þá uppgötvuðu Japaninn Satoshi Omura og Bandaríkjamadurinn William Campbell lyf sem nefnist avermectin og gagnast milljónum manna gegn tveimur erfðum sjúkdómum; fljótablindu og filaveiki.

Öllum þessum þremur sjúkdómum valda sníkjudýr, sem herja á fólk. Malaríu berst í menn með moskítóflugum, sem skilja eftir sig einfrumunga sem ráðast á rauðu blóðkornin og valda stundum heilaskemmdum og dauða.

450

þúsund manns látast árlega af völdum malaríu.

Fljótablindan og filaveikin berast í menn með hringormum. Fljótablindan getur, eins og nafnið bendir til, valdið blindu en filaveikin veldur miklum bólgu í fótum og víðar á neðri hluta líkamans.

„Þessar tvær uppgötvanir hafa fært mannkyninu öflug ný tæki í baráttunni við þessa sjúkdóma, sem hafa áhrif á hundruð milljóna manna á ári hverju,“ segir í tilkynningu frá sænsku Nóbelsnefndinni. – gb

UP! ÁHALDIÐ

VW Up! frá aðeins:
1.790.000 kr.



UPPFÆRSLUBÓNUS
VOLKSWAGEN
+65.000 kr.



Litli borgarbíllinn með stóru kostina.

Komdu í reynsluakstur á nýjum Volkswagen Up! og láttu hann koma þér á óvart. Við erum illa svikin ef hann verður ekki fljótlega í upphaldi hjá þér.



Das Auto.

Almennt útboð á hlutabréfum í Símanum

Stendur yfir og lýkur miðvikudaginn 7. október kl. 16.00

Arion banki hyggst selja 18-21% í Símanum hf.

Stærð útboðsins nemur 1.737.000.000 hlutum eða 18% hlut í félaginu og nemur söluandvirði þeirra að lágmarki 4.689,9 milljónum króna. Seljandi áskilur sér rétt til að stækka útboðið í allt að 2.026.500.000 hluti (21%) og er söluandvirði þeirra að lágmarki 5.471,55 milljónir króna. Markmið seljanda er annars vegar að útboðið geri félaginu kleift að uppfylla skilyrði Nasdaq Iceland um dreifingu hlutabréfa sem tekin eru til viðskipta á Aðalmarkaði og hins vegar horfir seljandi til þess að selja eign sína á sem hagstæðustu verði.

Tekið verður við áskriftum rafrænt á vef Arion banka, arionbanki.is

Tvær áskriftarleiðir eða tilboðsbækur eru í boði en ákvörðun um stærð tilboðsbóka mun taka mið af eftirspurn í útboðinu, bæði hvað varðar verð og magn.

Tilboðsbók A

- > Hver áskrift 100.000 – 10.000.000 kr.
- > Verðbil 2,7-3,1 kr./hlut
- > Eitt endanlegt verð, jafnt eða lægra en í B

Tilboðsbók B

- > Hver áskrift yfir 10.000.000 kr.
- > Lágmarksverð 2,7 kr./hlut
- > Eitt endanlegt verð, jafnt eða hærra en í A

Meginregla við úthlutun verður að taka þeim áskriftum sem berast á hæsta gengi. Gert er ráð fyrir að niðurstöður útboðs verði birtar opinberlega 8. október. Útboðið er með fyrirvara um að hlutir í félaginu verði teknir til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Slíkt samþykki birtir Nasdaq Iceland ásamt tilkynningu um fyrsta mögulega viðskiptadag með að lágmarki eins viðskiptadags fyrirvara. Eindagi kaupverðs er áætlaður 13. október og stefnt að því að viðskipti geti hafist á Aðalmarkaði 15. október.

Minnt er á að fjárfesting í hlutabréfum felur í sér áhættu og að áskrift í útboðinu er bindandi

Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér vel upplýsingar um félagið og skilmála útboðsins í lýsingu sem félagið hefur birt og er sérstaklega bent á kafla um áhættuþætti. Lýsinguna ásamt viðauka má nálgast á vef félagsins, siminn.is/siminn/fjarfestar, á vef Arion banka, arionbanki.is, hjá Símanum að Ármúla 25 í Reykjavík og hjá Arion banka í Borgartúni 19, Reykjavík.

Nánari upplýsingar

Fyrirtækjaráðgjöf fjárfestingabankasviðs Arion banka hf. hefur umsjón með útboðinu og hefur einnig ásamt Arctica Finance hf. umsjón með skráningu félagsins. Nánari upplýsingar og aðstoð vegna útboðsins má nálgast hjá söluaðilum þess, fyrirtækjaráðgjöf og markaðsviðskiptum fjárfestingabankasviðs Arion banka (arionbanki.is) ásamt Arctica Finance (arctica.is), eða hjá verðbréfa- og lífeyrisþjónustu Arion banka í síma 444-7000 og tölvupóstfangi siminn-utbod@arionbanki.is.



ARCTICAFINANCE

Vonarglæta um breytingar



Óli Kr. Ármannsson
olikr@frettabladid.is

Helgi Hrafn Gunnarsson, þingmaður Pírata, tók í óundirbúnum fyrirspurnatíma á Alþingi í gær upp málefni hælisleitenda og innti Ólöfu Nordal innanríkisráðherra svara um beitingu Dyflinnarreglugerðarinnar hér á landi. Hún gengur út á að senda má hælisleitendur sem hingað koma aftur til þess Schengen-lands sem þeir komu frá, því þar beri þeim að leita úrlausnar mála sinna.

Visaði Helgi Hrafn til nýlegs úrskurðar Hæstaréttar um að senda skuli tvo menn til Ítalíu í stað þess að mál þeirra verði tekið upp hér. Þá rifjaði hann upp fyrri umræður um málið á Alþingi í síðasta mánuði þar sem innanríkisráðherra sagðist ekki telja að Ítalía, Grikkland og Ungverjaland væru örugg lönd fyrir hælisleitendur. Úrskurður Hæstaréttar endurspegladi hins vegar brotalóm í kerfinu.

Svör ráðherrans eru fagnaðarefni, en hún upplýsti að hún hefði beint því til Útlendingastofnunar að biða með að vísa umræddum hælisleitendum á brott til Ítalíu þar til búið væri að leggja „almennilegt mat“ á það hvernig málum er háttað varðandi meðferð þeirra þar og hvort mögulega væri verið að steypa fólki í óörukt umhverfi. Um leið áréttaði Ólöf að sá möguleiki væri einnig fyrir hendi að taka mál aftur til meðferðar. „Útlendingastofnun gerir það,“ sagði hún.

Miðað við þau ósköp sem ganga á vegna flóttamannastraums frá Sýrlandi til Evrópulanda og fregna af framkomu Ítala, Grikkja og Ungverja við flóttafólk, þá má vel taka undir með Helga Hrafn þegar hann hvetur stjórnvöld hér til að taka upp það verklag að hér verði fleiri mál hælisleitenda tekin til efnis meðferðar, fremur en að senda þá aftur út í óvissuna.

Um leið verður að segjast að nýlegar fregnir af framgöngu Útlendingastofnunar í málefnum hælisleitenda, svo sem gagnvart börnum hælisleitenda sem hafa ekki fengið inni í grunnskólum hér á landi nema með harmkvælum og tilstuðlan fjölmiðla, eru ekki til þess fallnar að vekja traust á því að stofnunin valdi hlutverki sínu.


Þannig er frá því greint í Fréttablaðinu í dag að Útlendingastofnun hafi ekki fyrr en í síðustu viku óskað eftir þjónustu frá Hafnarfjarðarbæ vegna hælisleitenda í nýrri móttökustöð sem sett hefur verið upp í Bæjarhrauni. „Enn biða tólf börn sem hafa stöðu hælisleitenda þess að hefja skólavist í Hafnarfirði,“ segir í fréttinni.

Lappadráttur stofnunarinnar í þessum málum er mannréttindabrot. Eftir höfðinu dansa limirnir og ljóst að breyting þarf að verða á þeim skilaboðum og þeim stuðningi sem Útlendingastofnun þarf til þess að geta sinnt verkefnum sínum sómasamlega. Orð innanríkisráðherra á Alþingi í gær um að hraða þurfi málsmeðferð og leggja sjálfstætt mat innanlands á mál fólks sem hingað kemur frá umræddum Evrópulöndum vekur vonir um breytingar til batnaðar.



Nýlegar fregnir af framgöngu Útlendingastofnunar í málefnum hælisleitenda [...] eru ekki til þess fallnar að vekja traust á því að stofnunin valdi hlutverki sínu.

Halldór



Frá degi til dags

Misskilinn enn á ný
Sigmundur Davíð sagði á Alþingi í gær að „menn hafi séð sér tækifæri í því að gera sér upp misskilning hér heima en það virðist reyndar vera orðinn fastur liður“, þegar hann var spurður um aðferðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Það er rétt hjá ráðherranum að hann kemur reglulega fram í fjölmiðlum og segir þennan og hinn, almenning allan jafnvel, misskilja sig. En flísín í auga þjóðarinnar hlýtur að vera bjálkinn í auga Sigmundar. Er ekki líklegur að ræður í véfréttastíl – eða fullyrðingar út í bláinn – séu til þess fallnar að fólk misskilji ráðherrann? Hann verður að tala skýrt og segja það sem hann meinar.

Mögulegur sigur, þrátt fyrir tap
Það fór eins og marga grunaði að Ólöf Nordal gaf kost á sér til embættis varaformanns Sjálfstæðisflokksins, en kosið verður 25. október. Nú biða menn og sjá hvort hún fái móttframboð, en Unnur Brá Konráðsdóttir þingmaður virðist vera líkleg. Svo mikil stemning virðist vera fyrir Ólöfu að varla má búast við að Unnur Brá hefði erindi sem erfiði. Unnur Brá hefur sterka stöðu innan síns kjördæmis. En almennt séð hefur hún ekki notið mikillar athygli. Varaformannskjör gæti breytt því, jafnvel þótt ekki séu möguleikar á sigri, og þannig verði ákjósanlegur kostur.
snaeros@frettabladid.is
jonhakon@frettabladid.is

Leysum bráðavandann




Skúli Helgason
formaður skóla- og frístundaráðs

Framúrskarandi tónlistarlíf á Íslandi byggir ekki síst á öflugum starfi tónlistarskólanna. Því er mikið áhyggjuefni að rekstur nokkurra rötgróinna tónlistarskóla í borginni er afar tvísýnn og hefur nú einn skóli þegar sagt upp öllum sínum starfsmönnum. Í mínum huga er eina raunhæfa lausnin sú að ríki og Reykjavíkurborg með atbeina Sambands íslenskra sveitarfélaga taki höndum saman um að leysa bráðavanda tónlistarskólanna og setjist svo niður með þeim og móti sjálfbært skipulag tónlistarnáms til framtíðar.

Slíkt samkomulag um bráðavandann var í burðarliðnum í vor og fol í sér tillögu í tólf liðum þar sem Reykjavíkurborg var tilbúin að leggja fram 90 milljónir, 30 milljónir áttu að koma úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga með lagabreytingu sem Alþingi samþykkti 30. júní sl. og svo átti ríkið að leggja fram 60 milljónir. Fulltrúar mennta- og menningarmálaráðherra og fjármálaráðherra áttu aðild að þeirri vinnu sem fæddi af sér samkomulagsdrögin. Borgaryfirvöld unnu minnisblað um málið um miðjan júní sem átti að leggja fyrir ríkisstjórn í sumar.

Því miður hefur ríkisstjórnin ekki staðið við sinn hluta, án þess að skýringar hafi verið gefnar og málið er því í uppnámi. Stjórnir Sambands íslenskra sveitarfélaga og Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu hafa ályktað að gerður verði nýr samningur milli ríkis og sveitarfélaga á sama grunni og lagður var 2011 þar sem ríkið fjármagnaði framhaldsnám í hljóðfæraleik og mið- og framhaldsnám í söng.

Reykjavíkurborg er tilbúin að leggja fram sinn hluta strax ef ríkið kemur á móti og það má engan tíma missa ef ekki á illa að fara fyrir þeim tónlistarskólum sem verst standa. Nú er mikilvægt að leggja til hliðar í bili áralanga deilu um ábyrgðarskil ríkis og sveitarfélaga enda er sú deila nú til meðferðar í dómkerfinu. Ríkið verður hins vegar að taka þátt í því með sveitarfélögunum að leysa bráðavandann svo tryggja megi áframhaldandi öflugt tónlistarnám í borginni til framtíðar. Stjórnvöld verða að sýna ábyrgð gagnvart þeim nemendum, foreldrum og kennurum sem treysta á farsæla lausn málsins.



Stjórnvöld verða að sýna ábyrgð gagnvart þeim nemendum, foreldrum og kennurum sem treysta á farsæla lausn málsins.

40.000



fréttabyrstir notendur

Smelltu þér á Fréttablaðsappið og lestu blaðið hvar sem er og hvenær sem er.

Nálgastu appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum:



FRÉTTABLAÐIÐ

Konur og aðrir sólbaðstofunuddarar



Tryggvi Gíslason
fv. skólameistari
MA

Gamall og góður nemandi minn úr Menntaskólanum í Reykjavík fyrir hartnær hálfri öld, Jón Steinar Gunnlaugsson, lögmaður og fyrrum dómari við Hæstarétt Íslands, skrifar grein í Morgunblaðið 28. f.m. um, hvernig nú skuli skipa í Hæstarétt. Telur Jón Steinar marga álíta „að þar ættu helst að sitja dómarmenn sem talist gætu einhvers konar „þverskurður“ af fólkinu í landinu! Í öllu talinu felst einhvers konar grundvallarmiskenningur á starfsemi dómstóla.“

Réttarfarir í landinu er of mikilsverður þáttur nútímalýðræðis, þar sem gilda skal jafnrétti og jafnræði á öllum sviðum, til þess að lögfræðingar, lögmennt og hæstaréttardómarmenn fjalli einir um það mál. Af þeim sökum leyfi ég mér sem gamall kennari að leggja orð í belg.

Andstætt því sem Jón Steinar álitur grundvallarmiskenning – að krefjast þess að í Hæstarétti sitji „dómarmenn sem talist gætu einhvers konar „þverskurður“ af fólkinu í landinu“, tel ég að einmitt þannig ætti það að vera, þ.e.a.s. að í Hæstarétti sitji karlar og konur, afkomendur iðnaðarmanna, verkamanna og sjómanna – og sólbaðstofunuddarar, en ekki aðeins nemendur Menntaskólans í Reykjavík úr fyrstu stétt, aldir upp í Vesturbænum eða Hlíðunum.

Jón Steinar segir, að dómstólar eigi að leysa úr réttarágreiningu milli manna og beri að dæma einungis eftir lögum [nema hvað], enda sé það í reynd forsenda fyrir starfi dómstóla „að hin lagalega rétta niðurstaða sé aðeins ein“. Þar fór hins vegar í verra, Jón Steinar, vegna þess sem þú bendir réttilega á, að oft þarf „á mikilli hæfni að halda því leitinn er stundum ekki einföld og menn kann að greina á um niðurstöður hennar“. Þetta er mergurinn málsins: „Allt orkar tvímælis þá gert er“, eins og haft er eftir lögvitringnum Njáli á Bergþórshvoli. Auk þess sjá augu betur en auga. Auk þess þarf að taka tillit til ólíkra viðhorfa þegar leyst er úr ágreiningu manna. Og þótt ekki væri nema af þeim sökum eiga í Hæstarétti að sitja dómarmenn sem talist gætu einhvers konar þverskurður af fólkinu í landinu.

Kynferði dómara skiptir máli

Jón Steinar segir að í „hópi þeirra sem kallast mega [takið eftir orðalaginu: kallast mega] lögfræðingar er margur misjafn sauðurinn. Við viljum ekki að aðrir en þeir hæfustu fái í hendur völd til að kveða upp dóma í málefnum fólksins í landinu. ... Í því efni skiptir kynferði dómara engu máli.“

Öllum mun ljóst vera, að í „hópi þeirra sem kallast mega lögfræðingar er margur misjafn sauðurinn“ og af þeim sökum „viljum við“ að þeir hæfustu fái í hendur það mikilsverða þjónustuhlutverk – ekki völd – að kveða upp dóma í málefnum fólksins í landinu. En í því efni skiptir kynferði dómara máli. Konur og karlar hafa nefnilega ólík viðhorf vegna kynferðis síns.

Krafa nútíma lýðræðis á Vestur-

lönnum er að konur komi alls staðar að málum þar sem velferð okkar og örlög eru ráðin. Og meðan sjónarmið á borð við skoðanir Jóns Steinars eru enn við lýði að bera saman „lækna, iðnaðarmenn, verkamenn, veitingamenn og sólbaðstofunuddara“ annars vegar og konur hins vegar, er eina leiðin að alls staðar þar sem velferð okkar og örlög eru ráðin sé viðhafður kynjaskvoti – og þá meðal annars og ekki síst í Hæstarétti Íslendinga. Nóg er til af hæfum konum í hópi þeirra sem kallast mega lögfræðingar.



Auk þess þarf að taka tillit til ólíkra viðhorfa þegar leyst er úr ágreiningu manna. Og þótt ekki væri nema af þeim sökum eiga í Hæstarétti að sitja dómarmenn sem talist gætu einhvers konar þverskurður af fólkinu í landinu.

Með fulla stjórn í eldhúsinu

Nýir Bosch bakstursofnar, Serie 8.



Bosch-gæði í hverju smáatriði.

Bosch kynnir til sögunnar nýja, glæsilega ofna með háþrúðum skynjurum og fleiri byltingarkenndum nýjungum. Nýju skynjararnir gefa frábæra niðurstöðu, hvort sem er verið að elda lax, kalkúna eða baka bollakökur. Þetta er framtíðin í steikingu og bakstri. Allir nýju ofnarnir geta gengið saman hver með öðrum og myndað samstæða heild.

Kynntu þér málið nánar hjá sölumönnum okkar.

BOSCH

BÚÐIN

Hlíðasmára 3 · Sími 520 3090

www.bosch.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



Yfir hundrað mörk í fyrsta sinn

Það voru danskir dagar í Pepsi-deildinni í sumar en aldrei hafa leikmenn frá einni erlendri þjóð skorað svo mikið á einu tímabili í efstu deild á Íslandi. Erlendir leikmenn skoruðu samanlagt 27 prósent markanna.

FÓTBOLTI Skagamaðurinn Garðar Gunnlaugsson kom um helgina í veg fyrir að erlendir leikmenn tækju alla markaskóna í fyrsta sinn í efstu deild karla á Íslandi en það breytti ekki því að sumarið 2015 er metár í mörkum erlendra leikmanna í úrvalsdeildinni.

Alls skoruðu erlendir leikmenn liðanna 103 mörk í leikjunum 132 og er þetta í fyrsta sinn sem þeir

rjúfa hundrað marka múrinn á einu tímabili í úrvalsdeild karla. Gamla markametið var frá sumrinu 2008, síðasta tímabilinu fyrir hrun, en erlendir leikmenn skoruðu samanlagt 91 mark það sumar.

Fleiri erlend mörk á hverju ári
Erlendir leikmenn hafa verið meira áberandi með hverju tímabilinu undanfarin ár og var þetta fjórða

sumarið í röð þar sem mörkum erlendra leikmanna fjölga í deildinni. Sumarið 2011 skoruðu íslenskir leikmenn Pepsi-deildarinnar 88 prósent markanna en sú tala var komin niður í 73 prósent í sumar.

Hér munar vissulega mikið um það að markasæknustu leikmenn deildarinnar eru að koma að utan. Annað árið í röð voru erlendir leik-

menn tveir markahæstu leikmenn Pepsi-deildarinnar. Í fyrra voru það Englendingurinn Gary Martin og Trinidad-búinn Jonathan Glenn og í ár varð Glenn aftur að sætta sig við silfurskóinn en Daninn Patrick Pedersen tók gullskóinn.

Fyrsti Daninn með gullskó

Pedersen er fyrsti Daninn sem fær gullskóinn hér á landi en ekki sá fyrsti sem verður markakóngur. Þróttarinn Sören Hermansen var einn af þremur markakóngum deildarinnar sumarið 2003 en missti þá gullskóinn til liðsfélaga síns Björgólfs Takefusa á fleiri leikjum spiludum.

Danskir leikmenn Pepsi-deildarinnar skoruðu samanlagt 36 mörk í sumar og bættu tuttugu ára met Jógólava um átta mörk. Pedersen og Jeppe Hansen (8 mörk) voru markahæstir þeirra en Kennie Knak Chopart (6 mörk í 11 leikjum) átti frábæra innkomu í lið Fjölnis, Rolf Toft skoraði fjögur mörk fyrir Vikinga alveg eins og Sören Frederiksen gerði fyrir KR. Jacob Schoop var sjötti Daninn sem skoraði í Pepsi-deildinni í sumar en markið hans kom strax í fyrsta leik.

Metið hafði staðið frá 1995

Jógólavarnir sumarið 1995 voru sex saman með 28 mörk fyrir sín lið. Mihajlo Biberic skoraði þrettán mörk og var markahæstur erlendu leikmannanna en næstur honum var Keflvíkingurinn Marko Tanasic með fimm mörk. Mihajlo Biberic hafði ári fyrr orðið fyrsti erlendi leikmaðurinn til að verða markakóngur þegar hann skoraði fjórtán mörk fyrir Skagamenn.

Þetta sumar 1995 var líka í fyrsta sinn sem erlendu mörkin náðu 50 en það met stóð til ársins 2008 þrátt fyrir að litlu hafi munað bæði 2003 (48) og 2005 (49). Nú er að sjá hvort þessi þróun haldi áfram næsta sumar og hvort enn meiri ábyrgð í markaskorun færist þá yfir á herðar erlendra leikmanna sem munu lifga upp á Pepsi-deildina 2016.

ooj@frettabladid.is

Nýjast

TVÖ BÚIN AÐ SKIPTA UM KANA
Tvö lið í Domino's-deild karla í körfubolta eru búin að skipta um bandarískan leikmann þótt tímabilið sé ekki enn hafid. Njarðvíkingar fengu Marquise Simmons í stað Stefans Bonneau sem sleit hásin eins og talsvert hefur verið fjallað um. Silfurliðið frá því í fyrra, Tindastóll, hefur einnig ákveðið að skipta um Kana. Stólmenn leystu Darren Townes undan samningi og fengu Jerome Hill í staðinn. Hann er 1,96 metra hár framherji sem lék með Gardner-Webb háskólanum.

Jæja, nú eru Liverpool-menn farnir að gera Klopp að óþolandi figúru. Synd og skömm, kunnir alltaf vel við hann.

Tryggvi Páll Tryggvason
[@tryggvipall](#)

SNÝR BJARNI AFTUR TIL EYJA?

Bjarni Jóhannsson er einn þeirra sem koma til greina sem næsti þjálfari ÍBV. Þetta staðfesti Ingi Sigurðsson, gjaldkeri knattspyrnu deildar ÍBV, í samtali við Fréttablaðið í gær. Eyjamenn eru í þjálfaraleit enn eitt árið en frá því að Heimir Hallgrímsson hætti sem þjálfari ÍBV 2011 hefur enginn þjálfari enst lengur en eitt tímabil hjá félaginu. Bjarni þekkir vel til í Eyjum en hann stýrði ÍBV 1997-99 og gerði liðið tvívegis að Íslandsmeisturum og einu sinni að bikarmeisturum. Bjarni var síðast við stjórnvölinn hjá KA en hann er einn reyndasti þjálfari landsins.

ÞRIÐJA LIÐIÐ Á EINU ÁRI

Ásmundur Arnarsson skrifaði í gær undir þriggja ára samning við 1. deildarlið Fram. Hann tekur við starfinu af Péttri Péturssyni. Fram er þriðja liðið sem Ásmundur stýrir á þessu ári en hann var þjálfari Fylkis áður en honum var sagt upp störfum um mitt sumar. Þá tók hann við ÍBV og tókst að bjarga liðinu frá falli. Ásmundar, sem lék áður með Fram, bíður erfitt verkefni en Fram rétt slapp við fall í 2. deild í sumar.



■ Fjöldi marka erlendra leikmanna í úrvalsdeild karla í fótbolta undanfarin ár



Flest mörk á einu tímabili:

- 2015 - 36
- 1995 - 28
- 2012 - 27
- 2012 - 26
- 2003 - 24
- 2013 - 23
- 1994 - 22
- 2005 - 22
- 2014 - 21
- 2013 - 21
- 2014 - 19



**20%
AFSLÁTTUR
Í OKTÓBER**

Nicotinell

20% afsláttur af öllu Nicotinell í Lyfjaveri í október

SUÐURLANDSBRAUT 22
SÍMI 533 6100
LYFJAVER.IS

LYFJAVER

APÓTEK + LYFJASKÖMMTUN

Opið mán-fös 8.30-18 og lau 10-14

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



Ekki búa um rúmið

Heit og rök sængurföt eru gróðrarstía fyrir rykmaura, segir í danskri grein. Að búa um rúmið geri illt verra. Margrét Sigfúsdóttir segir vel hægt að ganga frá rúminu snyrtilega án þess að búa um það. SÍÐA 2

Tostada Rucola:
Tortilla, kjúklingur, sterk/mild sósa, fluruhnetur, rjómsósa, ostur, sósuþurrkaðir tómatar og rucola.
Aðalsnið 332 kcal.

Tostada
1.790

Culiacan
Suðurlandsbraut 4a
533 1033 www.culiacan.is



GÓÐ VÖRN Ef ónæmiskerfið er í ólagi getur fólk orðið viðkvæmara fyrir sýkingum og það tekur veikindin lengri tíma að ganga yfir.

ÖFLUG FLENSUFÆLA

GENGUR VEL KYNNIR Þegar tekur að kólna í veðri fara flensur og pestir á stjá. Þá er kominn tími til að styrkja ónæmiskerfið. Immune Support er sannarlega ein með öllu. Það inniheldur öll helstu bætiefnin fyrir ónæmiskerfið.

Þegar sýkingar herja á líkamann skiptir virkni ónæmiskerfisins sköpum varðandi framgang þeirra. Heilbriggt ónæmiskerfi er það sem við þurfum til að hjálpa líkamanum að verða heill á ný og getur það bæði komið í veg fyrir veikindi eða stýtt þann tíma sem við erum sýkt. Ef ónæmiskerfið er hins vegar á einhvern hátt í ólagi, verður viðkomandi einstaklingur oftast fyrir sýkingum en aðrir og veikindin taka lengri tíma,“ segir Hrönn Hjálmarsdóttir heilsumarkþjálfari.

Að sögn Hrannar er hægt að styrkja ónæmiskerfið á margan hátt. „Bæði með því að sofa vel, borða hollan mat og svo með því að taka inn bætiefni.“

IMMUNE SUPPORT INNIHELDUR:

Hvítlauk

Flestir kannast við lækningamátt hvítlauksins. Hvítlaukur er talinn styrkja ónæmiskerfið og stuðla að vörnum gegn umgangspæstum. Louis Pasteur hafði þegar árið 1858 sannað bakteríudrepandi eiginleika hvítlauksins.

D-vítamín

D-vítamín er oft kallað sólskinsvítamín. Hér á norðurhveli jarðar er nauð-

synlegt að taka inn D-vítamín á veturna til að fá nægilegt magn því erfitt getur reynst að vinna nóg úr fæðunni.

C-vítamín

Sennilega eitt mest notaða vítamínið gegn flensu og kvefi. Fjöldi rannsókna sýnir að stærri skammtar draga úr ein-kennum kvefs og stytta meðgöngutíma þess.

A-vítamín

A-vítamín er sérlega gott fyrir húðina en húðin er fyrsta vörn líkamans. A-vítamínskortur getur aukið líkur á sýkingum.

Sink

Jafnvel lágmarkssinkskortur getur haft slæm áhrif á ónæmiskerfið.

Selen

Sýnt hefur verið fram á að 100 mcg af seleni á dag geti minnkað líkur á sýkingum, sérstaklega ef það er tekið með sinki.

Elderberry

Elderberry hefur lengi verið notað til að styrkja ónæmiskerfið, sérstaklega gegn vírusum.

Beta-Glucans

Er talið styrkja ónæmiskerfið með því að virkja náttúrulegar varnir þess.

ÚTSÖLU- STAÐIR

Valin apótek,
heilsubúðir og
verslanir.



HAUSTSPRENGJA Á VÖLDUM VETRARYFIRHÖFNUM

RÝMUM FYRIR NÝJUM VETRAFATNAÐI

30%-50%-60% AFSLÆTTIR

VETRAKÁPUR - VETRAÚLPUR - ULLARKÁPUR
HÚFUR - SJÖL - TREFLAR

Lýkur
laugardaginn
10. október

**BERNHARD
LAXDAL**

Vertu vinur á
Facebook

www.laxdal.is

WEST LAKE®

HARÐKORNADEKK

DEKKVERK

Nýbýlavegur 2 Kópavogi & Lyngás 20 Garðabæ
Sími: 578 7474 www.dekkverk.is
OPIÐ ALLA DAGA 10-19



GOTT OG HREINT RÚM Hvað er betra en að sofa við hrein rúmföt, jafnvel sem hafa verið þurrkuð úti? MYND/GETTY

HÆTTIÐ AÐ BÚA UM RÚMIÐ

UMHUGSUNARVERT Flestir eru aldir upp við þá reglu að búa eigi um rúm áður en haldið er út í daginn. Maður á að yfirgefa heimilið snyrtilegt, enda er þá skemmtilegra að koma heim. Í grein sem birtist í netútgáfu danska Jyllands-Posten er fullyrt að heit og rök sængurföt séu gróðrarstía fyrir rykmaura.

Hið snyrtilega vel umbúna rúm er því miður gróðrarstía fyrir rykmaura,“ segir í greininni. „Í heitu og röku rúminu líður nefnilega rykmaurunum best. Það er meira að segja enn verri hugmynd að vera með þykka rúmábreiðu yfir sænginni. Þegar þú stendur upp úr rúminu á morgnana er lak, sæng og koddur enn heitt og rakt eftir nóttina. Með því að breiða yfir rakann skapast góð skilyrði fyrir rykmaura. Þessir örsmáu áttfætlumaurar þrífast best í 17-32 gráðu hita og raka. Í rauninni eru rykmaurar skaðlausir nema fyrir þá sem hafa ofnæmi fyrir ensimum sem frá þeim koma. Hins vegar vill enginn sofa innan um rykmaura.“

Á Íslandi hafa rykmaurar ekki verið mikið vandamál, en tvær tegundir rykmaura eru þekktar hér á landi. Ofnæmi af þeirra völdum er sömuleiðis þekkt. Engin ástæða er til að búa til aðstæður fyrir þá. Rykmaurar eru algengari á Grænlandi og í Norður-Noregi en hér á landi, eftir því sem fram kemur á Vísindavefnum.

Margrét Sigfúsdóttir, skólastjóri Hússtjórnarskólans, segir að vel sé hægt að ganga frá rúminu snyrtilega án þess að búa um það. „Í gamla daga voru rúmfötin látin kólna og loftað vel um rúmið áður en breitt var yfir það. Þykk rúmteppi eru ansi þreytandi, allt of þung og fyrirferðarmikil. Hvar á svo að hafa þau á nóttinni? Á gólfinu eða ofan á tveimur stólum?“ spyr hún.

Fólk sefur í sjö til átta tíma. Á meðan við sofum myndast ákveðinn raki í herberginu því hver líkami gefur frá sér töluverðan svita á hverri nóttu. Það er þess vegna betra að þurrka sængina á daginn fremur en að halda rakanum í henni. Í grein Jyllands-Posten segir að nauðsynlegt sé að hrista sæng og kodda vel á morgnana til að lofta um rúmið. Einnig ætti að hafa glugga opna. Best væri að viðra sængurfötin utandyra á hverjum morgni, en það er ekki margir sem hafa tíma til þess auk þess sem veðrið er ekki endilega ákjósanlegt. Ef sængurfötin eru viðruð utandyra lifa ekki rykmaurar í þeim,“ segir í greininni.

Rykmaurar

Rykmaurar hafa fundist á Grænlandi og upp með ströndum Noregs, töluvert norðar en Reykjavík. Rykmaurar geta þrífist í rúmdýnum, koddum, sængum, teppum og tauklæddum húsgögnum. Þeir lifa á húðflygsum af mönnum og dýrum og öðru lífrænu ryki sem til fellur. Saur mauranna mynda rykagnir, sem eru á stærð við frjókorn, og í honum eru prótínsameindir sem reynst öflugir ofnæmisvaldar. Dauðir rykmaurar, sem brotna niður og blandast öðru hústryki, eru einnig ofnæmisvaldar, þótt í minna mæli sé.

Nýlegar rannsóknir hafa sýnt að ofnæmi fyrir rykmaurum er algengt og meðal sjúklinga með ofnæmi er það mjög algengt. Í enskri rannsókn fannst að 10% af öllu fólki og 90% af sjúklingum með ofnæmisastma höfðu rykmauraofnæmi. Bandarísk rannsókn sýndi að að minnsta kosti 45% af ungu fólki með astma voru ofnæm fyrir rykmaurum.

(Heimild Vísindavefurinn)

Margrét segir að fólk ætti að reyna að viðra rúmföt utandyra og hrista vel þegar skipt er á rúminu. „Ef frost er úti og þurr er ekkert betra en að láta rúmfötin vera úti og viðrast í sem lengstan tíma,“ segir hún. „Ekki sofa á dýnu á gólfinu. Þar getur myndast raki sem getur endað í myglu. Dýnur eru hafðir í rúmunum með fótum til að slíkur raki myndist ekki í dýnunum og undir þeim,“ segir Margrét enn fremur.

Þeir sem eru með ofnæmi eða astma ættu að þvo sængurfötin við 60°C og þurrka í þurrkara að minnsta kosti tvisvar í mánuði. Margrét segir að ákjósanlegt sé að þvo rúmföt við 90°C. „Best er að þurrka rúmfötin úti á snúru og láta blása vel um þvottinn,“ segir hún en flestir kannast við hversu notalegt það er að skríða upp í rúm sem angar af útilykt. Dýnur þarf að ryksuga vel að minnsta kosti fjórum sinnum á ári.

■ elin@365.is



ÞARFT AÐ VIÐRA ÚTI Margrét Sigfúsdóttir skólastjóri segir að gott sé að viðra sængur og kodda úti þegar skipt er á rúmunum. MYND/ERNIR

AÐ MÖRGU AÐ HUGA

„Ekki sofa á dýnu á gólfinu. Þar getur myndast raki sem getur endað í myglu. Dýnur eru hafðar í rúmunum með fótum til að slíkur raki myndist ekki í dýnunum og undir þeim.“

40.000

fréttabyrstir notendur

Smelltu þér á Fréttablaðsappið og lestu blaðið hvar sem er og hvenær sem er.

Fáðu Fréttablaðið ókeypis í spjaldtölvuna og snjallsímann með Fréttablaðsappinu.

Nálgastu appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum:

Download on the App Store

Download from Windows Store

Google play

FRÉTTABLAÐIÐ

Granít Steinar

Gegnheil
gæði

Mikið úrval legsteina og fylgihluta
Á GÓÐU VERÐI



Fullbúinn og frágenginn
verð aðeins kr: 309.900



Fullbúinn og frágenginn
verð aðeins kr: 239.900



Fullbúinn og frágenginn
verð aðeins kr: 299.900



Fullbúinn og frágenginn
verð aðeins kr: 319.900



Fullbúinn og frágenginn
verð aðeins kr: 159.900



Fullbúinn og frágenginn
verð aðeins kr: 119.900



Granítsteinar.is - Helluhrauni 2 - Hafnafjörður - S: 544-5100

* Aukahlutur á mynd fylgja ekki



40.000

FBL fréttapýrstir notendur

Smelltu þér á Fréttablaðsappið og lestu blaðið hvar sem er og hvenær sem er.

Fáðu Fréttablaðið ókeypis í spjaldtölvuna og snjallsímann með Fréttablaðsappinu.

Nálgastu appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum:

Download on the App Store | Download from Windows Store | Google play

FRÉTTABLAÐIÐ



MATURINN HÆTTIR AÐ VERA FRAMANDI Leyfðu barninu að hjálpa til við eldamennskuna endrum og sinnum. Þannig kynnist það ólíkum hráefnum og þau hætta að vera eins framandi.



LITAPEMA Ung börn eru ekki hrifin af því að blanda saman grænmeti og öðrum mat. Hafðu það einfalt og þess vegna litaskipt. Þau kunna yfirleitt að meta það.

FJÖLBREYTNÍ SVARIÐ

NOKKUR HEILRÆÐI Margir foreldrar eru uggandi vegna fréttu af háu arseninnihaldi í hrísgrjónavörum sem sænska matvælastofnunin greindi frá í síðustu viku, en í miklu magni getur það verið krabbameinsvaldandi. Hrísgjón eru enda nær daglegt brauð hjá mörgum. Að mati sérfræðinga er fjölbreytni svarið. Það getur hins vegar verið snúið að venja ung börn á fjölbreytt fæði.

Fréttir af háu arseninnihaldi í hrísgrjónum hafa vakið ugg í brjosti margra foreldra enda er grjónagratgur algengur hversdagsmatur hér á landi og margir hafa hrísgrjón með mat nokkrum sinnum í viku. Þá nýtur sushi sívaxandi vinsælda og margir kannast við að leyfa börnum sínum að naga hrískökur á milli mála, en þær komu einna verst út úr prófunum. Að mati sérfræðinga er þó óhætt að borða hrísgrjón allt að fjórum sinnum í viku. Hins vegar er fólk hvatt til að huga að fjölbreytni í fæðuvali til að forðast að óæskileg efni sem kunna að vera í tilteknum fæðutegundum hlaðist upp í líkamnum. Sömuleiðis að kaupa vörur frá ólíkum framleiðendum. Það getur þó verið hægara sagt en gert að fá ung börn til að prófa ólíkan mat enda er þeim eðlislægt að taka nýjum fæðutegundum með fyrirvara og getur tekið allt að 10-15 skipti að venja þau á nýja fæðu. Eftirfarandi ráð hafa gefist vel.

STATTU Á ÞÍNU ÁN ÞESS AÐ ÞÍNA

Börnum er eðlislægt að taka nýjum fæðutegundum með fyrirvara. Þau þurfa tíma til að kynnast nýju bragði og áferð. Þó að þau fúlsí við einhverju í upphafi er ekki þar með sagt að þau muni aldrei borða þá fæðutegund aftur. Það getur þurft að venja þau við í nokkrum skrefum. Það er gott að hafa það fyrir reglu að þau verði að smakka einn bita en mega svo láta fæðuna eiga sig þar til næst.

Ekki reyna að troða eða pína matinn ofan í barnið. Það getur haft ófug áhrif. Hins vegar ætti ekki að hætta að bjóða sama mat síðar. Þá getur verið gott að kynna nýjan mat í félagi við mat sem barnið þekkir vel. Að leyfa því til dæmis að dýfa gulrót eða rófu ofan í tómatsósu eða annað sem því þykir gott.

EKKI NOTA MAT SEM UMBUN EÐA REFSINGU

Það er ekki talið æskilegt að umbuna barni fyrir að borða vel með ís eða nammi. Það getur átt þátt í því að það myndi óheilbriggt samband við mat. Ekki ætti heldur að refsa því með því að taka af því ís eða nammi sem búið er að lofa ef það borðar ekki sem skyldi. Notaðu frekar annars konar umbunarkerfi eins og límmiða eða leyfðu barninu að leika með uppáhaldsdótið ef það borðar vel. Ekki tengja það við annars konar mat. Sætindi ættu hvort eð er aðeins að vera í boði á tyllidögum og ekki til umræðu við önnur tilefni.

LEIKTU ÞÉR MEÐ FORM OG LITI

Ung börn eru upptekin af litum og formum. Prófaðu að bjóða eingöngu upp á appelsínugulan mat svo dæmi sé nefnt. Til dæmis stappaðar sætar kartöflur, gulrætur, appelsínugula papriku og appelsínu. Næsta dag getur þemað verið grænt og þar fram eftir götunum. Þú getur líka prófað að skera grófa samloku með góðu áleggi með ólíkum piparkökuformum eða raðað ostbitum, grænmeti og ávöxtum upp á litla pinna. Það veur yfirleitt lukku.

LAUMAÐU HOLLUSTUNNI MED

Flest börn eiga sér uppáhaldsmat. Oft er hægt að lauma í hann meiri hollustu án þess að þau taki eftir. Prófaðu að tæta bragðlítið kál í matvinnsluvél og bæta við pitsabotninn. Það sama má gera við heimagerðu tómatsósuna. Eins má skella soðnu og maukuðu grænmeti á borð við gulrætur, brokkólí, kúrbít eða sætar kartöflur í pönnuköku – eða möffinsdeigið svo lítið beri á. Sömuleiðis banana, hreinni jógúrt og berjum.

LEYFÐU BARNINU AÐ TAKA ÞÁTT

Ekki halda barninu utan við eldhússtörf. Leyfðu því að hjálpa til við eldamennskuna endrum og sinnum. Þannig kynnist það ólíkum hráefnum og þau hætta að vera eins framandi.

VERTU GÓÐ FYRIRMYND

Ekki örvænta þó barnið sé lengi að taka við sér. Ef þú sem foreldri borðar hollan og fjölbreyttan mat eru allar líkur á því að barnið muni að endingu gera það líka.



LYSTAUK-ANDI

Settu matinn í skemmtilegan búning. Það veur yfirleitt lukku.

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



SAFT



BÍLAR

ÞRIÐJUDAGUR 6. OKTÓBER 2015



Volvo XC90

BÍLL ÁRSINS ER VOLVO XC90

Citroën C4 Cactus, VW Passat, Mazda CX-3 og Volkswagen Golf GTE eru sigurvegarar í sínum flokkum.

Bandalag íslenskra bíblaðamanna lýsti kjöri á bíl ársins í síðustu viku og var það Volvo XC90 jeppinn sem kjörinn var þetta árið. Í öðru sæti varð Volkswagen Golf GTE og í þriðja sæti Audi Q7 jeppinn. Við val á bíl ársins í ár voru 30 bílar gjaldgengir, sem er ekki ósvipuð tala og á síðustu árum en aðeins eru gjaldgengar nýjar bílgerðir eða nýjar kynslóðir eldri bílgerða.

Flokkum fjölgað vegna grænna bíla og jeplinga

Dórnafndin ákvað vegna samsetningar bílanna þetta árið að skipta þeim upp í 5 flokka, minni fólksbíla, stærri fólksbíla, jeplinga, jeppa og umhverfisvæna bíla. Bæði fer jeplingum og grænum bílum svo ört fjölgandi að þeir voru nú í sérstökum flokki og ekki kæmi á óvart að þessi flokkun muni haldast á næstu árum. Fimm dórnafndarmanna prófuðu alla bílana sem til greina komu og

völdu þá 3 bíla sem komust í úrslit í hverjum flokki, alls 15 bíla. Lokaprófanir fóru fram á þessum bílum með fullskipaðri dórnafnd snemma í síðasta mánuði og var það gert á stórbættri Kvartmílubrautinni. Öllum bílunum var í kjölfar prófananna gefin einkunn hvað 12 mismunandi þætti þeirra varðar og heildarniðurstaða í hverjum flokki þannig fengin út, svo og hvaða bíll fékk hæsta samanlagða einkunn og er því réttkjörinn Bíll ársins í ár.

Citroën C4 Cactus, VW Passat og Mazda CX-3 flokkasigurvegarar

Í flokki minni fólksbíla varð Citroën C4 Cactus efstur, Mazda2 rétt þar á eftir í öðru sæti og Skoda Fabia í þriðja sæti. Í flokki stærri fólksbíla varð Volkswagen Passat hlutskarpastur, Skoda Superb í öðru sæti og Ford Mondeo í því þriðja. Þess má geta að Volkswagen Passat varð í fjórða sæti í heildinni. Í flokki jeplinga trónaði Mazda CX-3 hæst, Renault Kadjar varð í öðru sæti og Nissan X-Trail í því þriðja.

Volkswagen Golf GTE sigurvegari í flokki umhverfisvæna bíla

Í flokki jeppa varð Volvo XC90 efstur á blaði, sem og hæstur allra bíla að stigum. Í öðru sæti var Audi Q7, sem og í þriðja sæti í heildina, en í þriðja sæti í flokknum var svo Land Rover Discovery Sport. Í flokki umhverfisvæna bíla endaði efstur á blaði Volkswagen Golf GTE tvinnbíllinn og varð hann einnig annar í heildina. Í öðru sæti í flokknum varð Tesla Model S og í þriðja sæti Volkswagen e-Golf, sem líkt og Teslan er hreinræktaður rafmagnsbíll.



BETRA START

MEÐ **EXIDE** RAFGEYMUM

Endingargóðir og sterkbyggðir rafgeymar fyrir flestar gerðir mótórhjóla. Veldu þaulreynda vöru frá gæðaframleiðanda.



Exide rafgeymarnir fást hjá:

EXIDE
TECHNOLOGIES
TRANSPORTATION

MAX1
BÍLAVAKTIN

olis

Ellingsen

FRANSKA BYLTINGIN

Það vill oft gleymast hversu stóran þátt Frakkar áttu í þróun bifreiðarinnar og hversu snjallir og útsjónarsamir þeir hafa verið í gegnum tíðina.

Sindri Snær Thorlacius

Þegar þú hugsar um bíla, er Frakkland þá fyrsta landið sem kemur upp í hugann? Líkur eru á því að önnur lönd, sem ég hef nú þegar skrifað um, svo sem Þýskaland, Japan eða Bandaríkin, komi fyrst upp í hugann, enda hefur Frakkland ekki eins mikið vægi á bílmarkaðnum og áður fyrr. Franskir bílar nútíldags hafa það óorð á sér að vera óáreiðanlegir og með ódýrt yfirbragð. Af hverju eru þeir þá svona mikilvægir í sögulegu samhengi?

Helstu bílaframleiðendur Frakklands

· Bugatti: Einn merkasti bílaframleiðandi í sögunni þrátt fyrir að hafa aðeins verið virkur á milli ca. 1909-1950 og svo aftur áratugum af síðar síðar. Var keyptur upp af Hispano-Suiza árið 1963, gekk á milli eigenda um hríð og féll svo í hendur Volkswagen Group árið 1998.

· Citroën: Partur af PSA-samsteypunni frá árinu 1976. Stofnað árið 1919 og var fyrsti framleiðandi utan Bandaríkjanna til að fjölðaframleiða bíla og hafa net af sölustöðum og þjónustu.

· Peugeot: Partur af PSA-samsteypunni (Peugeot Société Anonyme) sem er í dag í eigu Peugeot-fjölskyldunnar, franska ríkisins og Dongfeng frá Kína. Peugeot var stofnað árið 1896 sem bílaframleiðandi. Var áður þekkt merki fyrir reiðhjól og kvarnir. Peugeot á sér gríðarlega mikla sögu í akstursíþróttum, en þar má helst nefna rallí, Le Mans-kappakstur og Pikes Peak.

· Renault: Stofnað árið 1899. Er eigandi Dacia í Rúmeníu, Renault-Samsung Motors í Suður-Kóreu og á 43,4% hlut í Nissan. Einnig á Renault hið fornfræga merki Alpine sem þú dreymir um að koma aftur á kortið. Renault-Nissan Alliance er samvinnufélag sem er fjórði stærsti bílaframleiðandi í heimi. Einnig framleiðir Renault vörubíla, sendibíla og rútur. Renault á sér mikla sögu í akstursíþróttum og má þá helst nefna Formúlu 1.

Frakki smíðaði fyrsta bílinn

Það vill oft gleymast hversu stóran þátt Frakkar áttu í þróun bifreiðarinnar og hversu snjallir og útsjónarsamir þeir hafa verið í gegnum tíðina. Þrátt fyrir að Karl F. Benz hafi hannað fyrsta bílinn eins og við köllum hann í dag þá var Frakkinn Nicolas Cugnot fyrstur til að búa til sjálfrennreið árið 1769. Hún var knúin áfram af gufuafli, vó 2,5 tonn og undir henni voru einungis þrjú hjól. Annar Frakki náði sér í einkaleyfi á fyrstu fjörgengisvélinni árið 1862 en smíðaði hana aldrei.

Fyrsti bíllinn með gúmmídekk

Peugeot-fjölskyldan hafði hannað og framleitt alls kyns vörur, allt frá piparkörnum til reiðhjóla þegar framleiðsla á bifreiðum byrjaði hjá þeim 1890. Fyrsti framleiddi bíll Peugeot var Type 2 en hann notaði vél frá Daimler í Þýskalandi. Næsta týpa, Type 3, var fyrsti bíllinn sem var með gúmmídekk. Árið 1894 vann Peu-

geot fyrsta kappakstur sögunnar sem var frá París til Rouen. Árið 1903 hafði Peugeot framleitt helm-ing bíla á götum Frakklands og á árunum 1904 til 1910 hafði fyrirtækið framleitt í það minnsta 53 týpur af bílum. Armand Peugeot tók bílahluta Peugeot út úr fyrirtækinu og setti upp verksmiðju til þess eins að smíða bíla.

Bremsur á öllum hjólum

Árið 1912 fékk Armand ungan en metnaðarfullan hönnuð, Ettore Bugatti, til að hanna nýja fjögurra strokka vél fyrir bílinn Bébé. Á næstu árum tók Peugeot þátt í alls kyns kappakstri og vann sér inn titla og með því virðingu. Þannig varð fyrirtækið líklegast fyrst til að setja bremsur á öll hjól bílsins en ekki bara að aftan eins og tók- aðist. Á meðan fyrri heimsstyrjöld stóð yfir þurftu verksmiðjur að framleiða hergögn fyrir Frakklandsher en Peugeot kom sterkt til leiks eftir stríð. Árið 1929 kom út Peugeot 201 sem var ódýrasti bíllinn á markaðnum í Frakklandi. Eftir það hafa flestir bílar þeirra borið svipuð nöfn. Í kreppunni 1930 vildi Peugeot koma sér aftur á kortið með 402 BL Éclipse Décapotable sem var fyrsti bíllinn með harða blæju sem seig niður í farangursrýmið að aftan þegar maður vildi fá vindinn í hárið. Næsta kynslóð bíla innihélt 202, 302 og 402 en þeir voru frægir fyrir að framflugtirnar voru á bak við grillið fyrir miðju bílsins til að minnka loftmótstöðu. Í seinna stríðinu var Peugeot hepp- ið því að það fékk að framleiða bíla sína á meðan nasistar réðu ríkjum í Frakklandi. Eftir stríð hélt fyrirtækið áfram að þróa bíla sína. Þá komu út 203, 403 og 404 en árið 1958 var farið að selja Peugeot-bíla í Bandaríkjunum.

Peugeot tekur Citroën yfir

Árið 1974 tók Peugeot Citroën yfir og fékk ríkisstyrki til að halda báðum fyrirtækjunum á floti. Vert er að koma því að að alveg frá upphafi hafa Peugeot-bílar verið þekktir fyrir styrk sinn. Þeir hafa lengst af verið mjög sterkbygðir og þurft að þola alls kyns þolraunir í Afríku og Suður-Ameríku. Á fyrstu áratugunum voru gjarnan haldnar sýningar þar sem stökkið var á bílunum og gerðar alls kyns kúnstir. Þeir hafa verið gífurlega sigursælir í heimsrallinu og einnig unnið Le Mans 24 klukkustunda kappaksturinn fræga fjórum sinnum, síðast árið 2009.

Renault verður stærsti framleiðandinn

Louis Renault fæddist árið 1877 en við unglingsaldur var hann farinn að fíkla í notuðum vélum sem hann komst í. Ferill hans hófst með lygilegu hraði. Þegar hann náði 21 árs aldri bjó hann til sinn fyrsta bíl. Hann keyrði á honum í veislu á jóladag og vinir þabba hans voru svo yfir sig hrifnir að þeir pöntuðu 24 slíka bíla á staðnum. Þannig byrjaði ferill Renault. Við aldamótin 1900 var hann ásamt bræðrum sínum með 100 manns í vinnu í bílaverksmiðju sinni. Á tveimur árum tvöfaldaðist vinnuaflið. Renault notaði kappakstur til að koma bílum sínum á framfæri og gekk það vel. Bíl-



Citroën DS

arnir urðu gríðarlega vinsælir sökum lágs kaupverðs en einnig voru Renault-bræður fyrstir til að framleiða almennilegan fjólsbíl sem hafði sæti fyrir fjóra farþega árið 1904. Árið eftir keypti leigubílastöð 250 Renault-bíla. Tveimur árum síðar hafði talan meira en fjórfaldast. Renault var orðinn stærsti bílaframleiðandi í Frakklandi. Það gerði Renault kleift að vera með alls kyns týpur af bílum, allt frá bíl fátæka mannsins til rándýrra eðalvagna.

Glæsileg nöfn

Frekar kómískt er að nöfn eðalvagnanna, eins og Coupé De-Ville og fleiri álíka voru síðar notuð á bandaríska bíla því þau þóttu svo glæsileg. Í fyrri heimsstyrjöldinni voru plön hjá Þjóðverjum um að leggja Frakkland undir sig úr tveimur áttum. Til þess að stöðva Þjóðverjana áður en þeir næðu Parísarborg þurfti franskir herinn að hafa snör handtök og mæta þeim á miðri leið. Til þess tók herinn allar þúsundirnar af Renault-leigubílum úr Parísarborg, fyllti þá af hermönnum og kom þeim út úr borginni til að

” Louis Renault þurfti að ákveða sig hvort hann neitaði að vinna með nasistum og líklega missa allt sem hann átti eða að gera samning við þá og koma í veg fyrir að verksmiðja hans yrði tekin í sundur og flutt til Þýskalands.

mæta Þjóðverjunum og á endanum bjargaði það borginni. Renault fór þá að framleiða hergögn í stað fjólsbíla og framleiddi næstum allt fyrir franska herinn í stríðinu. Frægasta hertækið sem Louis hannaði var Smáskriðdrekinn (e. Lighttank) sem var lítill og léttur skriðdrekur sem komst allt og fór hratt yfir. Eftir stríð hélt Renault áfram að framleiða bíla en Citroën var byrjað að mynda samkeppni með Type A bílnum. Renault svaraði samkeppninni með því að framleiða grunn að bíl sem hægt var svo að nota í alls kyns verk með mismunandi tólum, svo sem slökkvistarf, sorphirðu, vöruflutninga o.fl. og varð gríðarlega vinsæll.

Varð að vinna með nasistum

Í seinni heimsstyrjöld þegar Þjóðverjar voru búinir að hertaka Frakkland þurfti Louis Renault að gera upp við sig hvort hann neitaði að vinna með nasistum og líklega missa allt sem hann átti eða gerði samning við nasista og kæmi í veg fyrir að verksmiðja hans væri tekin í sundur og flutt til Þýskalands. Hann valdi að semja við nasista og fá að stjórna áfram verksmiðju sinni. Hann reyndi eins og hann gat að hægja á framleiðslu hergagna nasista sem voru



Citroën 2CV.

framleidd í verksmiðju hans. Bandamenn sprengdu verksmiðju hans þrisvar sinnum en alltaf reisti Renault hana úr rústunum í von um að einhvern daginn gæti hann framleitt aftur bíla fyrir almennan markað. Þegar stríðinu lauk var Louis Renault handtekin fyrir landráð og dó nokkrum mánuðum síðar. Renault-fyrirtækið var orðið eign franska ríkisins eftir stríð og byrjaði á því að framleiða bíl sem Louis Renault hafði hannað í leyni á meðan á stríðinu stóð. 4CV hét hann, var byggður á svipuðum grunnþáttum og Volkswagen-bjallan, og varð gríðarlega vinsæll. Sá sem tók við af 4CV var Dauphine og varð hann enn vinsælli. Þá fór Renault í viking og setti á laggirnar verksmiðjur í öðrum löndum og margfaldaði sölu. Næst fór Renault að framleiða sendibíla sem þróaðist yfir í vörubíla sem þeir framleiða í dag. Renault-bílar hafa oftast verið framúrstefnulegir í útliti og vinsælir. Þrátt fyrir það hafa þeir ásamt öðrum frönskum bílum haft óorð á sér seinustu áratugi fyrir að vera óáreiðanlegir.

Citroën vann fyrir Mors

André-Gustave Citroën fæddist árið 1878. Afí hans vann við að selja ávexti og fékk viðurnefnið Limoenman (sem þýðir límónu- maðurinn) en pabbi André færði nafnið yfir á hollensku og úr varð Citroën – sem André breytti svo sjálfur í Citroën. Þegar André var búinn með háskóla hafði hann misst báða foreldra sína og ákvað að heimsækja heimaland móður sinnar, Pólland. Þar sá hann trésmið notast við tannhjól með „síldarbeinasniði“ (e. Herringbone structure), þ.e. að tennurnar lágu skáhallt hver á móti annarri. Hann keypti einkaleyfið á þessari uppfinningu ódýrt og notaði síðar meir í bílana sína sem einkenni þá, en girarnir voru mun hljóðlátari en aðrir girar og afköstuðu meira. Eftir það hefur þessi týpa tannhjóla gjarnan verið notuð í bíla og fleiri tæki. Citroën-merkið er einmitt skírskotun í síldarbeinatannhjól (e. Double Chevron).

Bílasaga André Citroën byrjaði þegar honum var boðið að stjórna Mors-bílaframleiðandanum, en þar gekk honum mjög vel þrátt fyrir ungan aldur. Í fyrri heimsstyrjöld fjölðaframleiddi hann vopn fyrir Frakklandsher.

Citroën 4. stærsti í heiminum

Árið 1919 stofnaði hann svo bílaframleiðandann Citroën sem varð einmitt fyrsti fjölðaframleiðandi bíla utan Bandaríkjanna en André

öðlaðist reynslu af vopnaframleiðslu í stríðinu. Á aðeins átta árum var Citroën orðinn fjórði stærsti bílaframleiðandinn í heiminum. Árið 1924 kynnti Citroën fyrsta bílinn utan Bandaríkjanna sem var aðeins úr stáli, B10. Tíu árum síðar gaf Citroën út hinn framúrstefnulega Traction Avant sem var fyrsti fjölðaframleiddi framhjóladrifni bíllinn og einn fyrsti fjólsbílinn sem ekki var byggður á grind, þ.e. að styrkur bílsins var í yfirbyggingunni eins og flestir bílar eru í dag. Sá bíll kostaði gríðarlega mikið í þróun og tækjabúnaði fyrir Citroën og olli því að fyrirtækið fór á hausinn og var tekið yfir af dekkjaframleiðandanum Michelin. Rétt fyrir seinni heimsstyrjöld var André Citroën farinn að þróa nýjan ódýran fjólsbíl sem átti að vera hið fullkomna tæki fyrir bændur í sveitum Frakklands. Eftir stríð var þráðurinn tekinn upp að nýju og úr varð 2CV sem er mest seldi bíll Citroën.

Citroën DS mesta þróunarstökkið

Árið 1955 kom út annar byltingarkenndur bíll frá Citroën, DS. Sá bíll var stútfullur af tækninýjungum og er í raun sá bíll sem ýtti undir mesta þróunarstöckið í sögu bílaíðnaðarins. James May úr sjónvarpsþáttunum Top Gear lýsir honum sem „tvímælalaust besta bíl í heimi“. Ég fer meira í smáatriðin síðar í greininni.

André hafði mikið vit á framleiðslu og markaðsfræðum og átti heimsmet í stærstu auglýsingu í heimi þegar allur Eiffel-turninn var ein risastór Citroën-auglýsing á millistríðsárunum 1925-1934 og sendi hann, líkt og Peugeot, bíla sína í langferðir um torfærur í Afríku, Asíu og Ameríku sem markaðsherferð fyrir ágæti bíla hans. Citroën framleiddi líka mjög sniðuga sendibíla sem voru áreiðanlegir og elskaðir af litlum sem stórum fyrirtækjum. Á sjöunda áratugnum keypti Citroën nokkur fyrirtæki eins og Panhard og Berliet frá Frakklandi og Maserati frá Ítalíu.

Fiat tekur yfir Citroën

Eftir það seldi Michelin hlut sinn í fyrirtækinu og FIAT tók yfir. Á þeim tíma voru Citroën í samvinnu við Maserati og N.S.U. við að framleiða bílvélar. Mikill skattur var lagður á eyðslufrekar vélar og sportbíla vélar frá Maserati og Rotary (Wankel) vélarnar frá N.S.U. skiluðu báðar fjölmörgum hestöflum en hræðilegum eyðslutölum sem gerði þær allt of dýrar. Auk þess þurfti Citroën að hætta að selja bíla sína í ▶



Innovation
that excites

NISSAN PULSAR EINN BEST ÚTBÚNI BÍLLINN Í SÍNUM FLOKKI



VETRARDEKK FYLGJA ÖLLUM
NÝJUM NISSAN PULSAR Í
TAKMARKAÐAN TÍMA

NISSAN PULSAR

ACENTA DÍSIL / EYÐSLA 3,6 L/100 KM*

3.590.000 KR.

STÁÐALBÚNAÐUR Í NISSAN PULSAR ACENTA ER MEÐAL ANNARS:

LED dagljósaabúnaður, NissanConnect upplýsingakerfi með 7" snertiskjá, íslensku leiðsögukerfi og samþættingu við snjallsíma fyrir Facebook og Google leit, Bluetooth handfrjáls síma- og hljómþækjabúnaður, leðurklætt stýri með aðgerðahnóppum, bakkmyndavél, aðalljós með birtuskynjun, upplýsingatölva með 5" litaskjá, sjálfvirkur regnskynjari á rúðupurrkum, tvískipt sjálfvirk loftkæling, 16" álfelgur, lykillaust aðgengi og ræsing.

REKSTRARLEIGA Á SÉRKJÖRUM

Þjódum nokkra bíla á lækkuðum rekstrarleigukjörum.
Innifalín í leigu eru tryggingar, dekk
og reglubundið þjónustuefirtílit.

Leitið nánari upplýsinga hjá sölumönnum Nissan.

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL sölumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



► Norður-Ameríku útaf breyttum lögum um hönnun bíla. Allt þetta auk lélegrar stjórnunar Ítalanna hjá FIAT orsakaði annað gjaldþrot 1974 þegar Peugeot PSA tók yfir. Síðan þá hafa Peugeot og Citroën sent frá sér bíla sem deila ýmsum íhlutum og eru jafnvel nauðalíkir. Seinustu áratugi hafa þeir talist frekar óáreiðanlegir og óvinsælir bílar en þeir virðast vera að ná sér upp úr því kviksyndi.

Bugatti vildi bara kappakstursbíla

Ettore Arco Isidoro Bugatti fæddist á Ítalíu árið 1881 en flutti til annarra landa sem ungur maður í leit að vinnu. Hann var nýbúinn með menntun sína í listum þegar hann fékk vinnu hjá reiðhjólaframleiðanda í Frakklandi. Þar prófaði hann sig áfram með því að setja vélar í reiðhjól og þríhjól og keppti síðan á þeim. Árið 1901 hannaði Bugatti sinn fyrsta bíl sem vann til verðlauna á alþjóðlegri bílasýningu í Milánó. Hann var ráðinn sem hönnuður til bílaframleiðans de Dietrich en á þeim tíma var hann í sífellu að þróa kappakstursbíla sem yfirmönnum hans fannst hvítleitt svo að Bugatti var látinn taka poka sinn. Á meðan hann vann hjá de Dietrich á milli 1902 og 1904 hafði hann hannað bílana Type 3, 4, 6 og 7 en þeir voru gefnir út undir nafni Bugatti og de Dietrich. Þaðan fór hann til Deutz í Þýskalandi en aldrei þreifst hann lengi á hverjum stað og vann best sjálfur í kjallaranum heima hjá sér. Árið 1910 stofnaði hann sitt eigið fyrirtæki. Bugatti hannaði

fjóra kappakstursbíla á árunum 1910-1914, þangað til fyrri heimstyrjöldin gekk í garð. Hann gerði sér grein fyrir hvað væri að fara að gerast í stríðinu svo að hann bar feiti á vélarnar sínar, gróf þær í garðinum og flúði til Ítalíu. Eftir stríð flæddu verkefni inn á borð Bugatti og verksmíðja hans hafði lifað styrjöldina af.

Bugatti vann flestar keppnir

Á milli 1922 og 1940 hannaði Bugatti fjórtán mismunandi kappakstursbíla og svipað magn af farþega bílum til almenningsþegar. Kappakstursbílar hans vöktu mikla athygli í fjölmiðlum enda litu þeir öðruvísi út en aðrir kappakstursbílar og skáru sig úr á mörgum sviðum. Eitthvað virtist Ettore vera að gera rétt því að bílar hans unnu kappakstra um alla Evrópu, svo sem Le Mans, Monte Carlo o.fl. Hann stofnaði fyrsta eiginlega kappakstursliðið sem fól í sér að hann var með sína eigin ökuþóra, tjald yfir þá og aðra starfsmenn, rennandi vatn og allt sem þurfti til að öllum liði vel. Bugatti hannaði einnig bát, flugvél og lest og náði meira að segja hraðameti með lest sinni og bát. Árið 1939 dó sonur Bugatti og hafði þá mikil áhrif á hann og á sama tíma reið seinni heimsstyrjöldin yfir og Þjóðverjar notuðu verksmíðju hans til að framleiða hernaðarfarartæki, meðal annars Schwimmgewagen. Undir lokin keypti Ettore sér bátahöfn undir risastóru snekkjuna sína þrátt fyrir að vera nánast kominn á hausinn. Snekkjan fékk

alla hans athygli og náði hann sér í lungnabólgu á snekkjunni og lést árið 1947. Eftir andlát hans reyndi sonur hans að halda fyrirtækinu á lífi en á endanum þurfti fjölskyldan að selja fyrirtækið og var það á flakki þangað til árið 1998 þegar Volkswagen Group keypti það og endurlífgaði með tilkomu Bugatti Veyron.

Citroën DS bjargaði Charles de Gaulle

Charles de Gaulle Frakklandsforseti lenti eitt sinn í árás hryðjuverkamanna er hann var í Citroën DS bíl sínum og höfðu árársarmennirnir náð að sprengja öll dekk bílsins en sökum góðrar fjöðrunar keyrði bíllinn áfram og náði að koma forsetanum í skjól. Eftir þetta atvik vildi de Gaulle ekki láta keyra sig í neinu öðru en Citroën DS og var sérstök forsetaútfærsla framleidd sérstaklega fyrir hann. Upptalningin er þó ekki búin: Framljósir voru tengd við stýrisbúnað bílsins svo að hann lýsti alltaf inn í beygjurnar. Sumir partar yfirbyggingarinnar voru úr áli eða jafnvel plasti til að draga úr þyngd. Öryggisbúnaðurinn var líka nýstárlegur. Í yfirbyggingunni voru krumpusvæði fyrir árekstra, styrktur toppur þýddi að bíllinn féll ekki saman þótt hann ylti og vélin var hönnuð til að færast undir bíllinn í árekstri í stað þess að enda inni í bílnum og kremja lappir ökumanns og farþega. Á fyrsta deginum voru 12.000 bílar seldir og var hann í sölu í 20 ár. Þess má til gamans geta að DS er borið fram á frönsku eins og Déesse sem þýðir gyðja.

Peugeot 205 – Þrátt fyrir að til-
tölulega fáir Peugeot bílar hafi verið byltingarkenndir miðað við Renault og Citroën þá má ég til með að nefna einn þeirra. Peugeot 205 kannist þið eflaust við. Hann fór í framleiðslu árið 1983 og var í framleiðslu til 1998, en þegar hann kom út var Peugeot komið á heljarþróm. Þessi litli framhjóladrifin hlaðbakur bjargaði Peugeot frá gjaldþroti þegar hann sló í gegn. Hann var þekktastur fyrir stórkostlega fjöðrun eins og margir aðrir franskir bílar en þessi var svo lítill og sportlegur í akstri og þó á viðráðanlegu verði.

205 kom út í alls konar út-
færslum og seldust alls 5,3 milljónir eintaka. Þekktasta útfærslan



Citroën 2CV

er þó GTi sem var sportútfærslan. Sá bíll náði að keppa við sportbíla sem kostuðu margfalt meira einmitt vegna þess að hann var svo lítill, léttur og með góða fjöðrun. Þessir bílar komu Peugeot aftur á kortið í kappakstri því að 205 var gríðarlega sigursæll í heimsrallinu á sínum tíma.

Bíllinn sem kom á eftir, Peugeot 206, var byggður á svipaðri hugmynd og varð enn vinsælli.

Renault 4 – Einn mikilvægasti Renault-bíllinn kom út árið 1961 sem svar við 2CV frá Citroën. Yfirmaður Renault á þeim tíma, Pierre Dreyfus, vildi fá bíl með flötu gólfi og lóðréttri skott-hurð en gerði sér ekki grein fyrir því að eina leiðin til að ná þessu markmiði var að framleiða framhjóladrifinn bíl. Renault 4 var fyrsti framdriftsbíllinn frá Renault og jafnframt fyrsti hlaðbakurinn (e. Hatchback) í heiminum. Hann seldist í yfir átta milljónum eintaka. Nánast allir Renault-bílar hafa verið framhjóladrifnir síðan.

Renault Espace – Renault voru ekki bara fyrstir að hanna hlaðbakinn. Þeir fundu einnig upp annan flokk af bílum sem eru nokkuð vinsælir í dag: Strumpa-strætóinn sem oft er kallaður fjölnotabíll (e. Multi Purpose Vehicle). Það voru nokkrir aðrir bílar sem höfðu komið út áratugum áður sem byggðust á svipaðri grunnhugsun en Renault Espace var fyrsti fjölnotabíllinn eins og við þekkjum í dag. Espace kom út árið 1984 og seldist afar illa fyrstu mánuðina, en svo uppgötvaði fólk hvað það var sniðugt hve hann líktist sendibíl ásamt því að hafa fleiri sæti.

Kappakstur í Frakklandi

24 heures du Mans eða Le Mans 24 klukkustunda kappaksturinn er með frægari þolraunum bíla og ökuþóra. Þar keppa yfirleitt þrír ökuþórar á hverjum bíl og keyra allt að 4 klukkustundir í einu. Mjög margar uppfinningar og mikil þróun hefur orðið í Le Mans kappakstrinum líkt og í Formúlu 1.

Paris-Dakar kappaksturinn varð til uppúr hugmynd Thierry Sabine sem hafði villst í Ténéré-eyðimörkinu á bíl og fannst landslagið kjörið fyrir kappakstur. Fyrstu árin var alltaf keppt á milli Parísar í Frakklandi og Dakar í Senegal en síðar þurfti að breyta leiðinni út af stríðsástandi sem ríkir í Afríku. Þess vegna hefur kappaksturinn verið haldinn í Suður-Ameríku frá árinu 2009.

Eins og sést í þessari grein hefur franskir bílaíðnaðurinn gefið okkur alls kyns nýjungar ásamt framúr-
stefnulegri hönnun. Frakkarnir eru kannski þekktir fyrir skrítna bíla og það má jafnvel ásaka þá fyrir að hafa framleitt frekar óspennandi bíla undanfarna tvo áratugi. Við megum þó ekki gleyma því að oftast en einu sinni hafa þeir umbreytt bílaíðnaðinum gjórsamlega og er ég handviss um að þeir séu ekki hættir því. Við skulum bara vona að Renault fari aftur að framleiða Alpine-sportbíla sem ég náði ekki að tala um í þessari grein, að Peugeot haldi áfram að gera góða hluti með 208, arftaka 205, og að Citroën framleiði aftur byltingarkenndan lúxusbíl í sérflokki líkt og þeir gerðu með DS á sínum tíma. Þegar þú hugsar um bíla núna, er Frakkland þá fyrsta landið sem kemur upp í hugann?



Peugeot 205 GTI

Sögulegir bílar

Bugatti Type 35 – Líklega frægasti Bugatti-ínn í sínum „Bleu de France“ lit (franski kappakstursliturinn). Sigursælasti bíll Bugatti sem vann yfir þúsund keppnir á sínum tíma. Hann kom fram á sjónarsviðið árið 1924, kom alls í fimm útgáfum og er áætlað að um 400 stykki hafi verið framleidd. Áætlað verð á nokkrum tþpum af Type 35 er í kringum 3,5 milljónir Bandaríkjadala í dag.
Bugatti EB110 – Árið 1987 eignaðist Ítalinn Romano Artioli Bugatti-merkið og lét reisa verksmíðju í Modena á Ítalíu. Árið 1991 kom svo út frumburður þeirrar verksmíðju sem bar nafnið EB110 og átti sá bíll algjörlega að feta í fótspor forvera sinna. Bíllinn var byggður úr koltrefjaefnum, var fjórhjóladrifinn og í miðjum bílnum lá 3,5 lítra V12 vél með fjórum forþjöppum sem gáfu samtals 560-612 hestöfl, sem þótti gríðarlega mikið á þeim tíma. Mörg útlitsleg einkenni voru fengin beint frá eldri bílum Bugatti. Ástæðan fyrir því að EB110 náði ekki þeim vinsældum sem hann átti skilið er að aðeins ári eftir að hann kom út sendi lítið breskt kappakstursfyrirtæki frá sér sinn fyrsta bíl fyrir almenning. Sá bíll hét McLaren F1 og var hraðskreiðasti framleiðslubíll veraldar um nokkurt skeið og

er enn í dag einn frægasti bíll sögunnar. EB110 tók þátt í Le Mans kappakstrinum og náði fimmta sæti í sínum flokki þrátt fyrir að hafa ekki náð að ljúka keppni.

Bugatti Veyron – Árið 1998, 45 árum eftir að Bugatti var í eigu Frakka, keypti Volkswagen Group merkið. Þess vegna er frekar hæpið að Bugatti Veyron, sem kom út árið 2005, sé í raun talinn franskur bíll. Ég ákvað samt að nefna hann hér því hann fylgir áfram meginreglum Ettore Bugatti auk þess að vera byltingarkenndur bíll. Þegar hann kom út var hann langhraðskreiðasti bíll heims sem þú gast keyrt á götunum. Hann kom með 8 lítra vél sem var með fremur sérstöku sniði, en tvær V8 vélar voru splæstar saman til að mynda W16 vél sem skilaði rúmum þúsund hestöflum með hjálp fjögurra forþjappna. Síðan Veyron kom út hefur hann líklega verið umtalaðasti bíllinn en hann er í dag kominn til ára sinna og hlýtur að fara að styttaast í næsta Bugatti frá Volkswagen Group.

Citroën Traction Avant (1934-1957) – Fyrsti fjöldaframleiddi framhjóladrifni bíllinn ásamt því að vera einn af fyrstu bílum með sjálfstæða fjöðrun á öllum hornum. Einnig var hann einn



Bugatti Veyron



Bugatti Type 35

af fyrstu bílum sem ekki voru byggðir á grind, heldur var styrkurinn í yfirbyggingunni sjálfri.

Citroën Rosalie – Í ljósi þess hversu vinsælar dísilvélar eru í dag þá varð ég að nefna þennan bíl. Þrátt fyrir að Þjóðverjinn Rudolf Diesel hafi fengið einkaleyfi á dísilvélinni árið 1892 þá var fyrsti fjöldaframleiddi bíllinn sem fánlegur var með dísilvél Citroën Rosalie sem kom fram á sjónarsviðið árið 1936.

Citroën 2CV – Fyrir seinni heimsstyrjöld hafði Citroën prófað lítinn hugmyndabíl en þegar stríðið hófst hætti þróunarvinna við hann. Loks árið 1948 kom Citroën 2CV



Citroën Rosalie

út. Hann var ódýr, lítill og sniðgur bíll hugsaður fyrir bæði bændur og borgarbúa. Hann reyndist vera algjör smellur og seldust á árunum 1948-1990 tæpar 9 milljónir eintaka. 2CV var einstaklega vel hannaður. Hann var hugsaður til að vera bæði ódýr í kaupum og rekstri, eyddi litlu eldsneyti og auðvelt var að gera við hann sjálfur. Einnig var hann með mjög góða fjöðrun með mikilli slaglengd sem nýttist bændum mjög vel.

Citroën DS – Þegar DS kom út árið 1955 leit hann allt öðruvísi út en allir aðrir bílar á þeim tíma. Í dag er auðvelt að sjá að það er vegna þess að allir bílar sem á eftir honum komu voru hannað-

ir með DS í huga. DS breytti útliti bíla til frambúðar. Yfirbygging og útlit bílsins var engin tilviljun – hún skilaði hagstæðu loftflæði um bíllinn og minni loftmótstöðu. Einnig var hann fyrsti fjöldaframleiddi bíllinn með diskabremsur sem allir bílar hafa sem staðalbúnað eftir það. Hann var með hálf-sjálfskiptan girkassa með engri kúplingu og vökva- og gasfjöörun sem hækkaði og lækkaði eftir kröfum ökumanns og fjaðraði eins og tófrateppi – eða þannig hefur honum oft verið lýst. Bíllinn getur meira að segja ekið á þremur hjólum því að fjöðrunin stillir sig sjálf eftir aðstæðum og ekki þarf að tjakka bíllinn upp til þess að skipta um dekk.

Stórglæsilegur Ford Mondeo með framúrskarandi aksturseiginleikum frá aðeins **3.990.000** kr.



NÝR FORD MONDEO

- Ef þú ert að leita að rúmgóðum bíl með framúrskarandi aksturseiginleika, sem jafnframt unun er að horfa á, þá er Ford Mondeo bíllinn.

Stórglæsilegur bíll sem rúmar alla fjölskylduna ásamt öllum farangrinum sem henni fylgir. Ný fjöðrun skilar enn betri aksturseiginleikum og hljóðlátara innra rými.

Veldu á milli 5 dyra eða station. Einnig fáanlegur fjórhjóladrifinn á frábæru verði, eða frá aðeins 5.990.000 kr.

Upplifðu frábæra aksturseiginleika Ford - komdu og prófaðu

FORD MONDEO

BEINSKIPTUR

FRÁ **3.990.000** KR.

SJÁLFSKIPTUR

FRÁ **4.990.000** KR.



ford.is

20 ára afmæli
Ford hjá Brimborg



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík Brimborg Akureyri
Bíldshöfða 6 Tryggvabraut 5
Sími 515 7000 Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söluveildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

Ford Mondeo 5 dyra, EcoBoost bensín 125 hö. 6 gra beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,1 l/100 km. CO₂ losun 119 g/km.

Ford Mondeo 5 dyra, EcoBoost bensín 160 hö. Sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 6,3 l/100 km. CO₂ losun 146 g/km.

Ford Mondeo 5 dyra, TDCi dísil 150/180 hö. Sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,8 l/100 km. CO₂ losun 125 g/km.

Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.



MÖGNUM ÓDÝRSTA ÚTFÆRSLA GOLF BRENNIR METANGASI

Hver hefði trúað því að hægt væri að fá svo góðan bíl á ríflega 3 milljónir króna, en hér er kominn jafningi annarra útgáfa Volkswagen Golf sem bæði gengur fyrir metani og bensíni og er með 1.300 km drægi.

VOLKSWAGEN GOLF TGI
Finnur Thorlacius Reynsluakstur

Langóðyrasta gerð Volkswagen Golf er metanútgáfa hans, Golf TGI, en hann kostar aðeins 3.090.000 kr. Ég trúði reyndar vart eigin augum þegar ég sá Heklu aug-

lýsa þennan bíl fyrsta skipti og sá verðmiða hans. Ha, er virkilega hægt að fá Golf á rétt ríflega 3 milljónir króna? Þetta varð náttúrulega til þess að ég varð að prófa bílinn og finna út hvort hann væri eins góður og allar þær aðrar gerðir Golf sem ég hef áður reynt. Skýringin á þessu lága verði er að hann brennir bæði metangasi

og bensíni og fellur í 0% vörugjaldsflokk líkt og um rafmagnsbíl væri að ræða. Munurinn á þessum bíl og t.d. rafmagnsútgáfu Golf, þ.e. e-Golf, er sá að miklu ódýrara er að framleiða Metan-Golfinn en e-Golf og innkaupsverðið er miklu lægra sem skilar sér beint til kaupandans. Raunar ættu kaupendur að hafa í huga að þeir

þurfa ekkert endilega að nýta sér metangasið sem bíllinn getur brennt, heldur geta ekið einungis á bensíninu með bros á vör bara vegna verðsins. Það eykur samt enn á ánægjuna að spara sér eldsneytiskostnað þar sem metangasið er enn talsvert ódýrara en bensín og vegna þess að bíllinn er bæði með eldsneytistank fyrir það og 50 lítra bensíntank er drægi bílsins mjög mikið.

Með 1.300 km drægi

Vélin í Golf TGI er 1,4 lítra TGI sem skilar 110 hestöflum. Hestaflatalan er ekki með þeim hætti, en upplifunin við akstur hans bendir til allt annars því hann togar jafn mikið og 122 hestafla 1,4 TSI-vélin. Það kom mér verulega á óvart hvað bíllinn var snarpur og í reynsluakstrinum var aðeins ekið á metangasi, því aka hefði þurft æði langt til að klára það, en þá skiptir bíllinn yfir í bruna bensíns. Ekki fannst fyrir því að ekið væri á metangasi og hann er fullt eins aflmikill þannig. Heildardrægi Golf TGI er hreint með ólíkindum, eða 1.300 km og því má næstum aka heilan hring um landið án þess að fylla. Við reynsluakstur bílsins var ég í raun alltaf að bíða eftir því að finna hvort þessi nýja útgáfa Golf væri frábrugðin eða verri öðrum gríðargóðum útgáfum hans. En það bara fannst aldrei fyrir því, hann er bara alveg jafn góður, með sömu góðu akstursegingleikana og alveg eins að innan. Það eina sem er frábrugðið er að það eru tveir eldsneytismælar. Svo er enginn munur á búnaði og í „venjulegum“ Golf og sömu valmöguleikar á aukahlutum. Talandi um aðrar gerðir Golf þá eru þær nánast óteljandi, með bensín- og dísilvélinum, sem tvinnbíll, rafmagnsbíll og nú metanbíll. Auk þess fæst hann sem aflmikill GTI-bíll og nánast sem ofurbíll í R-útgáfunni. Útgáfunar á Golf í verð-

lista Heklu eru 28 og ekki dæmi um annað eins.

Hljóðlát og þýðgeng vél

Golf TGI er nú fyrsta skipti fánlegur af þessari sjöundu kynslóð Golf og var hann fyrst kynntur á bílasýningunni í Frankfurt, sem nú er nýafstaðin. Engu að síður er bíllinn kominn til Íslands. Áður framleiddi Volkswagen Passat í metan-útfærslu, en er nú hætt því og hefur snúið sér að Golf. Undir Volkswagen-regnhlífinni eru reyndar tveir aðrir bílar með sömu tækni, Audi A3 G-Tron og Skoda Octavia G-Tec og er Octavian líka fánleg hjá Heklu. Athygli vekur hvað vélin í Golf TGI er hljóðlát og þýðgeng og talsverður munur á henni og dísilvélinum og einskis titrings gættir í bílnum. Þar sem bíllinn er 170 kílóum þyngri en í Golf með hefðbundnu 1,4 l TSI-bensínvélinni er hann þyngri í upptaki og er þrátt fyrir sitt ágæta tog yfir 10 sekúndur í hundraði, en samt finnst manni aldrei skorta afl við inngjöf. Merkiliga lítið finnst hins vegar fyrir þyngdinni í akstri og virðist sem þyngdarreifingin í bílnum bjargi því og rásfesta hans er mjög góð og leggja má talsvert mikið á bílinn áður en hann missir grip. Allt er mjög traust í bílnum og þétt og veghljóð lítið og hreint merkilegt að aka svo góðum bíl sem ekki kostar meira en þetta. Það er vafalaust að þakka hve mikið hefur verið lagt í þróun Golf í öllum sínum gerðum, enda ástæða til fyrir bíl sem selst í meira en milljón eintökum á ári um allan heim.

Frábær DSG-sjálfskipting

Hægt er að fá Golf TGI bæði með 6 girra beinskíptingu og 7 girra DSG sjálfskiptingu með tveimur kúplingum og þannig var reynsluakstur bíllinn. Þessi DSG-skipting er alveg frábær og þó svo gaman sé að fá ekki stærri bíl en þetta beinskíptan þá er DSG-sjálfskipting svo

JEPPADEKK
fyrir íslenskar aðstæður

Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | 540 4900 | www.arctictrucks.is

VOLKSWAGEN GOLF TGI

1,4 l bensínvél, 110 hestöfl
Framhjóladrif
Eyðsla 3,4 l/100 km
 í bl. akstri
Mengun 92 g/km CO₂

Hröðun 10,9 sek.
Hámarkshraði 195 km/klst.
Verð 3.090.000 kr.
Umboð Hekla



- Lítið skottrými
- Upptak



- Verð
- Drægi
- Aksturseginnleikar
- Lágur rekstrar-kostnaður

frábær að varla er hægt annað en mæla með bílnum þannig. Metantankurinn tekur aðeins af skottrými bílsins og tapar hann 89 lítrum þess vegna. Samt er það þokkalegt með 291 lítra rými. Bíllinn er álíka vel búinn að innan og jafn flottur og aðrir Golf-bílar en of langt mál er að telja það upp hér og rétt að benda fólki bara á að skoða þennan kostagrip sem kostar svona fáránlega lítið, þökk sé vörugjaldsleysi umhverfsvænna bíla. Svo þykir mörgum einmitt góð tilhugsun að eiga slíka bíla og vernda náttúruna í leiðinni.



Bæði bensín- og metanmælir eru í mælaborðinu

Golf TGI er í engu frábrugðinn öðrum Golf-bílum að innan



Óvenjulegt er um að litast í vélarhúsinu



NOTAÐIR BÍLAR



KIA Sportage EX 4WD.

Skr. 01.2015, ekinn 50 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur, leður, bakkmyndavél o.fl..
Verð 5.750.000.
 Rnr.101043.



SUZUKI Grand Vitara Premium.

Skr. 06.2011, ekinn 80 Þ.KM, bensín, sjálfsk.
Verð 3.390.000.
 Rnr.100823.



SUZUKI Swift GL 4x4.

Skr. 06.2014, ekinn 39 Þ.KM, bensín, 5 girar.
Verð 2.490.000.
 Rnr.101007.



SUZUKI Jimny JLX.

Skr. 06.2012, ekinn 82 Þ.KM, bensín, 5 girar.
Verð 2.250.000.
 Rnr.100826.



TOYOTA Auris Terra.

Skr. 05.2011, ekinn 42 Þ.KM, bensín, 6 girar.
Verð 2.150.000.
 Rnr.100991.



TOYOTA Yaris Sol.

Skr. 06.2011, ekinn 93 Þ.KM, bensín, 6 girar.
Verð 1.790.000.
 Rnr.101021.



SUZUKI Grand Vitara Luxury.

Skr. 06.2010, ekinn 96 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur, leður, sóllúga.
Verð 3.100.000.
 Rnr.100352.



NISSAN Qashqai SE.

Skr. 04.2011, ekinn 143 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.
Verð 2.750.000.
 Rnr.100849.



NISSAN Navara 4WD Double Cab AT LE.

Skr. 07.2006, ekinn 192 Þ.KM, dísel, 33" dekk, sjálfskiptur, pallhús, dráttarbeisli.
Verð 1.880.000.
 Rnr.101039.



Suzuki bílar hf • Skeifan 17 • 108 Reykjavík • Sími 568 5100 • www.suzuki.is

Komdu og skoðaðu úrvalið

40 ÍSLENDINGAR FARA Á DAYTONA TURKEY RUN Í NÆSTA MÁNUÐI

Vænn Íslendingahópur hefur farið á hátíðina í 18 ár í röð og stærstur var hann 145 manns.

Í átjándra skiptið í röð ætla hópur Íslendinga að fara á hina mögnuðu bíladaga Daytona Turkey Run sem haldnir eru í Daytona í Flórída í nóvember á hverju ári. Ávallt fer vænn hópur Íslendinga á þessa hátíð. Stærstur var hópurinn árið 2008 en 145 landar fóru á hátíðina, en 75 manns fóru í fyrra. Öll þessi 18 ár hefur Sigurður Óskar Lárusson, starfsmaður Frumherja, farið fyrir hópnum og myndaði hann strax samstarf við Icelandair. Það hefur tryggt hófstíllt verð í þessar ferðir.

Mekka fornbílaáhugamanna

Nú í ár er um bæði 11 og 15 daga ferð að velja og kostar sú styttri rétt ríflega 200.000 kr. með öllu, hóteltgistingu, samgöngum á milli staða og miðum á hátíðina. Fyrstu árin var boðið uppá 8 daga ferðir, en síðan urðu þær lengri, ekki síst svo að þátttakendur gætu einn-

ig nýtt sér lágt verð í Bandaríkjunum fyrir jólaínkaupin, en komið er heim í byrjun desember. Turkey Run er algjör Mekka fornbílaáhugamanna. Í ár er 42. árið sem hún er haldin og fjöldi sýningarbíla er yfirleitt í kringum 6.000 og og fjöldi gesta um og yfir 100.000 á dag. Sýningin stendur yfir í 4 daga og hefst á þakkargjörðardaginn.

Ekki síður kvennaferð

Fyrstu árin var algengt að karlmenn væru í miklum meirihluta héðan en það breyttist fljótt, karlmennirnir sáu að þessi ferð var ekki síður fyrir maka þeirra. Í samtali við Sigurð sagði hann: „Það er ekki erfitt að eyða klukkustundum saman á sýningunni hvort sem er að skoða bílana, spjalla við sýnendur og ekki síst að grúska í varahlutabásunum. En það er mikill fjöldi söluaðila á svæðinu, bæði með nýja

og notaða hluti. Algengt er að menn séu búnir að panta sér hluti áður en þeir fara út og kippa þeim upp á sýningunni, en þá er um að ræða sérpantanir á nýjum hlutum. Þá er mikill fjöldi sem safnast saman við verslunarmiðstöð á plani sem heitir Bel Air Plaza. Þar er verið að sýna sig og sjá aðra og sýna fallegu bílana sína og jafnvel að selja þá.

Íslendingarnir vakið mikla athygli

Íslendingahópurinn hefur ávallt vakið mikla athygli á Daytona og ætla ferðamálaráð þar í bæ að gefa okkar fólki smá „welcome“-gjöf og spennandi verður að sjá hver hún verður,“ sagði Sigurður. Þau eru agndofa yfir að við séum að koma í 18. sinn og dvelja á Daytona í allt að viku í senn og lengur í heildina. Ferðin byrjar í Orlando og gisti á Rosen Inn at Pointe þar í bæ. Það er gífurlegt líf þar í kring, fullt af söfn-



Turkey Run í Daytona í Flórída.

um, matsölustöðum, stutt í alla garða, stutt í útsöluverslunarmiðstöð, Florida Mall og endalausa afþreyingu. Síðan verður farið til Daytona og dvalið á Holiday Inn sem stendur við

A1A strandgötuna. Stærsta útsala ársins hefst seint að kvöldi þakkargjörðardags og ekki slæmt að huga að jólaínkaupunum í leiðinni,“ sagði Sigurður að lokum.

HVAÐ FÉKK VOLKSWAGEN TIL AÐ SVINDLA?

Miklu afli, lítilli eyðslu og lítilli mengun er torvelt að ná með dísilvélum. Auk þess er mengunarvarnarbúnaður mjög dýr.

Margir velja því vafalaust fyrir sér hvað rak Volkswagen til þess að svindla svo gróflega á mengunarreglum þeim sem bílasmiðum eru settar í Bandaríkjunum og víðar. Fyrir því hljóta að vera góðar og gildar ástæður þó segja meggi að aldrei séu gildar ástæður til að svindla. Þegar þróun dísilvéla stóð sem hæst og heimurinn var sem meðtækilegastur fyrir dísilvélar og litla eyðslu þeirra stóð Volkswagen frammi fyrir afar lítilli sölu dísilbíla í Bandaríkjunum og reyndar almennt fremur dræmri sölu þar. Því þurfti fyrirtækið að bjóða markaðnum þar upp á einstök sölurök. Auðvitað hljómaði það vel að aflmiklar dísilvélar þeirra menguðu mjög lítið. Þær eyddu líka mjög litlu og auk þess voru bílar þeirra á mjög hagstæðu verði og verð dísilólú var lágt. Pottþétt formúla til að selja bíla, bara ef það hefði nú verið satt.

Átti að koma dísilbílum á kortið í Bandaríkjunum

Volkswagen fullyrta að fyrirtækinu hefði tekist að framleiða dísilvélar sem eyddu 90% af sótmengun þeirra með fullkomnum mengunarvarnarbúnaði. Haft var eftir yfirmanni vélaframleiðslu Volkswagen árið 2008 að með þessari nýju tækni væri komin fram vél sem myndi koma sölu dísilbíla verulega á kortið í Bandaríkjunum. Ef mengunarvarnarbúnaður þeirra hefði alltaf verið í gangi og ekki slökkt á honum í almennum akstri hefði bæði eyðslan og mengunin rokið upp og það sem fullyrt hefði verið í auglýsingum hefði engan veginn staðist. Ef slökknáði á mengunarvarnarbúnaðinum, rétt eins og svindlhugbúnaðurinn einmitt gerði í venjulegum



Dísilvél frá Volkswagen.

akstri, jókst mengunin hins vegar og varð allt að 20 sinnum meiri í tilfalli Volkswagen Passat og 35 sinnum meiri í tilfalli Volkswagen Jetta, eins og próffessorar og nemendur í West Virginia-háskólanum fundu út.

Mjög dýr mengunarvarnarbúnaður

Vandinn við smíði dísilvéla sem hlíta öllum þeim ströngu mengunarreglum sem bílasmiðum eru settar er líka sá að mjög dýrt er að útbúa þann búnað sem dugur. Með Euro5-stöðlunum kostar það um 700 evrur í hvern bíl, eða um 100.000 kr. En með Euro6-staðlinum er kostnaðurinn kominn upp í 1.300 evrur eða tæplega 190.000 kr. Þessi kostnaður er orðinn svo hár að samkeppnin við bensínbíla er orðin fremur óraunhæf. Þessi vandi með dísilvélar sem nú verður heimsbyggðinni æ ljósari mun líklega gera það að verkum að dísilbílar munu fara nokkuð hallloka í samkeppninni við bensínbíla.

Fyrirsjáanleg fækkun bíla með dísilvélar

Því má búast við því að bílaframleiðendur fækki þeim bílgerðum mjög sem eru með dísilvélar, en það gerist ekki á einni nóttu. Sala þeirra gæti farið hratt niður eingöngu vegna þeirrar slæmu umræðu sem dísilvélar hafa fengið í kjölfar hneykslis Volkswagen.

MERCEDES BENZ MEÐ ÓRAUNHÆFUSTU EYÐSLUTÖLURNAR

Bílaframleiðendur taka flestir undir samræmdar mælingar óháðs aðila. Einblínt hefur verið á koltvísýringslosun en mun hættulegri sótmengun dísilbíla hefur gleymst á meðan.

Í árlegum mælingum Transport & Environment á eyðslumælingum nýrra bíla kom Mercedes Benz verst út allra bílaframleiðenda hvað varðar mismun á raunverulegri og uppgefinni eyðslu bíla þeirra. Bílar Mercedes Benz eyða að meðaltali 48% meira eldsneyti en uppgæfið er og bílgerðirnar Mercedes Benz A-, C- og E-Class mælast með meira en 50% meiri eyðslu en framleiðandi þeirra gefur upp. Er þetta annað árið í röð sem Mercedes Benz fær þennan vafasama titil hjá T&E, en stofnunin birti sína árlegu skýrslu seint í síðasta mánuði. Aðrir bílaframleiðendur koma ekki mikið betur út í skýrslunni og bílgerðirnar BMW 5 og Peugeot 308 mældust með rétt undir 50% meiri eyðslu en uppgæfin er af framleiðendum þeirra. Þegar allur bílaiðnaðurinn er skoðaður í dag kemur í ljós að eyðsla bíla er að meðaltali 40% meiri en uppgæfin eyðsla þeirra. Þessi tala var aðeins 8% árið 2001 og því hafa vinnubrögð bílaframleiðenda mikið breyst til hins verra á þessum 14 árum. Transport & Environment, sem er með höfuðstöðvar í Brussel í Belgíu, segir að niðurstöður mælinga þeirra hafa ekki fengið þá athygli á undanföllum árum sem ástæða væri til og munurinn á uppgæfinni eyðslu nýrra bíla og raunverulegri eyðslu þeirra væri svo sláandi að ekki væri við unað. Því meggi segja að svindl Volkswagen nú væri í raun sá toppur á ísjakanum sem stæði upp úr vatnsyfirborðinu, annað væri enn falið.

Evrópusambandið að vakna

Svo virðist þó sem reglugerðabatterið í Evrópusambandinu



Að meðaltali menga bílar 40% meira en bílaframleiðendur gefa upp.

hafi loks vaknað af þyrnirósarsvefni sínum og krefjst nú strangari eða öllu heldur réttari mælinga á evrópskum bílum og að þær verði að minnsta kosti jafn strangar og í Bandaríkjunum. Hjá Sameinuðu þjóðunum er nú gerð sú krafa að mælingar á öllum nýjum bílum heimsins verði samræmd. Annað sé ekkert vit þar sem bílar flæði um heim allan frá öllum heimshornum. Í þessari nýlegu skýrslu T&E er áherslan á eyðslu bíla og losun koldíoxíðs (CO₂). Hún tekur ekki til mælinga á þeim nituroxíðsamböndum (NO_x), eða sóti, sem dísilbílar gefa frá sér og því frávikum sem er frá raunveruleikanum og uppgæfinni losun frá framleiðendum. Koldíoxíð er talið aðal áhrifavaldur hnattrænnar hlýnunar en ekki skaðlegt fólki með beinum hætti. Annað á við um nituroxíðsamböndin, en þau eru skaðleg öndunarfarum fólks og krabbameinsvaldandi að auki.

Einblínt á koltvísýring en sótinu gleymt

Því hafa mælingar T&E verið gagnrýndar fyrir það að einblína um of á koldíoxíðlosun, en kanna ekki þá mengun sem með beinum hætti er lífshættuleg fólki, nituroxíðmenguninni. Mercedes Benz hefur gagnrýnt T&E fyrir að greina ekki frá því hvernig mælingar þeirra eru nákvæmlega framkvæmdar og því sé ekki hægt að taka niðurstöður þeirra alvarlega. Mercedes Benz segist styðja samræmdar mælingar óháðs aðila, en þó þannig að aðferðafræði þess aðila verði öllum kunn. Undir það tekur PSA/Peugeot-Citroën, en mælingar á bílum franska framleiðandans komu einna best út í könnun T&E að þessu sinni. BMW hefur einnig tekið undir að rétt sé að samræma mælingar allra bíla, þær skuli framkvæmdar af óháðum opinberum aðila og í þeim verði aðstæður við mælingar sem líkastar raunverulegum aðstæðum í akstri.

Lykill að hagkvæmni

Lykill býður upp á fjölmargar leiðir til fjármögnunar á bílum og atvinnutækjum til einstaklinga og fyrirtækja - sniðnar að þörfum hvers og eins.

Flotaleiga



Lykill leigir bílaflota til fyrirtækja með tilheyrandi þjónustu og tekur svo við honum aftur að leigutíma loknum. Fyrirtækin njóta stærðarhagkvæmni Lykils.

1

Þú finnur bíla sem henta þínum rekstri.

2

Lykill sér um kaup og rekstur bílanna.

3

Leigugreiðslan er **föst fjárhæð allan leigutímann** og því engin áhætta af verðbólgu eða gengi krónunnar.

Lykilleiga



Lykill býður þér að leigja bíl í stað þess að kaupa og lágmarka bæði kostnað og áhættu við rekstur bílsins.

1

Þú **velur bíl** í samráði við okkur.

2

Leigusamningur getur verið **12-36 mánaða** langur.

3

Leigugreiðslan er **föst fjárhæð allan leigutímann** og því engin áhætta af verðbólgu eða gengi krónunnar.

Lykillán



Einfalt og þægilegt skuldabréfaform sem hægt er að fá til fjármögnunar bifreiðar eða skráningarskylds tækis.

1

Þú **velur bíl** eða tæki í samráði við okkur.

2

Lánstími nýrra og notaðra bifreiða getur verið **allt að 7 ár**.

3

Lánin eru óverðtryggð með breytilegum vöxtum.

Lykilsamningur



Kaupleigusamningur sem hægt er að fá til fjármögnunar bifreiðar eða skráningarskylds tækis.

1

Þú **velur bíl** eða tæki.

2

Lánstími nýrra og notaðra bifreiða getur verið **allt að 7 ár**.

3

Samningarnir eru óverðtryggðir með breytilegum vöxtum.

Kostir Lykils

Lánshlutfall allt að 90% á nýjum bílum.

Lánshlutfall allt að 80% á notuðum bílum.

Fjármögnun sem hentar þínum þörfum.

Alla jafna er ekki gerð krafa um frekari tryggingu fyrir fjármögnuninni en tækið sjálft.

Góð þjónusta og hagstæð kjör.

TOYOTA AVENSIS

1,8 l bensínvél, 147 hestöfl
Framhjóladrif
Eyðsla 6,0 l/100 km
 í bl. akstri
Mengun 140 g/km CO₂

Hröðun 9,4 sek.
Hámarkshraði 200 km/klst.
Verð 3.970.000 kr.
Umboð Toyota á Íslandi



- Skortir sportlega eiginleika
- Best útbúnu útfærslur dýrar



- Rými
- Áreiðanleiki
- Ljúfur í akstri
- Gott verð



UPPFÆRÐUR AVENSIS SNIÐINN AÐ STÆRRI FJÖLSKYLDUM

Toyota Avensis má fá á 3.970.000 kr. í Live-útfærslu með 1,8 lítra bensínvél og beinskiptan. Vart getur það talist hátt verð fyrir stóran bíl sem er þó ágætlega búinn.

TOYOTA AVENSIS

Finnur Thorlacius reynsluekur

Toyota Avensis er bíl sem seldist einkar vel á Íslandi á árum áður þegar markaðurinn fyrir stærri fjölskíla blómstraði. Eftir efnahagshrunið hafa hins vegar smærri fjölskílar og jeppingar að mestu tekið við magnsölu, en með bættum efnahag er nú aftur farið að gæta sölu á stærri fjölskílum. Toyota Avensis er í stærðarflokki með Ford Mondeo, Volkswagen Passat, Skoda Octavia, Mazda6 og öðrum vinsælum bílum sem seljast í miklu magni um heim allan. Í þessum flokki bíla er því mikil samkeppni. Allir eiga þeir það sammerkt að vera vel heppnaðir og Toyota Avensis þar á meðal. Þar fara rúmmiklir bílar sem fara vel með fjölskyldur og heppi legir fyrir stærri gerðir þeirra, ekki síst þeirra ferðaglöðu. Verð þeirra flestra í sínum ódýrustu útfærslum er rétt undir 4 milljónum og það getur vart talist tilviljun að þeir eru allir á svo til sama verðinu. Toyota Avensis má fá á 3.970.000 kr. í Live-útfærslu með 1,8 lítra bensínvél og beinskiptan. Vart getur það talist hátt verð fyrir stóran bíl sem er þó ágætlega búinn. Hann er framleiddur í Evrópu, nánar tiltekið í Bretlandi, er sniðinn að þörfum Evrópubúa og hefur selst í 1,7 milljónum eintaka í álfunni.

Andlitslyfting á þriðju kynslóð

Toyota Avensis er nú af þriðju kynslóð, en í ár er hann kominn andlitslyftur og enn meira hlaðinn tækninýjungum. Þegar Avensis kom fyrst á markað árið 1997 leysti hann af velli Toyota Carina, sem margir muna eftir og seldist mjög vel á Íslandi.

Hann var greinilega ágætlega smíðaður bíl, líkt og Avensis, því enn má sjá eintök af honum á götum landsins. Talandi um endingu Toyota-bíla þá þarf líklega ekki að kynna hana fyrir Íslendingum, en þeir eru kunnir fyrir mjög góða endingu, litla bilanatiðni og hátt endursölverð og því má einnig búast við í tilfelli Avensis. Toyota býður nú Avensis með tveimur vélarkostum, 1,8 lítra bensínvél sem er 147 hestöfl og 1,6 lítra dísilvél sem afkastar 112 hestöflum. Til prófunar var bensínbíllinn með sjálfskiptingu og það í „sedan“-útfærslu. Avensis má sem fyrr einnig fá í langbaksútfærslu og búast má við því að hann seljist í meira magni, en með því er kominn bíl með mikla flutningsgetu.

Litlar breytingar að utan en meiri að innan

Avensis hefur ekki breyst ýkja mikið með andlitslyftingunni nú, en þó er hún greinanleg og bíllinn hefur fengið LED-aðalljós. Breytingin að innan er miklu meiri og vel hefur tekist til hjá Toyota þar og meiri lúxustilfinning til staðar. Sætin eru nú miklu betri og sérhönnuð fyrir lengri ferðir, auk þess sem þau eru miklu flottari útlits. Mælaborðið hefur einnig tekið jákvæðum stakkaskiptum, en eins og ávallt virðist allt vel smíðað og traustvekjandi þó efnisvalið mætti vera ríkulegra. Átta tommu snerti-aðgerðaskjár er fyrir miðju mælaborðinu og auðvelt var að læra á allt þar. Mælur bak við stýri eru miklu flottari og vel útlitandi upplýsingaskjár á milli hraðamælis og snúningshraðamælis. Allt er einfaldlega uppsett og því auðvelt að læra á stjórnþækin á stuttum tíma, en það er sammerkt öðrum Toyota-bílum. Eftirtektarvert var hve vel hefur tekist til við ein-

angrun bílsins og mikil bót þar á ferð og meira að segja miðstöðin var orðin miklu hljóðlátari. Vel er hægt að missa sig í að útbúa bílinn flottustu innréttingunni með flestum tækninýjungunum, en hafa skal í huga að þá hækkar verðið hratt. Dýrasta útgáfan, TS Premium, með sömu vél og sjálfskiptur kostar 6.190.000 kr. og það er 56% dýrari bíll en grunngerðin, 2,22 milljónum dýrari og tæplega réttlætalegt.

Ljúfur og áreynslulaus akstur

Akstur Avensis er afar ljúfur og áreynslulaus og það má meira að segja taka hressilega á bílnum sér til skemmtunar. Hann er þó ekki með mestu aksturshæfnina í sínum stærðarflokki og leggja má meira á suma af keppinautum hans. Það var heldur aldrei meiningin hjá Toyota að búa til stórkostlega aksturshæfan bíl með Avensis, til þess smíðuðu þeir líklega GT86-sportbílinn skemmtilega. Avensis á fyrst og fremst að fara vel með ökumann og farþega hans. Stýring bílsins er nákvæm og hann fer fullkomlega þangað sem til er atlast en tilfinningin fyrir akstrinum er ekki mjög beintengd ökumanni og er því dálítið vélræn. Eitthvað sem ætti að henta mjög mörgum, en flestir gera einmitt þá kröfu að bíllinn einfaldlega hljóði sér og að aksturinn sé ljúfur og ekki alltof sportlegur. Þetta uppfyllir Avensis af stakri þryði. Uppfærð 1,8 lítra vélin eyðir nú hálfum lítra minna en forverinn og uppefnið eyðsla í blönduðum akstri er 6,0 lítrar. Með henni fer bíllinn í 100 á 9,4 sekúndum og hámarkshraðinn er 200 km/klst. Nýuppfærður Avensis er álitlegur kostur fyrir þá sem kjósa áreiðanlegan stóran bíl sem uppfyllir flestar þarfir og býðst auk þess á afar viðráðanlegu verði.



Ein mesta útlitsbreytingin er fölginn í nýjum LED aðalljósum



Mælaborðið hefur tekið jákvæðum stakkaskiptum



Sætin eru nú miklu betri og sérhönnuð fyrir lengri ferðir

TOYO TIRES
dríven to perform

**SKIPTU
Í DAG!**
TOYO TIRES
dríven to perform



Lendir þú í biðröð í haust?

Toyo harðskeljadekkin eru ekki nagladekk og mega fara undir bílinn strax!

Eitt er öruggt; veturinn kemur og þegar hann kemur gerist það með hveli. Flestir hafa nóg annað við tímann að gera en að standa í biðröðum. Notkun á Toyo harðskeljadekkjum er ekki bundin við ákveðnar dagsetningar og þau mega því fara undir bílinn strax.

Toyo harðskeljadekkin hafa fyrir löngu sannað sig við íslenskar aðstæður. Þau eru einstaklega gripsterk, hljóðlát og umhverfisvæn.



UMBODSMENN
UM LAND ALLT

**Bil-úð
Benna**
590 2045 | BENNI.IS

Tangarhöfði 15
110 Reykjavík
590 2045

Fiskislóð 30
101 Reykjavík
561 4110

Grjótháls 10
110 Reykjavík
561 4210

Lyngási 8
210 Garðabæ
565 8600

Njarðarbraut 9
260 Reykjanesbæ
420 3333

NESDEKK



Thongchai Jaidee stoltur með sigurveðlaunin.

Fyrsta Porsche Open mótið

TaílenSKI golfleikarinn Thongchai Jaidee er fyrsti sigurvegari Porsche European Open mótsins sem háð var á einum róm- aðasta golfvelli Evrópu í Bad Griesbach í Þýskalandi, dagana 24. til 27. september sl. Thongchai hafði forystu við upphaf lokadags mótsins, sem stóð yfir í fjóra daga. Englendingurinn Graeme Storm veitti honum harða keppni, en TaílenSKI gerði allt rétt og landaði sigri á fyrsta Porsche European Open golfmóti sem haldið er, á 17 undir pari vallarins. Aðeins munaði einu höggi á þeim tveim. Svíinn Swede Pelle Edberg varð síðan í þriðja sæti.

Yfir 25 þúsund manns fylgdust með þessa keppnisdaga mótsins og notuðu margir tækifærið og reynsluóku Porsche á mótssvæðinu. Stjórnendur Porsche lýstu mikilli ánægju með hvernig til tókst með fyrstu meiriháttar innkomu fyrirtækisins á vettvang golfþróttarinnar. „Hér mátti sjá golf leikið eins og það gerist best í heiminum og ljóst að Porsche mun halda áfram að gera sig gildandi á þessu leiksviði í framtíðinni,“ sagði Bernhard Maier, sölustjóri Porsche AG, meðal annars, þegar hann afhenti taílenSKA sigurvegaranum bikarinn eftirsótt. „Porsche og golf eiga svo ótalmargt sameiginlegt.“



Ford Expedition.

Næsti Ford Expedition úr áli

Ford markaði stór spor í sína sögu með nýjum F-150 pallbíl sem smíðaður er að mestu úr áli. Honum hefur svo verið fylgt á eftir með Super Duty- og Raptor-útgáfum bílsins og þá er komið að þeim næsta, Ford Expedition. Ford virðist ætla að byrja álinnreiðina í bíla sína í sínum stærstu bílum þar sem með því er hægt að létta þessa áður mjög þungu bíla meira en með minni bílana og spara meira eldsneyti. Lincoln-fyrirtækið, sem er í eigu Ford, hefur lengi boðið systurbíl Expedition, Lincoln Navigator, og hann verður sá næsti sem smíðaður verður að mestu úr áli. Nýr Expedition erfir sumpart nýtt útlit F-150 pallbílsins, en heldur áfram afar kassalaga útliti sínu. Ford Expedition er einn stórvaxnasti jeppi sem hægt er að fá, en hann fær þó heilmikla samkeppni frá álíka stórum Chevrolet Tahoe og Suburban og GMC Yukon, en nú mun hann brátt hafa það fram yfir þá að vera léttbyggður álbíll sem væntanlega mun eyða talsvert minna eldsneyti.

Volkswagen svipt Green Car of the Year verðlaunum

Þeim hjá bílatímaritinu Green Car Journal var ekki beint skemmt með fréttunum af dísilvélasvindli Volkswagen og hefur tilkynnt að Volkswagen hafi verið svipt þeim verðlaunum sem tímaritið hafði veitt þeim fyrir lítið mengandi og eyðslugranna bíla sína. Það voru Volkswagen Jetta TDI árið 2009 og Audi A3 TDI árið 2010 sem fengu þessi verðlaun, en nú hefur Volkswagen verið svipt þeim. Þetta er í fyrsta skipti sem Green Car Journal hefur svipt bílaframleiðanda áður veittum verðlaunum. Ritstjóri þess sagði að þessi svipting ætti samt ekki að varpa rýrð á aðra þá sem framleitt hafa eyðslugranna og lítt mengandi dísilbíla og verið verðlaunaðir fyrir þá, en það væri bara ekki stætt á því að láta Volkswagen halda þessum titlum í ljósi þess svindls sem bjó að baki.



Volkswagen Jetta.



www.krokur.net
522 4600

Taktu Krók á leiðarenda

Krókur er fyrirtæki sem að hefur sérhæft sig í flutningum og björgun ökutækja. Félagið rekur einnig þjónustumiðstöð fyrir tjónaökutæki þar sem veitt er ahlíða þjónusta í meðhöndlun tjónabifreiða og annarra bifreiða samkvæmt óskum viðskiptavina.

Krókur býður m.a. uppá:

- Starfsmenn sem eru þjálfaðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum



KRÓKUR
á þinni leið

Suðurhraun 3, 210 Garðabær

ora

HEIMILISMATUR



Tímalaus máltíð

ORA Heimilismatur lætur tímann og hjartað ráða för því réttirnir eru tilbúnir á aðeins örfáum mínútum. Ljúffengir, hollir og fjölbreyttir réttir fyrir alla fjölskylduna.

Ding og maturinn er tilbúinn.

*Ferskir taktar
í tilbúnum réttum*

BÍLAR & FARARTÆKI



EDAL EINTAK!!!
FORD Escape xls 4wd. Árgerð 2008, ekinn 128þ.km, sjálfskiptur. Einn eigandi, eðal eintak! Verð 1.990.000. Rnr.127079. Til sýnis og sölu á Bílalíf, Kletthálsi 2, s:562-1717.



SJÁLFSKIPTUR!!! 1390P.
BMW 1 120i h/b e87. Árgerð 2004, ekinn aðeins 95þ.km. sjálfskiptur. Flott eintak! Ofurtíloboð 1.390þ!!! Rnr.126986. Til sýnis og sölu á Bílalíf, Kletthálsi 2, s:562-1717.

Bílalíf
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 562 1717
Opíð 10-18 virka daga
www.bilalif.is



MERCEDES-BENZ C 200 CDI. Árgerð 2013, ekinn 18 þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.590.000. Rnr.240348.



Kia cee'd EX 1.6 wce edition. Árgerð 2014, ekinn 7 þ.KM, dísel, 6 girar. Verð 3.690.000. Rnr.991448. 6 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



HONDA Cr-v executive. Árgerð 2010, ekinn 89 þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.890.000. Rnr.210631.



BMW X5 xdrive30d 3.0d e70 30d. Árgerð 2012, ekinn 80 þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 8.890.000. Rnr.991374.

ASKJA notaðir bílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 590 2160
www.notadir.is

bilauppbod.is

PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppboð - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is



GMC SIERRA 3500HD DENALI CREW CAB SRW 4WD, 6/2012, ek 68 þús km, sjsk, dísel, ásett verð án vsk 7650 þús, er á staðnum raðnr 151984.

100 bílar ehf í miðbæ Mosfellsbæjar,
Sími: 517 9999
Opíð 10-18.00 virka daga. Lokað á laugard.
www.100bilar.is

Bílar til sölu



Honda Accord. árgerð 2005. Sjálfskiptur 2,0l ekin 149000 verð 999.000 s: 616 2597



VW golf 99. 18. 5 girar. 152km 250þ S. 6162597



Citroen. árgerð 2005. Beinskíptur, ekkin 170.000 verð 420.þ s: 616 2597

ÓDÝRIR DÍSELBÍLAR

Skoda Octavia, Skoda Fabia, Partner, Berlingo, R. Clio, R. Megane, og fleiri Nánar á Facebook: Ódýrir Díselbílar Sími: 534-0000

0-250 þús.

TILBOÐ ÓSKAST Opel Astra '95 í góðu ástandi. 142.000 KM. Ný dekk. S: 849-3350

250-499 þús.



SJÁLFSKIPTUR - EK.137 ÞÚS - TILBOÐ 250 ÞÚS

Hyundai Accent '00 ek.137 þús, ssk, ný vetrardekk, sk. 16, bíll í góðu standi og öryggagödur, ásett verð 380 þús smá beygla á aftur hurð og fæst á TILBOÐSV. 250 þús möguleiki á 100% vísa raðgr. í 36 man. s.841 8955



SPARIBUAKUR - TILBOÐ 350 ÞÚS

Peugeot 206 árg 2001beinskíptur, 3ja dyra, ný skoðaður 16, ný heilsársdekk, verð 450 þús TILBOÐ 350 þús, möguleiki á 100% visaláni í 36 man.S.841 8955

Bílar óskast



STAÐGREIÐI BÍLA 0-500 ÞÚS!

Óska eftir að kaupa bíla á allt að 500 þús. staðgreitt! Þeir mega þarfnast lagfæringa helst ekki eldri en '01, skoða allt er með pening og pappíra klára og get gengið frá kaupum strax, ef mér lýst vel á. Uppl. s. 691 9374.

BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.

Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

KAUPI BÍLA FYRIR ALLT AÐ MILLJÓN STGR!!

Óska eftir að kaupa bíla fyrir allt að 1.000.000. staðgreitt. Er með pappíra og pening til að ganga frá því samdægurs ef að samningar nást. Bíllinn má þarfnast lagfæringar og/ eða skoðunar. skoða allar tegundir. Hringdu í síma: 659-9696 eða sendu email á 6599696@gmail.com

0-600 STAÐGREITT

Vantar bíl á verðinu 0-600. Skoða allt. Jeppa, fólksbíl. Má þarfnast lagfæringar. Sími 776 7507

Sendibílar



Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Hjólbarðar



FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ

Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppi ný. VAKA S: 567 6700.

Varahlutir

JAPANSKAR VÉLAR EHF. BÍLAPARTASALA

Erum að rífa flestar teg. frá asíu og evrópu árg. '99-13. Kaupum flestar teg. bíla. Opíð 8-18 virka Dalshraun 26, 220 hfj. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is

ÞJÓNUSTA

Pípulagnir

PÍPULAGNIR

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 699 6069 & 663 5315.

Bókhald

PARFTU AÐSTOÐ VIÐ GERÐ ÁRSREIKNINGS?

Cand.oecon, viðskiptafræðingur í reikningskilum hjá www.skatt.is - skatt - bókhald&skil s:661-3703, skatt@skatt.is

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

REGNBOGALITIR

Málningarþjónusta, vönduð vinnubrögð og snyrtimennska. Sími 891 9890 malarar@simmet.is

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengi. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

INNIMÁLUN

Get bætt við mig verkum innandyrna í vetur. Vönduð vinnubrögð, fag og snyrtimennska í fyrirruði. Ágúst S.G Málrameistari S: 699-4464 og 695-4464. asgmalun@gmail.com

MÁLNINGARÞJÓNUSTA REYKJAVÍKUR

Alhliða málningarþjónusta. Sími 776-0000

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafi., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningagj. Mikla. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Nudd

Glæsileg nuddstofa í 101 opíð alla daga s.787-7481

NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 695 9434, Zanna.

Húsaviðhald



MARKMIÐ VERKTAKAR

ALHLIÐA FASTEIGNAVIDHALD

Smiðavinna · Pípulagnir
Rafagnir · Málningavinna
Múrviðgerðir · Flísalagnir
Hellulagnir · Jarðvinna
Lóðavinna

Tilboð þér að kostnaðarlausu.
Uppl. í síma: 820 8888

VANTAR ÞIG IÐNAÐARMANN?



Við þjónustum þig með litil sem stór verk.

Tímavinna eða tilboð.
Sími 544-4444 / 777-3600
www.jaiðnadarmenn.is

Rafvirkjun

Rafinn ehf. Löggiltur rafverktaki, tek að mér töfluskípti og almenn rafvirkjastörf. Uppl. í s. 557 4020/892 3429

RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025

Tilboð dyrasímakerfi, töfluskípti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

Trésmíði

INNRETTINGAR.IS

Sérsmíðum innréttingar eftir þínum þörfum. Sérsmíði ehf s. 587 0777.

Önnur þjónusta



VALDÍS ÁRNADÓTTIR DÁLEIÐSLUTÆKNIR (CLINICAL HYPNOTHERAPIST) VEITIR DÁLEIÐSLUMÉÐFERÐ.

Viltu léttast, takast á við kvíða, streytu, sjálfstraust, hætta að reykja o.fl. Dáleiðsla er gott verkfæri til betri heilsu. Tímabantanir í síma 864-1273

KEYPT & SELT

Til sölu



Ungnautakjöt beint frá býli. Nýjung minnst 1/8 úr skrokk. Hak, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204.

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.

Óska eftir að kaupa góðan trérennibekk. Uppl. í s. 695 0878

HEILSA

Nudd

TANTRA NUDD

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þér, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

WWW.LEIGUHERBERGI.IS

Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 55.000 á mán. Rent a room price from 55.000 kr. per month.

gsm 777 1313

leiga@leiguherbergi.is

TIL SÖLU:

100 FM. SÉRHÆÐ Í TVÍBÝLI. LÉTT KAUP.

Fín 3ja herbergja sérhæð í góðu steinhúsi á rólegum stað, ca. 5mín. asktur frá gólfvelli Suðurnesja og athafnarsvæðinu í Helguból. Íbúðin er öll ný standsett með nýjum gólfefnum. Stórt og fallegt eldhús, stofa og 2 góð herbergi, með útsýni yfir sjávarsiðuna.

Verð aðeins kr. 18,9 m. Skuldlaus eign.

Get tekið nýlegan bíl uppí kaupin. Laust strax.

Húsgögn og húsbúnaður má fylgja með í kaupunum.

Einnig getur fylgt 65 fm. skemma.

Tilvalið atvinnutækifæri. Verð kr. 3,8 m.

Nánari upplýsingar í s. 866 2257 og jjjj@simnet.is

SÉRINNGANGUR, HFJ.

Herb. með húsgögnum sér baðherb. og séring., neti, tv, aðgengi að sameiginlegu eldhúsi og þvottahúsi til leigu í Trönuhrauni 10, Hfj. frá 01. okt - 01. maí. Uppl. í s. 899 7004 og bh@vigri.is

Atvinnuhúsnæði

GÓÐ FJÁRFESTING

Til sölu mjög góð 50 m2 atvinnubíll í Steinhellu 14, Hfn. Góð lán - auðveld kaup. Verð frá: 9,9 m S: 661-6800

Geymsluhúsnæði

WWW.BUSLÓDAGEYMSLA.IS
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

GEYMSLULAUSNIR.IS

Upphitað og vaktað geymslurými.
Verð frá 2900kr.mán. SÆKJUM OG
SENDUM. S: 615-5005

GEYMSLUR.COM

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og
Fiskisliði í Reykjavík. S. 555 3464

FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m².
Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

ATVINNA

Atvinna í boði




Viljum ráða manneskju í móttöku
í hálfvörð. Stundvís, kurteisi, góð
framkoma og almenn tölvukunnátta
nauðsynleg. Getum einnig bætt við
mönnum í smur og dekkjavinnu.
Umsóknir sendist á KvikkFix@
KvikkFix.is fyrir 16 okt.

KAFFIHÚSIÐ TÍU DROPAR

óskar eftir duglegum
starfsmanni í eldhúsi. Í boði er
hlutastarf sem hentar mjög vel
með skóla. Góð laun í boði fyrir
réttan aðila. Þarf að hafa náð 20
ára aldri.

Allar upplýsingar og ferilskrá
sendist á 10dropar@gmail.com

Kona: Viltu spjalla við heita karla í
síma gegn góðu gjaldi? Hitaspjall.eu



MOSFELLSBAKARÍ - RVK.

Óskum eftir þjónustulundduðu,
hressu og samvisskusömu fólki til
að vinna með okkur í verslunum
okkar í Reykjavík. Unnið er eina
viku fyrir hádegi og aðra viku
eftir hádegi ásamt helgarvinnu.
Umsækjendur þurfa að tala góða
íslensku

Umsóknareyðublöð er hægt
að nálgast á netinu. Slóðin
er [www.mosfellsbakari.is/
atvinnu-umsokn/](http://www.mosfellsbakari.is/atvinnu-umsokn/)

Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMÍÐI,
MÚRARA EÐA
JÁRNABINDINGAMENN?**

Höfum á skrá menn sem óska
eftir mikilli vinnu. Geta hafið
störf nú þegar.

Proventus starfsmannþjónusta
- Proventus.is S. 782-8800

TILKYNNINGAR

Einkamál

Kona: leitar þú skyndikynna?
RauðaTorgið.is

fasteignir



Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

Drekavellir 32 - Hafnarfjörður
4ra herbergja með séringngangi.



Opið hús í dag milli kl. 17:30 - 18

Sérlega falleg 111,4 fm. 4ra herbergja endaíbúð með séringngangi á
efri hæð í góðu 6 íbúða húsi. Mjög góð staðsetning í enda á botn-
langa götu, í göngufæri við skóla. Gott skipulag, stór og góð herbergi.
Vandaðar innréttingar frá Axis. Allt fyrsta flokks. Verð 34,9 millj.
Hilmar Þór Bryde s. 892 9694 sölumaður verður á staðnum.

Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.



www.hollfasteignasala.is

Rjúpnahæð 12

210 Garðabær

OPIÐ HÚS Í DAG!
17:15-17:45!

Verð: 66.900.000

Hóll sími 450-0000 kynnir: Glæsilegt 312,77m einbýlishús (fokhelt)
á tveimur hæðum. Húsið stendur í lokuðum botnlanga með frábæru
útsýni. Húsið býður upp á mikla möguleika!



HAFÐU SAMBAND

450 0000

Þjónustu- og viðskiptamiðlunin Hóll ehf.
Engjateigur 9 | 105 Reykjavík

Ábendingahnappinn má
finna á www.barnaheill.is



Hitarar

Í rennur

Í vatnslagnir

Í tæki

Sumarið kom ekki!
Undirbúðu þig fyrir veturinn

íshúsið

S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur



viftur.is
-andaðu léttar

Þurrktæki

Öflug þurrktæki
í sumarhús eða
heimili. Koma
í veg fyrir sagga.

Tilboð
44.990

Blásarar

Öflugir blásarar til
að auka þurrkun.
Hægt að kaupa
barka á blásara.

Verð frá kr.
34.990

Þurrkbox

Einföld lausn til að
lækka raka í gámum
eða sumarvögnum
fyrir veturinn.

3 box
fyrir 2

fasteignir



Reynsla mín er okkar beggja hagur

S. 695 4500

Iris Hall
Löggiltur fasteignasali
irishall@landmark.is



atvinna

SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR

ERUM MEÐ VANA SMIÐI,
VERKAMENN, MÚRARAR OG PÍPARA
SEM ERU KLÁRIR Í MIKLA VINNU.

HANDAFL EHF s. 777 2 333

fasteignir



**OPIÐ HÚS
Í DAG**

BLÖNDUHLÍÐ 5

OPIÐ HÚS ÞRIÐJUDAGINN 6. OKTÓBER KL. 17:30-18:00

Falleg 200,6 fm sjö herbergja hæð og ris á annari hæð við Blönduhlíð í Reykjavík.

Sex svefnherbergi. Tvö eldhús. Tvö baðherbergi.

Frábær staðsetning og stutt í alla helstu þjónustu.

Bílskúrsréttur fylgir eigninni. **Ásett verð 64,9 millj.**



Auðun Ólafsson
Söluábyrgur
S: 894-1976
audun@trausti.is



Bergþóra Heiða Guðmundsdóttir
Löggiltur lögg. fasteigna-,
fyrirtæki- og skipasali, lögg. leigumíðlari.
S: 779-1929 • heida@trausti.is



Kristján Baldursson hdl.
Löggiltur fasteignasali
og leigumíðlari
kristjan@trausti.is



TRAUSTI
fasteignasala

Trausti fasteignasala • trausti@trausti.is • s.546-5050 • Vegmúla 4 • 108 Reykjavík



STAKFELL
FASTEIGNASALA | 1984

☎ **535 1000**

✉ stakfell@stakfell.is

OPIÐ HÚS SUNNUDAG 4. OKT. KL. 15:00 - NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITIR SKARPHÉÐINN Í SÍMA 6990101



ÞAKÍBÚÐ Í NORÐLINGAHOLTI

Glæsileg þakhæð (penthouse) íbúð á 5.hæð í vönduðu fjölbýlishúsi í Helluvaði, Norðlingaholti. Íbúðinni fylgja tvö stæði í bílageymslu. Stórar 45 fm þaksvalir með frábæru útsýni. Fjögur svefnherbergi. Vandaðar innréttingar, gólfefni og tækjip. Lyfta. Sannkölluð úrvalseign.

HAFÐU SAMBAND VIÐ
STARFSFÓLK OKKAR OG
FÁÐU ALLAR UPPLÝSINGAR

☎ **535 1000**

✉ stakfell@stakfell.is

VERÐ FRÁ: 48.500.000 KR

Yfir 13.000 eignir á skrá



fasteignir.is á **vísir.is**

BYLGJAN OG STÖÐ 2 Í SAMVINNU VIÐ PRIME OG EITT LAG ENN KYNNA



ÞORLÁKSMESSUTÓNLEIKAR 2015

BUBBI MORTHEUS

19. DESEMBER

BÍÓHÖLLIN AKRANESI

21. DESEMBER

HOF AKUREYRI

23. DESEMBER

HARPA REYKJAVÍK

MÍÐASALA HEFST Á MIÐVIKUDAGINN KL 12:00 Á WWW.TIX.IS OG WWW.HARPA.IS

prime



BYLGJAN
989



tix.is

TÍMAMÓT



Elskulegur faðir okkar og tengdafaðir,

Kristján Benediktsson

fyrirum kennari og borgarfulltrúi,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Eir aðfaranótt 1. október. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 9. október kl. 13.00.

Fyrir hönd aðstandenda,

Baldur Kristjánsson
Ólöf Kristjánsdóttir
Benedikt S. Kristjánsson
Ársæll Kristjánsson

Svafa Sigurðardóttir
Sigurður Pétursson
Sigrún Ásdísardóttir
Ásdís Kristjánsdóttir



Ástkær eiginmaður minn og vinur,
faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Viðar Rósmundsson

lést á Landspítalanum 29. september. Útförin fer fram frá Víðalínaskirkju í Garðabæ föstudaginn 9. október kl. 13.00.

Þeim sem vilja minnast hans er bent á Landspítalann.

Jóhanna Magnúsdóttir
Margrét Viðarsdóttir
Valdimar Guðmundsson
börn og barnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

Dagbjört Guðlaugsdóttir

Víðihlíð í Grindavík,
áður Blómsturvöllum 3,
lést 30. september á Heilbrigðisstofnun
Suðurnesja. Útför hennar fer fram frá
Grindavíkirkirkju fimmtudaginn
8. október kl. 14.

Guðrún Árnadóttir
Sveinn Árnason
Þórður Gíslason
Bylgja Kristín Héðinsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda
samúð og hlýhug vegna andláts og
útfarar elskulegrar móður okkar,
tengdamóður, ömmu og langömmu,

Jennýjar Sólveigar Ólafsdóttir

hjúkrunarheimilinu Skjólí.

Sigrún Jóns
Sigríður Sigurðardóttir
Ólöf S. Sigurðardóttir
Sigurbjörg Sigurðardóttir
Stefán Jakobsson
Jón Hörðdal Jónasson
Þórir Jónsson
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg móðir mín, tengdamóðir,
amma og langamma,

Valný Eyjólfsdóttir

Mýrarvegi 113, Akureyri,

lést 25. september á Sjúkrahúsínu á
Akureyri. Útför hennar fer fram frá
Akureyrarkirkju fimmtudaginn 8. október kl. 13.30.

Fyrir hönd ættingja,

Ragna Þórarinsdóttir



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

Sigríður Helga Aðalsteinsdóttir

Böðvarsgötu 9,
Borgarnesi,

lést á Heilbrigðisstofnun Vesturlands,
Akranesi, sunnudaginn 4. október
síðastliðinn.

Jarðarförin verður auglýst síðar.

Sigurður, Bjarni Kristinn og Unnsteinn Þorsteinssynir og fjölskyldur þeirra.

Hrunbókmenntir krufðar

Hrunið, þið munið er yfirskrift málstofu sem haldin er í Árnagarði í dag í tilefni af sjö ára afmæli ávarpsins Guð blessi Ísland. Einnig verður opnaður nýr vefur, hrunid.hi.is.

„Við erum að opna upplýsingavef í dag um skrif sem tengjast bankahruninu, aðdraganda þess og afleiðingu og erum með málþing á sjö ára afmæli ávarpsins Guð blessi Ísland,“ segir Jón Karl Helgason, prófessor við Háskóla Íslands.

Vefurinn hrunid.hi.is er verkefni sem Jón Karl og Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur settu í gang í fyrra þegar þeir vorum báðir að kenna nám-skeið um hrunið hvor í sinni deild. „Við tókum það ráð að láta nemendur okkar vinna umsagnir um bækur sem tengjast hruninu, annars vegar skáldskap, skáldsögur, leikrit og ljóð og hins vegar um stærri verk sem heyra undir sagnfræði. Stundum er því haldið fram að skáld og fræðimenn hafi verið fremur andvaralausar stéttir í aðdraganda hrunsins en þær hafa báðar tekið vel við sér eins og þessi vefur sýnir skýrt. Hann er gagnabanki um þetta fyrirferðarmikla efni í samtíma okkar, hrunbókmenntir eru bara orðin sérstök bókmenntagrein.“

Auk Jóns Karls og Guðna Th. verða fjórir nemendur með erindi í



Markús Þ. Þórhallsson, meistaranemi í sagnfræði, Jón Karl Helgason prófessor og Guðni Th. Jóhannesson dósent. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

málstofunni, Guðrún Baldvinsdóttir, Sigríður Lára Sigurjónsdóttir, Markús Þ. Þórhallsson og Þórhildur Ólafsdóttir.

Málstofan fer fram í stofu 301 í Árnagarði og hefst klukkan 16.30. gun@frettabladid.is



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

Lilja Emilía Gunnlaugsdóttir

Dalbæ, heimili aldraðra, Dalvík,
áður til heimilis í Kópavogi,

lést á Dalbæ þriðjudaginn 29. september. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 9. október kl. 15.00. Þökkum af alúð starfsfólki Dalbæjar fyrir einstaka umhyggju og aðhlyningu.

Jón Þór Ólafsson
Gunnlaugur Dan Ólafsson
Kjartan Ólafsson
Sigtryggur Árni Ólafsson
Ólöf Högnadóttir
Susanne Marie Ólafsson
Ingunn Helga Gunnarsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Tómas Grétar Ólason

verkstjóri,
Borgarholtsbraut 73,
Kópavogi,

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð 4. október. Útför hans fer fram frá Hvalsneskirkju laugardaginn 17. október kl. 14. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Styrktar- og minningarsjóð skáta, kt. 440169-2879, banki 313-26-44169, eða hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð, sími 560-4100, sunnuhlid.is

Margrét Tómasdóttir
Anna Guðrún Tómasdóttir
Guðlaug Þóra Tómasdóttir
Magnea Tómasdóttir
Matthías G. Pétursson
Matthías Kjartansson
Daniel Ólason
Pétur Gauti Valgeirsson
afa- og langafabörn.



Kær móðir okkar, tengdamóðir, amma,
langamma og langalangamma,

Anna Stefanía Bergsveinsdóttir

Blesastöðum,

lést á Ljósheimum, Selfossi,
sunnudaginn 4. október.
Útförin fer fram frá Skálholtskirkju
laugardaginn 10. október kl. 14.00.

Hrafnhildur Magnúsdóttir
Guðmundur H. Magnússon
Tryggvi Karl Magnússon
Ragnhildur Magnúsdóttir
Svavar J. Árnason
Jóna G. Sigursteinsdóttir
Bertha Sigurðardóttir
Árni Árnason
og fjölskyldur.



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð
og hlýhug vegna fráfalls og útfarar
ástkærrar móður okkar, tengdamóður,
ömmu og langömmu,

Bjargeyjar Guðmundsdóttir

Lautarsmára 3,
Kópavogi.

Guðbjörg Reynisdóttir

Erna Reynisdóttir
Guðmunda Reynisdóttir
Haukur Reynisson
Bryndís Reynisdóttir
Thelma Reynisdóttir
Guðmundur Ásgeirsson
Helgi Ágústsson
Eygló Bjarnadóttir
Guðmundur Brynjarsson
barnabörn og barnabarnabörn.



Innilegar þakkir fyrir auðsýndan
hlýhug og samúð við andlát og útför
ástkærrar eiginkonu minnar, dóttur,
móður okkar, tengdamóður og ömmu,

Jónu Kristínar Engilbertsdóttur

Selvogsbraut 25, Þorlákshöfn.

Sérstakar þakkir viljum við færa starfsfólki líknaeildar Landspítalans í Kópavogi fyrir hlýju og góða umönnun í veikindum hennar.

Guðfinnur Karlsson

Helga Frimannsdóttir
Reynir Guðfinnsson
Harpa Guðfinnsdóttir
Hrönn Guðfinnsdóttir
Rebekka Ómarsdóttir
Arnar Sch. Thorsteinsson
Garðar Geirfinnsson
og barnabörn.



Elskuleg móðir okkar,
tengdamóðir og amma,

Hjördís Halldórsdóttir

frá Arngerðareyri,
Bólstaðarhlíð 45,

lést á Landspítalanum í Fossvogi,
þann 1. október. Útförin fer fram frá
Háteigskirkju föstudaginn 9. október
kl. 13.00.

Steinunn Björnsdóttir
Eiríkur Björnsson
Birgir Björnsson
Anna Björnsdóttir
Matthildur B. Stefánsdóttir
Björk Alfreðsdóttir
Björn, Hjördís Þóra, Bergur Páll, Björn Ívar,
Þórdís Matthea, Steinar Yang.

SÚPUKJÖTSTILBOÐ!

Í haustlægðunum er fátt betra en að sitja inni og njóta dýrindis kjötsúpu. Þú færð allt í súpuna á ótrúlegu verði í Iceland.



VERÐSPRENGJA
FYRSTUR KEMUR
FYRSTUR FÆR

699 kr.
kg.

Esja Gæðafæði
blandað súpukjöt*

4 TONN
Í BOÐI

ESJA 
GÆÐAFÆÐI



Borgaðu með símanum á einfaldan og öruggan máta með Netgíró. Við sendum þér reikning í netbankann og þú færð allt að 14 daga vaxtalausán greiðslufrest. Skráðu þig á www.netgiro.is

 Netgíró
Betri leið til að borga

Úrval er breytilegt eftir verslunum. Allar vörurnar fást í Iceland, Engihjalla.



OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Iceland

40" TÖLVUSKJÁR Í 4K



UHD UPPLAUSN

149.995

FULLT VERÐ 179.995

FJÓRIR SKJÁIR Í EINUM

Upplifðu byltingu í afköstum með því að skipta úr tveimur hefðbundnum tölvuskjám yfir í einn stóran 40" skjá í 4K upplausn. Með nýja Windows 10 er hægt að skipta skjánum upp í allt að 4 vinnusvæði og vinna þannig samtímis í mörgum forritum í einu eins og um sjálfstæða skjái væri að ræða. Vinnuþlássið stækkar umtalsvert og Ultra Clear UHD upplausnin gerir skjáinn kristaltæran og skilar ótrúlegri skerpu.

30.000 KRÓNA AFSLÁTTUR Í EINA VIKU!



tl.is

**TÖLVU
LISTINN**

REYKJAVÍK
SUÐURLANDSBRÁUT 26
Sími 414 1700

AKUREYRI
GLERÁRGÖTU 30
Sími 414 1730

HÚSAVÍK
GARÐARSBRÁUT 18A
Sími 464 1600

EGILSSTAÐIR
KAUPVANGI 6
Sími 414 1735

KEFLAVÍK
HAFNARGÖTU 90
Sími 414 1740

SELFÖSS
AUSTURVEGI 34
Sími 414 1745

AKRANES
ÞJÓÐBRAUT 1
Sími 431 3333

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ

THE MARTIAN
MATT DAMON

★★★★★
- VARIETY
★★★★★
- EMPIRE
★★★★★
- HOLLYWOOD REPORTER

HJÁLPI ER AÐREIS 225 MILLJÓN KM Í BURTU

12 ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ

SCORCH TRIALS

12 ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ

SICARIO

16 ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ

EVEREST

12 ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ

Sýningartímar á eMiði.is og miði.is

LAUGARÁS BÍÓ

miði.is
Miðsala og nánnari upplýsingar

THE MARTIAN
12 ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ

EVEREST
12 ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ

SICARIO
16 ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ

HÓTEL TRANSYLVANIA 2
12 ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ

LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

THE MARTIAN 3D	7, 10
EVEREST 3D	5, 8, 10:30
SICARIO	8, 10:30
HÓTEL TRANSYLV. 2D ISL	5
HÓTEL TRANSYLV. 2D ENS	6 (ótektuð)

SAMBÍÓINN NÁBU Í SAMBÍÓ APPID

JOHNNY DEPP ER STÓRKOSTLEGUR Í HLUTVERKI SÍNU SEM JAMES „WHITEY“ BULGER.

BLACK MASS

★★★★★
- ROLLINGSTONE
★★★★★
- VARIETY
★★★★★
- THE WRAP
★★★★★
- USA TODAY

Vissir þú að fyrsta gíru Ísland er ástæða þess að einn alræmdasti þrimaður USA náðist?

16 ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ

EVEREST

★★★★★
- ROLLINGSTONE
★★★★★
- VARIETY
★★★★★
- THE WRAP
★★★★★
- USA TODAY

12 ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ

Ein besta gamanmynd þessa árs með Óskarsverðlaunaleikurinum Robert DeNiro & Anne Hathaway.

THE INTERN

★★★★★
- ROLLINGSTONE
★★★★★
- VARIETY
★★★★★
- THE WRAP
★★★★★
- USA TODAY

12 ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ

EGILSHÖLL

BLACK MASS	kl. 5:20 - 8 - 10:35
THE INTERN	kl. 5:20 - 8 - 10:35
EVEREST 3D	kl. 5:20 - 8
EVEREST 2D	kl. 10:35
HÓTEL TRANSYLVANIA 2 ISL 2D	kl. 5:40
THE MAN FROM U.N.C.L.E.	kl. 10:15
VACATION	kl. 8

KEFLAVÍK

BLACK MASS	kl. 8 - 10:40
THE MARTIAN 3D	kl. 8
EVEREST 3D	kl. 5:20
EVEREST 2D	kl. 10:30
HÓTEL TRANSYLVANIA 2 ISL 2D	kl. 6

ÁLFABAKKA

BLACK MASS	kl. 6 - 8 - 9 - 10:40
BLACK MASS VIP	kl. 10:40
THE INTERN	kl. 5:20 - 8 - 10:40
EVEREST 3D	kl. 5:20 - 8 - 10:40
EVEREST 2D VIP	kl. 5:20 - 8
HÓTEL TRANSYLVANIA 2 ISL 2D	kl. 6
THE MAN FROM U.N.C.L.E.	kl. 10:10
VACATION	kl. 8
INSIDE OUT ISL 2D	kl. 5:50

AKUREYRI

BLACK MASS	kl. 8 - 10:30
THE INTERN	kl. 5:30 - 8
THE MAN FROM U.N.C.L.E.	kl. 10:30
INSIDE OUT ISL 2D	kl. 5:50

NUMERUB SÆTI

BLACK MASS	kl. 5:20 - 8 - 10:40
THE INTERN	kl. 5:20 - 8 - 10:40
PAWN SACRIFICE	kl. 5:30 - 10:30
LOVE & MERCY	kl. 8

ÞRIÐJUDAGS TILBOÐ Í DAG

Hvað? Hvenær? Hvar? Þriðjudagur

Bókmenntir

Hvað? Höfundarkvöld
Hvenær? 19.30
Hvar? Norræna húsið
Norræna húsið stendur fyrir höfundarkvöldum fyrsta þriðjudag hvers mánaðar á komandi vetri. Höfundur októbermánaðar er Einar Már Guðmundsson en hann mun kynna nýja bók sína, Hundadaga. Allir velkomnir.

Hvað? Sagnakonan Kristín kemur í heimsókn
Hvenær? 19.30
Hvar? Bókasafn Seltjarnarness

Rithöfundurinn og sagnakonan Kristín Steinsdóttir, verður gestur Bókasafns Seltjarnarness þar sem hún fjallar um nýjstu bók sína, Vonarlandið. Vonarlandið er Reykjavíkursaga sem gerist á seinni hluta 19. aldar, saga nokkurra alþýðukvenna sem búa saman í litlu koti og reyna að bjarga sér sem best þær geta. Áföll dynja yfir en þær kunna líka að snúa á tilveruna og brosa framan í heiminn. Allir eru velkomnir að hlýða á rithöfundinn og eiga við hana létt og gott spjall.



Útgáfutónleikar Svavars Knúts verða haldnir í kvöld í Gamla bíói.

Fyrirlestur

Hvað? Klæðnaður á miðöldum
Hvenær? 17.00
Hvar? Listasafnið á Akureyri
Beate Stormo heldur fyrirlestur í Listasafninu á Akureyri í dag, og fer hann fram í Ketilhúsi undir yfirskriftinni Klæðnaður á miðöldum. Þar fjallar hún um klæðnað miðalda og þátttöku sína á miðaldadögum á Gásum. Beate Stormo er bóndi og eldsmiður og hefur haft áhuga á gömlu handverki og fornöld frá blautu barnsbeini. Hún hefur starfað með miðaldahópnum Handraðanum í tengslum við miðaldadagana á Gásum frá upphafi og skoðað sérstaklega miðaldafatnað frá þeim tíma og haldið námskeið í miðaldafatasama víða á Íslandi. Fyrirlesturinn er annar í röð fyrirlestra sem haldnir verða á hverjum þriðjudegi í vetur. Aðgangur er ókeypis.



Friðrik Dór kemur fram á styrktartónleikum í kvöld.

Pálssonar stígur á svið á Kexi hosteli í kvöld. Munu auk Jóels þeir Hilmar Jenson og Guðmundur Pétursson leika á gítara og Magnús Trygvason Eliassen á trommur. Verður flutt djasstónlist úr ýmsum áttum. Aðgangur er ókeypis.

Hvað? Vinir Elisu Margrétar, styrktartónleikar
Hvenær? 20.00
Hvar? Austurbær
Blásið verður til styrktartónleika fyrir Elisu Margréti og er það félagið Vinir Elisu Margrétar sem stendur að baki tónleikunum. Tilgangur félagsins er að hjálpa Elisu Margréti og með öðrum hætti í framtíðinni vegna alvarlegra veikinda Elisu Margrétar. Mun fjöldi tónlistarmanna láta til sín taka og má þar nefna Skítamóral, Hreim og Vigni, Emssjé Gauta, strákana í Áttunni, Gunnar Birgisson, Friðrik Dór og að auki mætir leynigestur. Miðaverð er 2.900 krónur.

Tónlist

Hvað? Útgáfutónleikar Svavars Knúts
Hvenær? 21.00
Hvar? Gamla Bíó Svavar Knútur fagnar sinni fjórðu sólóplötu, Brot, í kvöld, og mun gera það ásamt fríðu föruneyti í Gamla bíói, þar á meðal Kristjana Stef Markéta Irglová. Mun Lára Rúnarsdóttir sjá um að hita upp fyrir herlegheitin. Aðgangseyrir 3.500 krónur.

Hvað? Jazzkvöld
Hvenær? 20.30
Hvar? Kex hostel
Kvartett saxófónleikarans Jóels

Myndlist

Hvað? Ætílegt óæti
Hvenær? 12.00
Hvar? Ekksens
Að baki sýningunni stendur listakonan Pengruíqio sem er af kinversku bergi brotin og nýflutt til Íslands frá Englandi. Hún útskrifaðist úr stærðfræðideild háskólans í Manchester en fluttist svo til London þar sem hún sneri við blaðinu og fór að vinna í myndlist. Eru málverk og matreiðslu-



Sýning Ránar Flygenring er opin í dag frá klukkan 10.00.

uppskriftir til sýnis á sýningunni, og mega gestir eiga von á því að rekast á verk sem kjörin eru til átu. Allir velkomnir.

Hvað? Rán Flygenring
Hvenær? 10.00

Hvar? Spark Design Space, Klapparstíg 33
Grafíski hönnuðurinn Rán Flygenring heldur sýningu í Spark Design. Sýningin er opin alla virka daga frá klukkan 10.00 til 18.00. Allir hjartanlega velkomnir.

Leikhús

Hvað? Heimkoman
Hvenær? 19.30
Hvar? Stóra svið Þjóðleikhússins
Verk eftir nóbelskaldíð Harold Pinter, þar sem Ingvar E. Sigurðsson, Björn Hlynur Haraldsson, Eggert Þorleifsson, Vigdís Hrefna Pálsdóttir, Egill Ólafsson og Snorri Engilbertsson fara með hlutverk. Miðsala á miði.is.

BÍÓ PARADÍS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-20

Stille Hjerte ..	18:00, 20:00, 22:00	Rams/Hrútar	ENG SUB	20:00	
In the Basement	ENG SUB	18:00	LOVE 3D	ENG SUB	22:00
Virgin Mountain	ENG SUB	18:00	Red Army	22:00	
Chasing Robert Barker	20:00				



„Ég fór að safna saman því sem ég hafði birt í tímrítum og bókum og þegar ég fletti þeirri heildarmöppu sé ég að orðið eilífð kom þar nokkrum sinnum fyrir.“ FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Handfylli ljóða úr hverri bók

Kristian Guttesen fagnar tuttugu ára skáldaafmæli með nýrri bók. Eilífðir heitir hún og þar birtist úrval ljóða hans.

„Fyrsta bókin mín, Afturgöngur, kom út árið 1995. Eilífðir er sú ellefta í röðinni og í henni er handfylli af ljóðum úr hverri bók sem komið hefur út á ferlinum. Titillinn Eilífðir? Ég sá fyrir mér að orðið mundi líta vel út og konan mín, hún Sigurbjörg Sæmundsdóttir, bjó til kápumyndina sem smellpassar við. Þetta er kápa sem hægt er að hverfa inn í, maður skynjar einhverja eilífðarpælingu í henni.“

Kristian kveðst hafa safnað ljóðum sem birst höfðu hér og þar í sérstaka möppu og beðið fólk sem hann þekkti og treysti að velja þar 100 bestu ljóðin. „Að

stórum hluta var fólk sammála og svo endurskoðaði ég valið og skar ljóðafjöldann niður í 80.“

Það er Félag Ljóðaunnenda á Austurlandi sem gefur Eilífðir út, enda hefur Kristian búin á Héraði í tvö ár en er nýfluttur suður. Hann segir blómlegt starf í ljóðakreðsunninni fyrir austan og uppbyggilegt andrúmsloft. „Félagið heldur reglulega fundi og talsvert er um viðburði og upplestra þar sem öllum er boðið. Þar mætir fjölbreytilegur hópur á öllum aldri. Mér finnst gagnleg reynsla að lesa upp fyrir fólk með ólíkan bakgrunn og fá athugasemdir og uppbyggilega gagnrýni. Það er bara gott að kom-

Kvöldstund

einmana ský sigldi inn í blóðrauðan himininn og kastaði akkerinu þar sem sólin hafði stungið sér á kaf

ast út í sveit þar sem allir heilsast og bjóða góðan dag, allt er í göngu-færi og lífið er afslappað.“
gun@frettabladid.is

Sprengjan sem aldrei sprakk

Lokaæfing ★★★★★

Eftir Svövu Jakobsdóttur

Tjarnarbió

Háaloftið

Leikstjóri: Tinna Hrafnadóttir

Leikarar: Þorsteinn Bachmann, Elma

Lisa Gunnarsdóttir og Kristín Péturs-

dóttir

Leikmynd: Stigur Steinþórsson

Búningar: Una Stígsdóttir

Tónlist og hljóðmynd: Sveinn Geirsson

Lýsing: Arnþór Þórsteinsson

Þann 4. október síðastliðinn hefði Svava Jakobsdóttir orðið 85 ára og leikfélagið Háaloftið minnst þessarar merku konu með að frumsýna eitt af hennar frægustu leikverkum í Tjarnarbió á þessum sama degi. Lokaæfing fjallar um flotta hjónanna Ara og Betu undan yfirvofandi og mögulega ímynduðum hörmungum heimsins en leikverkið gerist í neðanjarðarbyrgi sem Ari hefur hannað og útbúið í kjallara þeirra.

Handritið hefur tekið ákveðnum breytingum en hópurinn vinnur með uppfærðan texta frá 1987 sem Svava skrifaði og með leyfi rétthafa gera þau einnig nokkrar lagfæringar. Með núverandi heimsmynd, sem ídulega er skilgreind út frá ótta og utanaðkomandi hættu, í huga er áhugavert að taka kjarnorkusprengruna út úr leikritinu og færa óttann í víðara samhengi. En útkoman er síður en svo góð. Í staðinn fyrir háskerpu samtímans verða allar kringumstæður gruggugar og verkið veikist fyrir vikid. Lokasetning sýningarinnar vekur þannig furðu í stað þess að hamra skilaboðin heim en hún hefur verið færð frá Betu og sett fram sem

tilkynning í útvarpi, þessi ákvörðun verður að skrifast á leikstjórnann.

Þorsteinn Bachmann og Elma Lisa Gunnarsdóttir leika lífshræddu hjónin. Í byrjun sýningar ná þau vel saman og skapa nokkuð sterkan grunn fyrir það sem koma skal. En því miður fara sprungur fljótlega að koma í ljós en þau aftengjast hvort öðru of snemma og ná tengingunni aldrei aftur. Ákveðni og stjórnsemi Ara birtist helst sem tilfinningaleysi í leik Þorsteins sem er heldur tilbrigðalaus. Elma Lisa nálgast Betu frá hinum pólnum og tekur allan tilfinningaskalann. Stundum gengur það upp, sérstaklega við miðbik sýningar, en geðhræringin nær hámarki of snemma. Lilja, píanónemandi Betu, er leikin af Kristínu Pétursdóttur sem er fin í sínu litla hlutverki þó að buið sé að klippa út fallegan kafla úr verkinu sem útskýrir samband hennar og Betu betur.

Sviðsmyndin er í höndum Stígs Steinþórssonar og er ágæt en gullfallega stigann sem leiðir upp á yfirborðið ber þar hæst. Hugmyndin um að byggja búr utan um hjónin er skemmtileg og einnig að takmarka gólfplássið til að undirstrika óþægilegu náðina sem hjónin koma sér ekki undan. En að sama skapi liggur vandamálið í naumhyggjunni því sviðsmyndin virkar frekar tóm heldur en einangrandi og er skringilega tímalaus.

Una Stígsdóttir sér um búningana sem virðast spretta úr svipuðu tímaleysi og sviðsmyndin. Ari og Beta klæðast gamaldags íþróttagöllum og þegar þau skipta í finni fötin virðast þau vera í eldri kantinum, sem verður enn augljósara þegar Lilja mætir á svæðið í töluvert nútímalegri klæðnaði. Tónlist og hljóðmynd er í höndum Sveins Geirssonar en hvoru tveggja er undarlega komið fyrir í



Þorsteinn, Elma Lisa og Kristín.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

sýningunni, stundum koma hljóðin að utan en á öðrum stöðum frá rýmínu sjálfu. Þessi óregla verður frekar óþægileg, sömuleiðis verður notkunin á útvarpinu óskýr.

Leikstjórnina skortir alla dýpt og áhættu, Tinna skautar yfir átökin í verkinu í staðinn fyrir að kafa á eftir þeim. Ari og Beta eru ætíð furðulega kurteis þó að tilfinningalegt ástand þeirra fari síversnandi með hræðilegum afleiðingum. Þegar Lilja birtist er gerð bókstafleg tilraun til að dýfa tánni út fyrir rammann sem gengur ekki upp. Þó að stiginn tilkomumiklli hreinlega blasi við er hann sjaldan virkjaður og sýningin mallar áfram án þess að ná suðupunkti.

Áhorfendur verða að trúta togstreitu hjónanna og þá sérstaklega á ákvörðun Betu um að húka í byrginu með Ara en í staðinn sitjum við uppi með skilningsleysi í bland við órlitil leiðindi. **Sigríður Jónsdóttir**

NIÐURSTAÐA: Kraftlaus sýning sem liður fyrir útpynt handrit og ófrumlega leikstjórn.



9 .okt kl 20:00 UPPSELT

16.okt kl 20:00 ÖRFÁ SÆTI LAUS

6 .nóv kl 20:00

„Ég hef ekki hlegid svona mikið síðan ég skildi við manninn minn.“

Höfundakvöld í Norræna húsinu 6. október kl. 19:30

Norræna húsið
The Nordic House



Einar Már Guðmundsson mun ræða nýja bók sína, Hundadagar, við Pál Valsson. Bókin fjallar um Jörund hundadagakóng, Jón Steingrímsson eldklerk og fleira fólk fyrri alda. Farið er um víðan völl í tíma og rúmi; sögulegar staðreyndir eru á sínum stað en andagiftin er aldrei langt undan.

Höfundakvöld Norræna hússins 2015–16

- | | |
|---|-----------------------------------|
| 1. september Jens Andersen (DK) | 12. janúar Kristina Sandberg (SE) |
| 6. október Einar Már Guðmundsson (IS) | 2. febrúar Gaute Heivoll (NO) |
| 3. nóvember Camilla Plum (DK) | 1. mars Ásne Seierstad (NO) |
| 1. desember Rawná Carita Eira (NO/samisk) | 5. apríl Susanna Alakoski (SE) |
| | 3. maí tilkynnt síðar |

Veitingastaðurinn **Aalto bistro** selur veitingar fram að viðburði og í hléi.

Sturlugata 5, 101 Reykjavík
Tel: 5517030, www.nordichouse.is

Ábendingahnappinn má finna á
www.barnaheill.is



DAGSKRÁ

Þriðjudagur

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
 08.05 The Middle
 08.30 Junior Masterchef Australia
 09.15 Bold and the Beautiful
 09.35 The Doctors
 10.15 Sælkerahemsreisa um Reykjavík
 10.40 The World's Strictest Parents
 11.45 Hið blómlega bú 3
 12.15 Lífstill
 12.35 Nágrannar
 13.00 Britain's Got Talent
 15.00 Mr Selfridge
 15.45 The Amazing Race
 16.25 Veep
 16.55 Weird Loners
 17.20 Bold and the Beautiful
 17.40 Nágrannar
 18.05 Simpson-fjölskyldan
 18.30 Fréttir Stöðvar 2
 18.47 Íþróttir
 18.55 Ísland í dag Andri, Margrét Erla, Lóa Pind og Pétur Jóhann færa þér skemmtilegan þjóðmálápátt í beinni útsendingu á hverjum degi. Áhugaverð umræða, fróðlegar fréttaskýringar og skemmtileg sjónarhorn.
 19.25 Hjálparhönd
 19.50 Project Greenlight
 20.20 The Big Bang Theory Niunda þáttaröðin um félagana Leonard og Sheldon sem eru afburðasnjallir eðlisfræðingar sem vita nákvæmlega hvernig alheimurinn virkar.
 20.50 Public Morals
 21.35 The Strain
 22.20 Last Week Tonight with John Oliver
 22.50 Louie
 23.15 Covert Affairs
 23.55 Grey's Anatomy
 00.40 Blindspot
 01.25 Major Crimes
 02.10 Night of the Demons
 03.40 Apollo 18
 05.05 The Middle
 05.30 Fréttir og Ísland í dag

SPORT

10.50 Basel - Lech Poznan
 12.30 Shakhtar Donetsk - PSG
 14.10 Kiel - Flensburg
 15.45 Markapáttur
 16.15 Chievo Verona - Hellas Verona
 17.55 Meistaradeild Evrópu - fréttapáttur
 18.20 Juventus - Bologna
 20.00 Ítölsku mörkin
 20.30 Fjölínir - Breiðablik
 22.15 Pepsímörkin
 00.55 Ítölsku mörkin

SPORT 2

07.00 Messan
 08.15 Messan
 11.15 Messan
 12.30 Swansea - Tottenham
 14.10 Football League Show
 14.40 Man. City - Newcastle
 16.25 Premier League World
 16.55 Sunderland - West Ham
 18.45 Messan
 20.00 Premier League Review
 20.55 Crystal Palace - WBA
 22.35 Chelsea - Southampton
 00.20 Aston Villa - Stoke City

GOLFSTÖÐIN

08.50 European Tour
 12.50 This Is the Presidents Cup
 13.25 Solheim Cup
 17.00 Golfing World
 17.50 European Tour
 21.50 2015 Presidents Cup Preview
 22.20 Golfing World
 23.10 PGA Tour - Highlights

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
 FM 89,5 Retro
 FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
 FM 93,5 Rás 1
 FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland
 FM 96,7 Létt Bylgjan
 FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan
 FM 99,4 Útvarp Saga
 FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin



19:25

HJÁLPARHÖND

Vönduð þáttaröð í umsjá Rikku og fjallar um fjölbreytt og óeigingjarnt starf sjálfboðaliða á Íslandi. Störfín eru jafnólik og þau eru mörg en eiga það sameiginlegt að styrkja stóðir samfélagsins.

FRÁBÆR
ÞRIÐJUDAGUR

Fáðu þér áskrift á 365.is

365

19:50

PROJECT GREENLIGHT

Leikararnir og leikstjórnarnir Matt Damon og Ben Affleck leitast við að leiðbeina þeim sem eru að stíga sín fyrstu skref í kvikmyndagerð.



20:20

THE BIG BANG THEORY

Leonard og Sheldon eru afburðasnjallir eðlisfræðingar en þeir hæfileikar nýttast þeim þó ekki í samskiptum við hitt kynið.



20:50

PUBLIC MORALS

Sögusviðið er New York á sjöunda áratugnum og fjallað er um líf og störf rannsóknar-lögreglumanna í sérstakri siðadeild sem stundum fara vafasamar leiðir.



22:00

GETAWAY

Stórgóð spennu mynd með Ethan Hawke, Selena Gomez og Jon Voight.



19:55

PROJECT RUNAWAY

Ofurfyrirsætan Heidi Klum stýrir hörkuspennandi tískuhönnunarkeppni þar sem 16 ungir og upprennandi fatahönnuðir takast á.



17:35

KALLI Á ÞAKINU

Bráðfjörug teiknimynd með óþekkasta Kalla í heimi, Kalla á þakinu.



BÍÓSTÖÐIN

12.20 Enough Said
 13.55 Algjör Sveppi og dularfulla hótélherbergið Frábær kvikmynd fyrir alla fjölskylduna um þá Sveppa, Villa og Góa og ævintýri þeirra. Að þessu sinni liggur leið þeirra á hótél þar sem dularfullir atburðir hafa átt sér stað.
 15.15 Ocean's Eleven
 17.10 Enough Said
 18.45 Algjör Sveppi og dularfulla hótélherbergið
 20.05 Ocean's Eleven
 22.00 Getaway
 23.35 A Single Shot Hörkuspennandi mynd frá 2013 með Sam Rockwell í aðalhlutverki. Veði-maðurinn John Moon er á veiðum í skóglendi skammt frá heimili sínu þegar hann kemur að bílslysi þar sem ung kona hefur látið lífið. Við hlið konunnar finnur John kassa fullan af peningum. Hann ákveður að tilkynna ekki slysið heldur stinga af með kassann en sú ákvörðun á heldur betur eftir að draga dilk á eftir sér.
 01.30 The Samaritan
 03.05 Getaway

RÚV

16.35 Séra Brown
 17.20 Friðþjófur forvitni
 17.43 Millý spy
 17.50 Sanjay og Craig
 18.15 Táknafréttir
 18.25 Visindahorn Ævars
 18.35 Attenborough: Furðudýr í náttúrunni
 19.00 Fréttir
 19.25 Íþróttir
 19.30 Veður
 19.35 Kastljós
 20.10 Íþróttafrek sögunnar
 20.40 Hefnd
 21.25 Hetjurnar Heimildarþáttaröð í sex hlutum um Dani sem hafa farið á nokkra af hættulegustu stöðum veraldar til að bjarga mannlífum.
 22.00 Tiufréttir
 22.15 Veðurféttir
 22.20 Skuggaleikur
 23.05 Brúin
 00.05 Kastljós
 00.35 Fréttir
 00.50 Dagskrárlök

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
 08.00 Everybody Loves Raymond
 08.20 Dr. Phil
 09.00 The Biggest Loser
 09.45 The Biggest Loser
 10.30 Pepsi MAX tónlist
 13.30 Cheers
 13.55 Dr. Phil
 14.35 Younger
 15.00 Top Chef
 15.45 The Good Wife
 16.25 Eureka
 17.05 America's Next Top Model
 17.50 Dr. Phil
 18.30 The Tonight Show
 19.10 The Late Late Show
 19.50 Black-ish
 20.15 Reign
 21.00 Blood & Oil
 21.45 Ray Donovan
 22.30 The Tonight Show
 23.10 The Late Late Show
 23.50 American Odyssey
 00.35 Girlfriends' Guide to Divorce
 01.20 Quantico
 02.05 Blood & Oil
 02.50 Ray Donovan
 03.35 The Tonight Show
 04.15 The Late Late Show
 04.55 Pepsi MAX tónlist

HAUSTVERKIN KALLA!

– vertu klár

MÚRBÚÐARVERÐ



TY2007X
Vinnuljóstastari ECO perur
2x400W tvöfaldur á fæti

6.590



TY2007K
Vinnuljóstastari
m handf 400W ECO
pera, 1,8m snúra

3.290



Rafmagnshitablásari
2Kw 1 fasa

6.890



Black&Decker
hábrýstidæla max bar 130

29.990

1700W, 370 lítr./klst.
Polir 50°C heitt vatn
5,5 metra barki, sápubox

Frábært verð
á stál- og plast-
pakrennum.

Sjá verðlista á
www.murbudin.is



SHA-2625
Vinnuljóstastari
Rone 28W m.
innst. blár. 1,8m
snúra

6.990



Rafhlöðuborvél 12V
2 gíra Liion rafhlaða kr.

11.990

Bor / brotvél með
höggi SDS Plus 800W
með meitlum og borum kr.

13.990



Hitabyssa 200W

3.290

Rafhlöðuborvél 18V
2 gíra Liion rafhl. kr.

13.990

Protool veltisög
250mm, 1800W,
borð 47x51 cm

48.990



Protool fjölnota verkfæri 220W
með 37 fylgihluti í tösku

11.990



Arges HKV-100GS15 1000W
1000W, 15 lítrar

24.900



Deka Hrað 5 kg

1.890



Meister fúgubursti með krók #4360430

2.590 (með auka vírbursta)



Bíla & gluggaþvotta-
kústur, gegn um
rennandi 116>180cm,
hraðtengi með lokun

2.660

ÍTÖLSK
GÆÐI



Soteco Base XP 315 1300W

35.990



Drive160 L steypuhrærivél

45.990

Rakapöplast 0,2x4x25m

11.990



Weber Milligróf
múrblanda 25 kg

1.890



Drive útdraganlegt
rafmagnskefli
15 metra

11.990



EP Pallettu-tjakkur
2 tonna lyftigeta

38.900



25 metra
rafmagnssnúra

5.490



Járnþúkkar sett = 2 stykki

4.690



MÚRBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Reykjavík Kletthálsi 7. Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16
Reykjanesbær Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!



Mynd af Simply Red frá árinu 1987.

Hljómsveitin **Simply Red** treður upp í annað sinn í Laugardalshöll

Sveitin Simply Red hefur verið starfandi frá árinu 1985 og spilaði í Laugardalshöllinni fyrir rúmum þrjátíu árum.

Breska sálar- og popphljómsveitin Simply Red sækir Ísland heim í annað sinn þann 31. maí næstkomandi og spilar á tónleikum í Laugardalshöll.

Sveitin spilaði hér á landi þann 16. júní árið 1986 ásamt hljómsveitinni Lloyd Cole & the Commotions á fyrra kvöldi Listapops á Listahátíð en seinna kvöldið tróðu hljómsveitirnar Madness og Fine Young Cannibals upp.

„Ég sá þá fyrir 30 árum í Laugardalshöll, þá voru þeir rétt að byrja feril sinn og það er gaman að geta

séð þá þrjátíu árum síðar á sama stað eftir allar þessar plötur og smelli sem þeir hafa gefið út.“ segir Guðbjartur Finnbjörnsson, sem flytur sveitina inn til landsins, glaður í bragði.

„Þeir eru á stórum þrjátíu ára afmælistúr núna sem heitir Big Love. Hann hefst í Evrópu núna síðar í október og sveitin spilar meðal annars í Þýskalandi, Frakklandi, Hollandi, Danmörku og það er allt meira og minna uppselt. Sveitin á dyggan aðdáendahóp og flott lög sem allir þekkja.“ segir

Guðbjartur og bætir við: „Sem dæmi spilar sveitin í O₂-höllinni í London í desember þrjú kvöld í röð og það er allt orðið uppselt þar þannig að það eru 60.000 manns að fara að sjá hana þar.“ Árið 2010 fór hljómsveitin í pásu en ákvað að fagna þrjátíu ára afmæli sínu með stæl og halda í tónleikaferð.

Guðbjartur segir sitt upphaldslag með hljómsveitinni vera Holding Back the Years sem finna má á fyrstu breiðskífu sveitarinnar, Picture Book, sem kom út árið 1985. Lagið náði fyrsta sæti á Billboard

Hot 100 listanum og varð númer tvö á UK Singles Chart sama ár og er annað lag sveitarinnar sem náði sæti númer eitt í Bandaríkjunum en lagið samdi söngvari og aðalsprautu sveitarinnar, Mick Hucknall, þegar hann var sautján ára gamall.

Hljómsveitin var upphaflega nefnd Red sem vísun í gælunafn söngvarans en hann skartaði áberandi rauðum lokkum en nafninu var breytt í Simply Red þegar hljómsveitin spilaði á tónleikastað í upphafi ferilsins og umboðsmaður staðarins átti í erfðleikum með að ná utan um nafn sveitarinnar. Þá svaraði Hucknall að nafnið væri „Red, simply Red“. Einhvers mis-skilnings varð vart og var nafnið Simply Red prentað á auglýsingaplaköt fyrir tónleikana og festist í kjölfarið við sveitina.

Hljómsveitin hefur á starfsævi sinni gefið út ellefu breiðskífur og selt yfir fimmtíu milljónir eintaka af plötum

en meðal helstu smella hennar er til að mynda ábreiða af laginu If You Don't Know Me by Now.

Mannskipan hljómsveitarinnar hefur breyst talsvert á síðustu þrjátíu árum en forsprakki og söngvari sveitarinnar er eini upphaflegi meðlimur hennar. Auk söngvarans verður átta manna hljómsveit á sviðinu og meðal þeirra er hljómborðsleikarinn Ian Kirkham sem spilað hefur með sveitinni síðan árið 1986.

Aðspurður segist Guðbjartur sjálfur þrælspenntur fyrir tónleikumum og lofar að sveitin taki alla sína helstu smelli og fleiri til á tónleikumum en miðasala hefst klukkan 10.00 þann 13. október á [midi.is.gydaloa@frettabladid.is](mailto:gydaloa@frettabladid.is)

Hucknall er þekktur fyrir rauða hárið en nafn sveitarinnar er vísun í gælunafn söngvarans.

- Hljómsveitin á rætur að rekja til borgarinnar Manchester á Englandi og var formlega stofnuð 1985.
- Simply Red var stofnuð af Mick Hucknall og umboðsmanninum Elliot Rashman og er nafnið Red vísun í hárlit söngvarans.
- Upprunalegir meðlimir voru auk Hucknalls þeir David Fryman, Tony Bowers, Fritz McIntyre, Tim Kellett og Chris Joyce, en Hucknall er nú eini upprunalegi meðlimur sveitarinnar.
- Sama ár kom fyrsta breiðskífa sveitarinnar út, Picture Book, en á henni má finna helsta smell sveitarinnar Holding

- Back the Years.
- Lagið er vinsælasta lag sveitarinnar og náði fyrsta sæti á Billboard Hot 100 listanum en söngvarinn og aðalsprautu sveitarinnar, Mick Hucknall, samdi lagið þegar hann var sautján ára gamall.
- Móðir Hucknalls yfirgaf hann og föður hans þegar Hucknall var þrjú ára gamall og segir hann þann atburð hafa veitt sé innblástur þegar hann samdi lagið.
- Simply Red hefur gefið út ellefu breiðskífur, þá síðustu, Big Love, þann 29. maí á þessu ári.
- Sveitin hefur selt yfir 50 milljónir ein-

- taka af plötum sínum.
- Í byrjun nóvember árið 2014 tilkynnti hljómsveitin að hún myndi halda í afmælistónleikaferð undir yfirskriftinni Big Love og mun sveitin koma fram víða í Evrópu, Ástralíu og Suður-Ameríku en Simply Red spiluðu í Laugardalshöll þann 16. júní árið 1986.
- Vinsælustu lög Simply Red eru, auk Holding Back the Years, A New Flame, It's Only Love, If You Don't Know Me By Now, For Your Babies, Stars, Money's Too Tight (to Mention), Fairground og Something Got Me Started.

Pönnusteiktur þorskur með basilíkumajónesi

Pönnusteiktur þorskur

900 g þorskur
5 kúfaðar matskeiðar af hveiti
2 egg
150 g brauðrasp
1-2 pressuð hvítlauksrif
Nokkrir stönglar af fersku rósmarín
Sitróna, skorin í báta

Sætir kartöflubátar

2 stórar eða 4-5 litlar sætar kartöflur
1-1,5 tsk. reykt paprika

Salt
Pipar
Ólífuolía

Basilíkumajónesi
4 basilíkustönglar
Sjávarsalt
2 msk. majónesi
Safi úr ½ sitrónu

Aðferð:
Hitið ofninn í 200°C. Afhýðið sætu kartöflurnar og skerið á lengdina í 8 báta. Leggið bátana

í eldfast mót og veltið þeim upp úr ólífuolíu og kryddum. Bakið í ofni í 35-40 mínútur. Takið fram þrjár skálar. Setjið hveiti í fyrstu skálina og kryddið með salti og pipar. Hrærið eggjum og setjið í aðra skálina. Setjið brauðrasp í þriðju skálina. Veltið þorskbitunum fyrst upp úr hveitiblöndunni, síðan hrærið eggjunum og að lokum brauðraspinu. Hitið ólífuolíuna við miðlungs-

hita á pönnu og bætið hvítlauknum og rósmaringreinunum í olíuna. Þetta er gert til að bragðbæta olíuna. Þegar hvítlaukurinn byrjar að krauma er þorskurinn bætt á pönnuna. Steikið þorskinn í nokkrar mínútur á hvorri hlið, þar til hann fær fallegan lit. Maukið basilíkulaufin í mortéli ásamt sjávarsaltinu. Bætið majónesi og sitrónusafa út í og blandið vel.

Uppskrift fengin af Ljufmeti.com.



16

2016

Komdu með bílinn í skoðun áður en skammdegið skellur á

GÓÐ
ÞJÓNUSTA
OG HAGSTÆÐ
KJÖR Á
SKOÐUNUM

FRÍTT

WI-FI, LJÚFFENG T GÆÐAKAFFI OG LITABÆKUR
FYRIR BÖRNIN Á MEÐAN ÞÚ BÍÐUR.

Bifreiðaskoðanir

Á ökutækjasviði Frumherja hf. er almennum skoðunum sinnt, s.s. aðalskoðunum, endurskoðunum, breytingaskoðunum, ástandsskoðunum og tjonaskoðunum. Einnig sinnir það skráningarstarfsemi vegna ökutækja, t.d. móttöku eigendaskiptatilkynninga, og veitir tæknilega þjónustu.

Starfsemi er á öllu landinu og eru starfræktar 32 skoðunarstöðvar í þeim tilgangi.

Frá 2002 hefur Frumherji einnig séð um framkvæmd skriflegra og verklegra ökuþrófa á Íslandi.

Ökuþrófin eru framkvæmd á 20 stöðum á landinu, sjá lista yfir prófstað á vefsíðu okkar www.frumherji.is



Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is



- örugg bifreiðaskoðun um allt land

Dauði vegna fíknar

Fræðslukvöld um missi tengdan fíkniefnaneyslu. Guðný Sigurðardóttir, móðir fíklis segir frá reynslu sinni í safnaðarheimili Háteigskirkju miðvikudaginn 7. október kl. 20. Kynntur stuðningshópur sem fer af stað í kjölfarið.

Aðgangur ókeypis, allir hjartanlega velkomnir.



www.nydogun.is • www.sorg.is • sorg@sorg.is

Láttu hjartað ráða

Ítalska ólífuolían mín er kaldpressuð úr lífrænt ræktuðum ólífum. Góð jafnt innvortis sem útvortis.

Sella



BONUS HAGKAUP



**FÉKKSTU EKKI
BLAÐIÐ Í MORGUN?
KOM ÞAÐ OF SEINT?**

Vinsamlegast láttu vita í gjaldfrjálst númer
800 1177 eða á dreifing@postdreifing.is

Post dreifing

Hjálpaðu okkur að bæta þjónustuna.

Blaðið á að berast þér fyrir kl. 7:15 virka morgna
og 8:15 á laugardögum

FRÉTTABLAÐIÐ



Gauti er gríðarlega spenntur fyrir þessu nýja tækifæri, þar sem hann stefnir á að finna athyglissýkinni góðan farveg. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Aætlar að vera hot stöff á skjánum

Rapparin **Emmsjé Gauti** afsannar mýtuna „þú kemst ekkert áfram á athyglissýkinni“, þegar hann tekur sér stöðu kynnis í Ísland Got Talent. Sjálfur tók hann þátt í Idol-Stjörnuleit fyrir tíu árum.

„Ég ætla ekkert að toppa Auða Blö, hann er frábær í sínu starfi og með mikla reynslu í sjónvarpi. Ég ætla bara að gera mitt vel. Það er bara heiður að vera á eftir manni eins og Auða, sem ég hef fylgst með síðan hann var í 70 mínútum að borða snakk og með strípur,“ segir Gauti Þeyr Másson, eða Emmsjé Gauti eins og hann kallast í daglegu tali. Gauta flestir úr rappsenunni en nú söðlar hann um á öðrum sviðum og mun hann taka við af Auðuni Blöndal sem kynnir þáttanna Ísland Got Talent, en Auðunn hefur sinnt því hlutverki undanfarnar tvær þáttaraðir.

Gott tækifæri

„Þetta er frábært, svolítið skrítið í byrjun þegar ég fékk samtalið og allt hálf súrrealískt. Ef ég hefði ekki verið varaður við að samtalið væri að koma, hefði ég haldið að þetta væri grín,“ segir Gauti og bætir auðmjúkur við: „Maður kemst ekki hjá því að hugsa til þess að maður hafi unnið sig upp á einhvern stað fyrst maður fær að vera með í svona stóru verkefni. Þetta er mjög gott tækifæri fyrir mig.“ Gauti segist gríðarlega spenntur fyrir verkefninu, ekki síst sé horft til þeirrar staðreyndar að hann er nýbakaður faðir.

„Það er nefnilega óskrifuð regla að pabbar þurfi að gera eitthvað sem gæti orðið vandræðalegt fyrir afkvæmið seinna meir. Svo ég lít svo

á að hér sé ég að haka í ákveðin box sem faðir. Þetta verður gaman.“

Annálaður athyglissjúklingur

Gauti segir verkefnið henta sér sérlega vel, en hann sé annálaður athyglissjúklingur sem njóti þess út í ystu æsar að koma fram.

„Fólk hefur haft gaman af, og mikla þörf fyrir að segja við mig: „Þú kemst ekkert áfram á athyglissýkinni,“ svo mér finnst alls ekki leiðinlegt afsanna þá mýtu. Ég gengst fyllilega við minni athyglissýki,“ bendir hann á og hlær.

Byrjaður í ræktinni

Hann skýtur jafnframt inn í að hann búi að býsna dýrmætri reynslu sjálfur, en hann tók þátt í Idol-Stjörnuleit fyrir heilum áratug síðan. Þannig geti hann bráðlega státað af því að hafa setið beggja vegna borðsins en á þeim tíma voru félagarnir Simmi og Jói kynnar.

„Þetta er auðvitað á netinu og lesendur Fréttablaðsins geta bara flett þessu upp á YouTube. Ég tók í framhaldinu þann pól í hæðina að

deila þessu sjálfur á netinu, áður en aðrir myndu gera það og taka mig þannig af lífi. En ég meina, maður á náttúrulega ekkert að vera að skammast sín fyrir að láta vaða. Og ég meina, núna eru tíu milljónir í boði,“ segir Gauti, sem hefur varla tíma til að klára spjallið.

„Ég er í þann mund að henda mér í ræktina. Ég samdi við Jón Gnarr um áskrift að Stöð 2 og kort í ræktina. Ég ætla klárlega að vera hot stöff á þessum pósterum og á skjánum,“ bætir hann við, lauffléttur.

Lokast þar hringurinn, en undanfarna viku hafa róteringar dómnefndar verið tilkynntar og öllum úr fyrri dómnefnd skipt út en dóm- arar í þriðju þáttaröð Ísland Got Talent verða þau Dr. Gunni, Jakob Frimann Magnússon, Marta María Jónasdóttir og Ágústa Eva Erlendsdóttir.

„Ég er einmitt mjög spenntur fyrir að fylgjast með Jakobi og Mörtnu ræða djasstónlist,“ segir Gauti glaður í bragði að lokum.

gudrun@frettabladid.is



ÞAÐ ER NEFNILEGA ÓSKRIFUÐ

REGLA AÐ PABBAR ÞURFI AÐ GERA EITTHVAÐ SEM GÆTI ORÐIÐ VANDRÆÐALEGT FYRIR AFKVÆMIÐ SEINNA MEIR. SVO ÉG LÍT SVO Á AÐ HÉR SÉ ÉG AÐ HAKA Í ÁKVEÐIN BOX SEM FAÐIR. ÞETTA VERÐUR GAMAN.

KFC

Gefðu með þér



**BLEIKA
FATAN**

6 bitar af klassískum kjúklingabítum til að taka með eða borða á staðnum.



**SVOO
GOTT**



Bakpankar

Erlu Bjargar Gunnarsdóttur



Frændsemi á Tinder

Ég ákvað að sýna gífurlegt hugrekki og þroskaða stefnumótaviðleitni með því að prófa Tinder. Hélt ég væri að demba mér út í djúpa laug rómantikur og spennandi skilaboða. En furðu fljótt urðu flettingar í forritinu eins og tölvuleikur í símanum. Í auglýsingahléi, á biðstofunni eða rauðu ljósi. Fer eftir stigi athyglisbrestsins. Yta til vinstri, hægri, vinstri, vinstri, vinstri, hægri – match! Eitt stig.

Maður tekur kannski Tinder ekki jafn alvarlega á eins litlum markaði og sá íslenski er. Það er auðvelt að henda vörunum í kórffuna en maður klárar ekki endilega viðskiptin. Svólitið eins og að vera í Kolaportinu og finnast margt sniðugt og skemmtilegt. Það passar við stílinn manns og myndi sóma sér vel sem stofustáss. En þar sem maður er bara með kort og nennir ekki að standa í því að fara í hraðbanka og taka út reiðufé þá heldur maður áfram leið sinni að næsta sölubás.

Ég ákvað samt að hugsa minn gang eftir óþægilegt atvik um daginn. Þá var ég í heilalausum flettingarleik að yta piparsveinum landsins hverjum í sína áttina yfir morgunkaffinu. Allt í einu birtist frændi sætur og strokinn fyrir framan mig. Þar sem þjálfadur þumalfingurinn er orðinn svo skilyrtur og sjálfstæður í karlamálum mínum, fleygði hann frænda á ógnarhraða lengst til hægri. Ég gaf frænda undir fótinn! Ég fann óeðlið krauma í maganum þegar risastórir grænir stafir mynduðu orðið LIKE yfir skjáinn minn. Sem er ekki hægt að taka til baka, sko. Ég vona að frændi sé ekki orðinn jafn firrtur og ég þannig að óþægilegasta match sögunnar gerist ekki í mínum síma. Svo ég tali nú ekki um jólaboðið eftir faeinar vikur.

Ég ihuga nú að fá mér Nokia 3110 og halda mig við Snake.

Sumt fólk á aldrei að eignast snjallsíma.

Opið allan sólarhringinn

í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka



Iceland

HEILL HELLINGUR AF NÝJUM ÞÁTTUM ÁSTÖÐ 3

3 FÁÐU STÖÐ 3 Á BETRA VERÐI Í HAUST

STÖÐ 3 +ENDALAUST TAL +1 GB Í GSM 1.990 kr. til 1. nóvember*

Fáðu þér áskrift í síma 1817 eða á 365.is

365

Það er rúm fyrir alla fjölskylduna...

Gerðu gæða- og verðsamanburð



Nýtt

Við kynnum Memory Deluxe heilsudýnu

Ævintýralega góð kaup!

Stærð	Verð dýnu	Verð m/ botni og fótum
80x200	49.900	82.400
90x200	59.900	92.400
120x200	79.900	117.400
140x200	89.900	127.400
160x200	99.900	142.400
180x200	119.900	162.400

- Millistífl sjö svæðaskipt heilsudýna sem styður rétt við líkamann og er á frábæru verði.
- Cool Memory efnablanda með aðlagast fullkomlega að líkamanum og gefur betri öndun.
- Góð þrýstijöfnun – Réttur stuðningur – Betri öndun. Tryggir betra blóðflæði sem gerir það að verkum að þú byltir þér minna og nærð dýpri og betri svefni
- Áklæðið má þvo og er einnig með "Non-slip" efni á botni dýnunnar.
- Botnarnir eru klæddir með PU leðri í dökkum eða ljósum lit. Íslensk framleiðsla

Stillanlegt hjónarúm með Memory heilsudýnum

2 x 80 x 200 cm

Verð frá kr. 339.900.-



Valhöll

5 svæðisskiptar heilsudýnur. Pokagormakerfi, gæðabólstun. Verð með PU-leðurbotni og fótum.

90x200 cm
Verð aðeins kr. 72.400.-
120x200 cm
Verð aðeins kr. 82.400.-
140x200 cm
Verð aðeins kr. 92.400.-



Heilsudýnur á frábæru verði Verðdæmi á Sögu, Freyju og Þór

Verð með botni og fótum

Þór 160x200 cm | Saga/Freyja 160x200 cm
Verð aðeins kr. 199.900.- | Verð aðeins kr. 149.900.-
Þór 180x200 cm | Saga/Freyja 180x200 cm
Verð aðeins kr. 219.900.- | Verð aðeins kr. 169.900.-

HEFEL

BED AND SLEEP

Hágða sængurverasett Ein bestu settin á markaðnum

Gömlu og góðu Jersey bómullarlökin 80 - 140 cm kr. 3000.- 150 - 193 cm kr. 4000.-

Litur: Beige

GREEN FUTURE
sleep evolution
Sængur og koddar í úrvali

Sængurverasett Nýjar sendingar 20-50 afsl. af eldri gerðum

Komdu og gerðu góð kaup!



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík

12 mán. vaxtalaugar greiðslur*

*3.5% lántökugjald

Svefn & heilsa

★★★★★

Fimm stjörnu verslun

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00